

**SKOÐUN** Katrín Jakobsdóttir skrifar um Ríkisútvarpið og dapurlega framtíðarsýn. 24



**MENNING** Hrafnhildur Sigurðardóttir segir málflutning forsætisráðherra lygilega sögufölsun. 48



**SPORT** Mögnuð undankeppni HM 2014 hjá Íslandi gerð upp í máli og myndum. 54







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
28. nóvember 2013
280. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



**Sprengjum beitt á síld** Sprengjusveit Landhelgisgæslunnar mun freista þess í dag að hrekja síldartorfuna út úr Kolgrafafirði með djúpsprengjum. 2

**Hallinn 25 milljarðar** Afkoma ríkissjóðs á þessu ári er mun verri en gert var ráð fyrir í gildandi fjárlögum. Ferðalög forseta kalla á hækkun á framlögum. 4

**Uppsagnir á RÚV** Starfsmönnum RÚV verður fækkað um 60 vegna niðurskurðar. 8

**Mikill tekjumunur** Meðallaun karla innan Flóabandalagsins eru 120 þúsundum hærri en meðallaun kvenna. 10




26

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 3° | SSV | 6 |
| Akureyri | 3° | S | 5 |
| Egilsstaðir | 2° | SSV | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | SA | 5 |
| Reykjavík | 4° | S | 4 |

**Úrkoma** sunnan- og vestanlands og einnig norðaustan til þegar líður á daginn. Fremur hægur vindur víðast hvar en hvessir sunnanlands í kvöld. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk




# Vilja að Íslandsvinir fóstri náttúruperlur

Ferðamálasamtök Íslands vilja nýja hugsun í fjármögnun uppbyggingar ferðamannastaða til skamms tíma. Reynd verði fjöldafjármögnun sem ryður sér víða til rúms.

**NÁTTÚRA** Stjórn Ferðamálasamtaka Íslands leggur til að höggvið verði á hnútinn um fyrirhugaða gjaldtöku af ferðamönnum með tímabundinni frjálsri fjöldafjármögnun (crowd funding). Um millileik væri að ræða á meðan framtíðarlausn er fundin á gjaldtöku.

Hugmyndin snýst um að fá almenning, fyrirtæki og ferðamenn til að kaupa sjálfviljugir ígildi náttúrupassa og styðja með því samfélagsverkefni sem snýst um uppbyggingu ferðamannastaða um land allt.

Ásbjörn Björgvinsson, formaður FÍ, segir mögulegt að hrinda verkefni sem þessu í framkvæmd ef samstaða næðist á breiðum vettvangi. Netið væri hins vegar þungamiðjan við að kynna verkefnið og koma upplýsingum á framfæri, og þá í gegnum erlendar ferðaskrifstofur, aðra ferðaþjónustuaðila og í raun alla sem vettlingi geta valdið.

Spurður um fordæmi segir Ásbjörn að ekki þurfi annað en að gúgla „crowd funding“ til að átta sig á að þetta fyrirkomulag er að ryðja sér til rúms um allan heim þar sem verið er að fjármagna ótrúlegustu hluti.

> „I ♥ Iceland“ gæti til dæmis verið nafnið á herferðinni
>
> *Úr greinargerð Ferðamálasamtaka Íslands*

Það sem FÍ telur ekki síst skipta máli er að átakið gæti, ef vel tekst til, nýst hér innanlands til að auka skilning og velvild almennings á því að vernda viðkvæma ferðamannastaði og gefa þjóðinni kost á að vera virkir þátttakendur í verkefni með jákvæðum formerkjum.

- shá / sjá síðu 6

Foreldrar vari börnin sín við:

# Reyndi að tæla börn inn í bíl

**LÖGREGLUMÁL** Ungur maður reyndi að lokka börn upp í bíl sinn í norðurhluta Grafarvogs fyrir síðustu helgi. Annars vegar unga stúlku og hins vegar ungan dreng, en hvorugt barnið lét plata sig. Í báðum tilvikum var um ungan mann á rauðleitum bíl að ræða.

Foreldrar barna í Vættaskóla í Grafarvogi fengu í gær sendan tölvupóst þar sem Jóhanna S. Vilbergsdóttir skólastjóri biður foreldra að ræða alvarlega við börnin um að þiggja ekki far, gjafir eða gylliboð frá ókunnugu fólki. Lögregla rannsakar málið en maðurinn er ófundinn.

„Það er venja að láta foreldra vita af slíku svo þau geti varað börnin við. Við erum mikið að minna börnin á þetta sjálf, eins og foreldrarnir heima. Við pössum hvert upp á annað,“ segir Jóhanna.

- skó



**HAUSUM MOKAÐ UPP** Starfsmenn Reykjavíkurborgar voru fljótir á vettvang og hirtu upp svínshausana, sem þrír menn dreifðu á lóð Félags múslima á Íslandi. Með þessu vildu mennirnir mótmæla byggingu mosku í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Svínshausar á moskulóð:

# Svínsblóði hellt á Kóraninn

**LÖGREGLUMÁL** Þrír menn dreifðu hausum og löppum af svínum og svínsblóði um lóð fyrirhugaðrar mosku í Sogamýri í gær. Mennirnir sögðu vegfarendum að tilgangur verknaðarins væri að mótmæla byggingu moskunnar. Krossar höfðu verið teiknaðir á lóðina með blóðinu. Þar að auki hafði Kóraninn, útataður í blóði, verið skilinn eftir og svínslöppum raðað í kringum hann.

Forsvarsmenn Félags múslima gefa lítið fyrir verknaðinn. „Þetta er sárt en engu að síður getur maður ekki annað en hlegið að þessu fólki og vorkennt því,“ segir Salmann Tamimi, varaformaður félagsins.

Í hegningarlögum segir að hver sem „opinberlega dregur dár að eða smánar trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags“ skuli sæta sektum eða fangelsi. Lögreglan rannsakar málið.

- skó

Helgarnámskeið njóta aukinna vinsælda meðal framhalds- og háskólanema:

# „Hefði líklega ekki náð prófinu“

**NÁMSMENN** „Hefði ég ekki farið á þetta námskeið þá hefði ég líklega ekki náð prófinu,“ segir Ragnheiður Braga Geirsdóttir, 24 ára nemandi í félagsráðgjöf í Háskóla Íslands. Hún er ein af fjölmörgum nemendum sem hafa skráð sig á námskeið hjá Nóbel námsbúðum.

Í námsbúðunum er boðið upp á helgarnámskeið fyrir nemendur í framhalds- og háskólum.



RAGNHEIÐUR B. GEIRSDÓTTIR



DANÍEL ÞÓR IRVINE

Nemendur sem hafa lítið fylgst með yfir önnina nýta sér námskeiðin til að rifja upp fyrir próf og ná þeim.

„Laugardag og sunnudag lærði ég meira en ég hafði gert alla önnina,“ segir Daníel Þór Irvine, 25 ára viðskiptafræðinemi í Háskóla Íslands, en hann sótti námskeiðið Inngangur að fjárhagsbókhaldi hjá Nóbel.

- glp / sjá síðu 40










## SPURNING DAGSINS



Gauti, skilar netið flestum aðdáendum?

**„Já, út með netið, þeir fiska sem róa."**

Rapparinn Gauti Þeyr Másson, betur þekktur sem Emmsjé Gauti, þakkar internetinu velgengni sína en lög hans hafa notið mikilla vinsælda á Youtube.

Þingflokkur Bjartrar framtíðar leggur til breytingar á lögum um mannanöfn:

# Mannanafnanefnd verði aflögð

**ALÞINGI** Þingflokkur Bjartrar framtíðar hefur lagt fram frumvarp þess efnis að mannanafnanefnd verði lögð niður og að heimilt verði að taka upp ættarnöfn.

Í greinargerð frumvarpsins segir að nöfn varði fyrst og fremst einkahagi fólks og persónurétt þess, en síður hagsmuni alls almennings. Þá hafi núgildandi lög um mannanöfn sætt gagnrýni, sér í lagi úrskurðir mannanafnanefndar.

Ekki er langt síðan borgarstjóri Reykjavíkinga, Jón Gnarr, kvartaði undan mannanafnanefnd á fésbókarsíðu sinni.

Þar útskýrði hann að samkvæmt opinberri skráningu væri nafn hans Jón Gunnar Kristinsson, því hann mætti ekki taka upp ættarnafnið Gnarr. Hann benti jafnframt á að mannanafnanefnd hefði á tíunda áratugnum neyðst til að breyta reglum um nöfn innflytjenda, þar sem þær reyndust vera mannréttindabrot. - eb



**MANNANÖFN** Jón Gnarr og Óttarr Proppé leggjast gegn tilvist mannanafnanefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Atvinnuleysi eykst milli ára:

# Fimm prósent í októbermánuði

**ATVINNA** Atvinnuleysi í október var fimm prósent samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Að jafnaði voru 183.000 manns á vinnumarkaði og þar af 177.000 starfandi og 9.300 án atvinnu. Samanborið við október á síðasta ári hefur atvinnuleysi aukist um 0,6 prósentustig.

Atvinnuþátttaka hefur aukist á milli ára um 2,6 prósentustig og er nú 81,5 prósent. Hlutfall starfandi jókst um 2,1 prósentustig á milli ára og var 77,5 prósent. - skó



**SLYSSTAÐUR SKOÐAÐUR** Starfsmaður skoðar sig um eftir að slys varð á Itaquerao-leikvanginum í Sao Paulo. MYND/EPA

Banaslys við byggingu fótboltaleikvangs fyrir HM í Brasilíu:

# Byggingarkrani féll á leikvang

**BRASILÍA Tveir menn létust þegar byggingarkrani féll á þak Itaquerao-leikvangsins í Brasilíu í gær.**

**Verið er að byggja leikvanginn fyrir heimsmeistarakeppnina í fótbolta sem haldin verður í Brasilíu í sumar og verður upphafsleikur keppninnar spilaður á vellinum.**

**Þetta er þriðja banaslysið sem verður við uppbyggingu leikvanga fyrir HM.** - skó

Björt framtíð fær mest fylgi:

# Heldur fylgi Besta flokksins

**REYKJAVÍK** Fylgi Samfylkingarinnar í Reykjavík eykst um sex prósentustig og er 21 prósent samkvæmt Þjóðarpúlsi Gallup.

Töluverðar breytingar hafa orðið á fylgi í Reykjavík frá síðustu könnun. Fylgi Bjartrar framtíðar mælist 34 prósent sem er þremur prósentustigum minna en fylgi Besta flokksins var í kosningunum árið 2010.

Sjálfstæðisflokkurinn er með 29 prósent fylgi sem er lækkun um tvö prósentustig. Vinstri grænir eru með 9 prósenta fylgi og Framsóknarflokkurinn mælist með rúm 3 prósent. Rúmlega fjögur prósent svarenda myndu kjósa aðra flokka. - skó

Berlusconi rekinn af þingi:

# Sorgardagur, segir Berlusconi

**ÍTALÍA** Ítalska þingið rak í gær Silvio Berlusconi, fyrrverandi forsætisráðherra landsins, af þingi og svipti hann þar með þinghelgi. Það þýðir að hann þarf að afplána dóm vegna skattsvika og kynferðislegs samneytis við ólögráða stúlkur.

Hann sagði daginn vera sorglegan fyrir lýðræði en flokkur hans yrði áfram hluti af stjórnmálum á Ítalíu. Fyrir nokkrum vikum óhlýðnuðust þingmenn og ráðherra flokksins skipunum frá honum um að hætta af stuðningi við samsteypustjórn landsins. Þá var ljóst að áhrif hans á stjórnmál í Ítalíu væru orðin lítil. - skó

# Síldartorfan sprengd út úr Kolgrafafirði

Gömul aðferð við síldarsmölun með sprengiefni verður reynd í Kolgrafafirði. Sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar annast aðgerðina. Bjarni Sigurbjörnsson, bóndi á Eiði, telur ennþá einu lausnina til lengdar að loka firðinum.

**NÁTTÚRA** Þess verður freistað að hrekja síldartorfuna út úr Kolgrafafirði með djúpsprengjum. Sprengjusveit Landhelgisgæslunnar mun annast aðgerðina, en aðferðin er þekkt frá síldveiðum fyrri tíma.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra tók í gær yfir samhæfingu aðgerða vegna síldarinnar í Kolgrafafirði. Eftir fund ráðuneyta og lykilstofnana í samhæfingarstöð almannavarna var ákveðið að ráðast í fælingaraðgerðir með djúpsprengjum í firðinum. Aðgerðirnar voru jafnframt kynntar á fundi með heimamönnum í Kolgrafafirði síðdegis í gær.

Nokkrar vonir eru bundnar við að aðgerðin geti gert gæfumuninn, en smölun á síld með djúpsprengjum var notuð með góðum árangri við síldveiðar fyrr á árum þó þessi aðferð sé víðast hvar bönnuð í dag. Hafa ber þó hugfast að aðgerð sem þessi, að reka tugi þúsunda tonna af síld út úr firði, hefur aldrei verið reynd áður.

Bjarni Sigurbjörnsson, bóndi á Eiði í Kolgrafafirði, segir það hafa komið flatt upp á heimilisfólk þegar fjöldi manns frá Landhelgisgæslu og lögreglu renndi í hlað í gær. Hugmyndin um smölun síldarinnar með sprengingum hafi ekki verið nefnd fyrr.

„Við vorum fullvissuð um að við yrðum lítið vör við aðgerðina, en ég hafði áhyggjur af því að þeir ræki síldina hérna upp í vatnið við bæinn eða upp í fjöru. Þeir munu koma fyrir sprengju til að koma í veg fyrir það," segir Bjarni. Hann segist vongóður um árangur en óttast mjög að það verði skammgóður vermir; síldin muni koma strax aftur inn í fjörðinn enda virðist hún hafa fundið kjöraðstæður til vetrardvalar í firðinum.

„Ég er enn þeirrar skoðunar að það verði að loka firðinum, og það sé það eina sem virkar til lengdar. En þetta er vel tilraunarinnar virði," segir Bjarni.

Fylgst verður grannt með árangri aðgerðanna, magni síldar og súrefnisstöðu fjarðarins í því skyni að geta gripið til aðgerða á ný með skömmum fyrirvara þegar og ef þurfa þykir. Hafrannsóknastofnun verður við mælingar; bæði á magni síldar og hvort sprengingarnar beri tilætlaðan árangur. Ekki hefur verð hætt við fyrri áætlun um að reyna að reka síldina burt með hljóðum frá háhyrningum, heldur bíður hún sem hluti af vopnabúrinu í Kolgrafafirði ef þörf krefur. svavar@frettabladid.is



**SPRENGJUSVEIT VIÐ STÖRF** Sérfræðingar Landhelgisgæslunnar munu annast sprengjulögnina í Kolgrafafirði og nýta báta af varðskipinu Þór við þá vinnu. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

## Varðskipið Þór stjórnstöð í Kolgrafafirði

Varðskipið Þór lagði af stað áleiðis til Kolgrafafjarðar í gær vegna aðgerðanna og munu bátar á vegum Landhelgisgæslunnar koma smásprengjunum fyrir í firðinum á morgun.

Vegna aðgerðanna verður Kolgrafafjörður lokaður á morgun fyrir bátaumferð og veiði og vegurinn innan fjarðar verður sömuleiðis lokaður almennri umferð. Eftir sem áður verður opið fyrir umferð um brúna sjálfa, en ekki verður heimilt að stöðva ökutæki á brúnni.




Pevaryl® 1% krem (econazolnítrat) er breiðvirkt sveppalyf til staðbundinnar meðferðar á sveppasýkingum í húð (af völdum Trichophyton, Epidermophyton og Microsporum tegunda, hvítsveppasýkingu (candidiasis), litbrigðasveppasýkingu (pityriasis versicolor)). Hentar vel gegn öllum húðsveppasýkingum óháð tegund eða staðsetningu. **Skammtar:** Berist á sýkt húðsvæði kvölds og morgna, nuddist varlega inn með fingri. Fyrir meðferð við fótsveppum skal þvo fætur og þurrka þá vel. Við sýkingu á höndum berist kremið á eftir hvern handþvott. Meðferð á að vara í minnst 2 vikur eftir að einkenni eru horfin. Börn yngri en 10 ára mega eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Einungis til útvortis notkunar, má ekki nota í augu eða munn. Gæta skal varúðar við meðhöndlun nálægt augum. Inniheldur bensósýru sem getur haft væg ertandi áhrif á húð, augu og slímhúð og bútýlhýdroxýanisól sem getur valdið staðbundnum aukaverkunum í húð (snertiexemi) eða haft ertandi áhrif á augu og slímhúð. **Meðganga / brjóstagjöf:** Kremið má ekki nota á fyrsta þriðjungi meðgöngu nema skv. læknisráði. Má nota á öðrum og síðasta þriðjungi ef hugsanlegur ávinningur fyrir móðurina vegur þyngra en möguleg hætta fyrir fóstrið. Ekki er þekkt hvort Pevaryl berst í brjóstamjólk. Gæta skal varúðar við notkun Pevaryl hjá konum með barn á brjósti. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.


Vanskil vegna þjónustugjalda aukast og flestir sjúklingar falla utan gjaldtöku:

# Legugjöldin ganga ekki upp

**HEILBRIGÐISMÁL** Forstjóri Landspítalans segir að ekki muni ganga að innheimta legugjöld miðað við þær áætlanir sem koma fram í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014, þar sem flestir sjúklingar spítalans falla utan gjaldtökunnar. Þá hafi vanskil einstaklinga vegna þjónustugjalda spítalans aukist.

Óinnheimtar viðskiptakröfur Landspítalans vegna einstaklinga hafa hækkað umtalsvert síðastliðin ár. Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um innheimtu gjalda fyrir þjónustu heilbrigðisstofnana, kemur fram að óinnheimtar viðskiptakröfur Landspítalans á einstaklinga fyrir árið 2011 voru samtals 47,2 milljónir króna, en í júní 2013 voru þær 102 milljónir króna.

**102** milljónir króna voru óinnheimtar viðskiptakröfur Landspítalans á einstaklinga í júní 2013.

Heilbrigðisráðherra hefur gefið það út að aldraðir, öryrkjar og börn muni ekki greiða fullt legugjald. Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir að ef miðað sé við að legugjöldin verði tólf hundruð krónur fyrir hverja nótt gangi dæmið ekki upp, þar sem aldraðir eru um helmingur sjúklinga spítalans og hátt hlutfall eru öryrkjar og börn. „Þá eru fáir eftir sem geta greitt gjöldin," bendir Páll á. - eb



**LEGUGJÖLD** Aðeins lítill hluti sjúklinga sem leggjast þurfa inn á Landspítalann mun greiða fullt legugjald, segir Páll Matthíasson, forstjóri spítalans.

# ALLAR VÖRUR*

# TAX FREE

# Í DAG

OPIÐ TIL
21:00
Í SKÚTUVOGI
Í KVÖLD

## Risa Tax Free um land allt aðeins í dag

**fimmtudaginn 28. nóvember**

*Gildir ekki af tilboðsvörum, WEBER grillum og KitchenAid vörum

*Gildir ekki af vörum merktum „lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti af almennum vörum og 6,54% af matvöru.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## SVONA ERUM VIÐ



**Þegar ferðaáform Íslendinga voru könnuð fyrir árið 2013**

**kom í ljós að níu af hverjum tíu svarendum höfðu áform um ferðalög á árinu.**

34,9% ætluðu í borgarferð erlendis, 34,0% í ferð innanlands með vinahópi eða klúbbfélögum og 26,0% í borgar- eða bæjarferð innanlands. 17,5% ætluðu í sólarlandaferð, svo eitthvað sé nefnt. *Heimild: Ferðamálastofa*

Kjörstjórn vegna forvals Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningar í Reykjavík skipuð í næstu viku:

# Biðlað til Bjarkar Vilhelms að halda áfram

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Við ætlum að hittast næstkomandi þriðjudag og skipa kjörstjórn vegna forvals flokksins í Reykjavík,“ segir Kjartan Valgarðsson, formaður flokksstjórnar. Það verður svo kjörstjórnar að ákveða framkvæmd forvalsins.

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi sækist eftir fyrsta sætinu og þykir öruggur um að hreppa það. Oddný Sturludóttir sem skipaði annað sætið á lista Samfylkingarinnar fyrir síðustu kosningar ætlar ekki að gefa kost á sér.

Ekki er vitað hvort Björk Vilhelmsdóttir, sem skipaði þriðja sætið fyrir síðustu kosningar, ætlar að halda áfram. Björk bauð sig fram til þings í fyrra en náði ekki kjöri. Hún er nú varaþingmaður. Björk lýsti því yfir í vor að hún myndi hætta í borgarstjórn ef hún næði kjöri á þing. Einhverjir hafa skorað á Björk að halda áfram, Kjartan Valgarðsson er einn þeirra. „Ég bið til guðs á hverjum degi að Björk haldi áfram,“ segir hann.

Hjálmar Sveinsson sem skipaði fjórða sætið fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar mun hafa hug á að halda áfram.

Sigrún Elsa Smáradóttir sem skipaði sjöunda sætið sagði í samtali að hún væri hætt og Margrét Sverrisdóttir segist ekki búin að ákveða hvort hún taki þátt prófkjöri. - jme



KJRATAN VALGARÐSSON

BJÖRK VILHELMSDÓTTIR

Lífið með blaðinu á morgun:

## Umhverfisvænn hönnuður

**LÍFIÐ** Eva Dögg Rúnarsdóttir fatahönnuður prýðir forsíðu Lífsins á morgun. Hún rekur eigin verslun í Kaupmannahöfn og hefur nú hannað sínu fjórðu skólínu fyrir Shoe the bear. Svava Sigbertsdóttir einkaþjálfari er orðin vinsæl meðal stjarnanna í Bretlandi og þjálfar X-Factor dómarann Nicole Scherzinger. Jónas Breki Magnússon gullsmiður er með Rokk og Rólskartgripalínuna Breka. Magnea Einarsdóttir fatahönnuður er með töffaralega prjónalínu sem verður fáanleg í kvenfatadeild JÖR í desember og hvað gera frægir í tilefni aðventunnar?



EVA DÖGG RÚNARSDÓTTIR

Fín veiði fyrir vestan:

## 100 tonnum af hausum landað

**SJÁVARÚTVEGUR** Frystitogarinn Örfirisey RE er nú að veiðum á Vestfjarðamiðum og hefur veiðiferðin staðið í tæpa viku. Í veiðiferðinni á undan var aflinn rúm 600 tonn af fiski upp úr sjó og auk hausaðs og heilfrysts fisks og frystra flaka var skipið með um 100 tonn af hausum sem allir nýtast til þurrkunar í landi eða útflutnings.

Símon Jónsson, sem var skipstjóri í veiðiferðinni, segir á heimasíðu HB Granda að þorsk- og ufsahausarnir fari í þurrkun, en eru einnig seldir frosnir úr landi. Karfahausarnir eru hins vegar seldir frystir úr landi og nýtast sem beita í krabbagildrum. - shá

# Hallinn á ríkissjóði rúmir 25 milljarðar

Afkoma ríkissjóðs á þessu ári er mun verri en gert var ráð fyrir í gildandi fjárlögum. Rekstrarkostnaður ríkisstjórnarinnar hækkar um 100 milljónir og aukin ferðalög forseta kalla á hækkun á fjárframlögum í frumvarpi til fjáraukalaga.

**ALÞINGI** Frumvarp til fjáraukalaga var lagt fram á Alþingi í gær. Samkvæmt frumvarpinu lækka tekjur ríkisins verulega miðað við þá áætlun sem gildandi fjárlagafrumvarp tekur mið af.

Upphaflega var gert ráð fyrir að ríkissjóður yrði rekinn með 3,7 milljarða króna halla en nú stefnir í að hallinn verði 25,5 milljarðar króna.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að efnahagsbatinn hafi verið hægari en áætlanir gerðu ráð fyrir og lækkar það tekjur ríkisins um 11,6 milljarða. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að falla frá virðisaukaskatti á hótel- og gistináttaþjónustu og breytingar á sérstöku veiðigjaldi kosta ríkissjóð 3,7 milljarða. Áform um tekjur af eignasölu munu ekki ganga eftir og arðgreiðslur til ríkisins lækka.

Í frumvarpinu eru lagðar til fjölmargar breytingar á útgjaldaliðum. Embætti forseta Íslands fær þannig 14 milljóna króna viðbótarframlag meðal annars vegna endurnýjar á tækjabúnaði, viðhaldsverkefna og aukinna ferðalaga í tengslum við opinberar heimsóknir. Eftir bankahrun var ákveðið fækka ferðalögum forseta en ákveðið var að fjölga þeim á ný á þessu ári.

Rekstrarkostnaður ríkisstjórnarinnar hefur líka hækkað á milli ára, meðal annars vegna fjölgunar ráðherra og aðstoðarmanna. Kostnaðurinn hækkar um rúmar hundrað milljónir og fer úr 240 milljónum miðað við áætlanir upp í tæpar 340 milljónir.

### Hækkun á framlögum í fjáraukalögum

í milljónum króna

| | |
|---|---|
| Forsetaembættið | 14 milljónir |
| Rekstur ríkisstjórnarinnar | 97 milljónir |
| Almannatengslafyrirtæki vegna makríldeilunnar | 22,5 milljónir |
| Útlendingastofnun vegna hælisleitenda | 368 milljónir |
| Sérfræðihópar um skuldatillögur | 40 milljónir |
| RÚV vegna gervihnattaþjónustu | 35 milljónir |
| Hafrannsóknastofnun vegna síldardauða í Kolgrafafirði | 31 milljón |

### BREYTINGAR FRÁ FJÁRLÖGUM 2013

| TEKJUR | GJÖLD | |
|---|---|---|
| -23,7 milljarðar | -1,9 milljarðar | Tekjur lækka mun meira en niðurskurður á útgjöldum. |

Aðrir útgjaldaliðir hækka líka. Sérfræðihópur ríkisstjórnarinnar í skuldamálum kostar þannig 40 milljónir en ekki var gert ráð fyrir störfum þessa hóps í fjárlagafrumvarpinu. Útlendingastofnun fær tæpar 370 milljónir til að standa straum af auknum kostnaði við hælisleitendur. Í lok septembermánaðar höfðu 137 sótt um hæli hér á landi en í fyrra voru umsóknir 83. Þá fær stofnunin líka aukið framlag til að hraða málsmeðferð í málefnum hælisleitenda. hks@frettabladid.is

➜ Útlendingastofnun fær tæpar 370 milljónir til að standa straum af auknum kostnaði við hælisleitendur.



**AKUREYRI** Allt að eitt hundrað milljónum verður varið í átakið á næsta ári.

Bæjarstjórn Akureyrar:

## Tillögur fyrir umhverfisátak

**UMHVERFISMÁL** Í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar í fyrra ákvað bæjarstjórn Akureyrar að verja allt að hálfum milljarði króna í sérstakt umhverfisátak næstu fimm árin.

Framkvæmdaráð vann áætlun eftir þeim ríflega 200 tillögum sem bárust í byrjun þessa árs og nú er óskað eftir nýjum tillögum frá bæjarbúum fyrir árið 2014.

Á næsta ári, líkt og á því síðasta, verða allt að eitt hundrað milljónir lagðar í átakið og er fjárveitingin einkum ætluð til nýframkvæmda og stofnbúnaðarkaupa sem tengjast umhverfismálum í sveitarfélaginu. - fb

Vilja styðja íþróttahreyfingu:

## Móta stefnu um afreksfólk

**ALÞINGI** Fjórir þingmenn Sjálfstæðisflokksins lögðu í gær fram þingsályktunartillögu um að mennta- og menningarmálaráðherra móti heildstæða stefnu um afreksfólk í íþróttum. Stefnan yrði unnin í samstarfi við Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og sveitarfélög. Stefnan yrði tímasett samhliða því að fjárhagslegur stuðningur við afreksfólk yrði tryggður.

Í greinargerð með tillögunni segir að afreksíþróttir hafi skipað veglegan sess meðal landsmanna og fólkið verið góð landkynning á erlendri grund. - skó




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**KÓLNAR OG HLÝNAR Á VÍXL** næstu daga og því verður sú úrkoma sem fellur ýmist á formi rigningar, slyddu eða snævar. Meiri líkur eru á rigningu og slyddu sunnan og vestan til en slyddu eða snjókomu norðan- og austanlands.




**Á morgun**
Strekkingsvindur með SA og A-ströndinni annars hægari.




**Laugardagur**
Strekkingsvindur eða allhvasst um allt land.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Berlín | 8° | Friedrichshafen | 3° | Las Palmas | 24° | New York | 1° | París | 6° |
| Aþena | 15° | Billund | 9° | Gautaborg | 9° | London | 9° | Orlando | 17° | San Francisco | 16° |
| Basel | 4° | Frankfurt | 3° | Kaupmannahöfn | 9° | Mallorca | 13° | Ósló | 4° | Stokkhólmur | 6° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Katla

# PIPARKÖKU-HÚSALEIKUR

## BYRJAÐU STRAX AÐ HANNA DRAUMAPIPARKÖKUHÚSIÐ






Allir sem taka þátt fara sjálfkrafa í pott og geta unnið glæsilega **KitchenAid** hrærivél

**GLÆSILEGIR VINNINGAR**

**50.000 kr.** gjafabréf frá Debenhams
**40.000 kr.** gjafabréf frá DÚKA
**30.000 kr.** gjafabréf frá Líf og list
**Barnaflokkur** 66° Norður peysa & bíómiðar

Skil á húsum er miðvikudaginn **4. desember**
**milli klukkan 16 og 19** í Smáralind.

Nánar á **katla.is**




**KOMDU FJÖLSKYLDUNNI Í JÓLASKAP!**
Einfaldaðu málið. Piparkökumixið og glassúrinn hentar arkitektum á öllum aldri

Líf&List SMÁRALIND · DEBENHAMS · 66° NORÐUR · SMÁRALIND · DÚKA

H:N Markaðssamskipti / SÍA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða dómstóll hefur ákveðið að taka fyrir mál Geirs H. Haarde gegn íslenska ríkinu vegna Landsdómsmálsins?
**2.** Í hversu mörgum löndum eru íslensk fyrirtæki og stofnanir með jarðvarmaverkefni?
**3.** Hvaða sundkona segist alltaf vera svöng?

**SVÖR:**
**1.** Mannréttindadómstóll Evrópu. **2.** Í 40 löndum. **3.** Eygló Ósk Gústafsdóttir

Seyðfirðingar ósáttir við leit að nýrri viðkomuhöfn fyrir ferjuna Norrænu:

# Boði um viðræður ekki svarað

**SVEITARSTJÓRNIR** „Enn þann dag í dag hafa hvorki borist formlegar né óformlegar óskir um viðræður eða skoðanaskipti frá Smyril-Line, þrátt fyrir munnlegt boð bæjarstjóra Seyðisfjarðar til forstjóra Smyril-Line í símtali um slíkt,“ segir bæjarstjórn Seyðisfjarðar vegna umleitana skipafélagsins um nýja viðkomuhöfn fyrir ferjuna Norrænu.

Smyril-Line hefur átt í viðræðum við Fjarðabyggðarhafnir um viðkomu fyrir Norrænu að vetrarlagi á Eskifirði eða Reyðarfirði. Ástæðan er ótrygg leið yfir Fjarðarheiði.

„Þessi ákvörðun stjórnenda Smyril-Line var tekin án þess að ræða við eða tilkynna Hafnarsjóði Seyðisfjarðar, aðila samnings um hafnaraðstöðu á Íslandi, svo sem kveðið er á um samkvæmt samningnum,“ segir bæjarstjórnin og minnir á að ferjulægið á Seyðisfirði sé sérstaklega byggt til að þjóna ferjusiglingum Norrænu. Það hafi verið fjármagnað af ríkissjóði og Hafnarsjóði Seyðisfjarðar. - gar



**NORRÆNA Á SEYÐISFIRÐI** Mikil fjárfesting er í ferjuhöfninni á Seyðisfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mótmæli frá Akureyri:

# Skeri ekki niður í Hveragerði

**HEILBRIGÐISMÁL** Náttúrulækningafélag Akureyrar mótmælir áformuðum 5 prósenta niðurskurði á framlagi ríkisins til Heilsustofnunar NLFÍ í Hveragerði.

„Þeim niðurskurði er bætt við ótæpilegan niðurskurð liðinna ára þegar stofnunin hefur mátt þola meiri lækkun framlaga en aðrar heilbrigðisstofnanir þrátt fyrir að viðurkennt sé að stofnunin veiti góða þjónustu gegn lægra verði en aðrar stofnanir,“ segir í ályktun félagsfundar. - gar

Skip HB Granda á heimleið eftir breytingar:

# Úr frystingu á ísfisk

**ATVINNUMÁL** Ísfisktogari HB Granda, Helga María AK, er nú á heimleið eftir umfangsmiklar breytingar og endurbætur sem gerðar voru á skipinu í Alkor-skipasmíðastöðinni í Gdansk í Póllandi. Er reiknað með því að heimsiglingin taki rúma fimm sólarhringa þannig að ef allt gengur að óskum er von á Helgu Maríu til hafnar í Reykjavík nú um miðja viku, eins og segir á heimasíðu fyrirtækisins.

Stjórn HB Granda tók þá ákvörðun fyrr á þessu ári að láta breyta Helgu Maríu úr frystitogara í ísfisktogara og var samið við Alkor-skipasmíðastöðina um verkið. Var skipið komið til Póllands um mánaðamótin júní og júlí.

Að sögn Gísla Jónmundssonar, skipaeftirlitsmanns HB Granda, sem haft hefur eftirlit með framkvæmd verksins í Póllandi fyrir félagið, eru breytingarnar á Helgu Maríu umfangsmiklar og þótt skipið sé farið frá Póllandi muni enn nokkur tími líða þar til það kemst á veiðar. Helgast það m.a. af því að eftir er að setja niður nýtt vinnsludekk í skipið.

Það verk munu starfsmenn 3X Stáls (3X Technology) sjá um en að auki koma fleiri fyrirtæki að lokafrágangi á Helgu Maríu. - shá



**HELGA MARÍA AK** Skipið hefur tekið stakkaskiptum eftir breytingar í Alkor-stöðinni í Póllandi. MYND/RÓSA MARÍA TÓMASDÓTTIR.


ÞAKKARGJÖRÐAR
KALKÚNN
Á HÓTEL CABIN



Hin rómaða þakkargjörðarveisla Hótel Cabin verður haldin dagana 28. og 29. nóvember.

Verð í hádegi: 3.100 kr.
Verð á kvöldin: 4.150 kr.

Léttir djasstónar verða leiknir yfir borðhaldi á föstudagskvöldinu. Borðapantanir í síma 511 6030.

Hotel Cabin


# Fjöldafjármögnun lausn til bráðabirgða

**Ferðamálasamtök Íslands gera það að tillögu sinni að reyna fjöldafjármögnun við uppbyggingu ferðamannastaða á meðan álitamál um gjaldtöku eru til lykta leidd. Ótrúlegustu hlutir eru fjármagnaðir með þessum hætti um heim allan.**

**FERÐAPJÓNUSTA** Stjórn Ferðamálasamtaka Íslands leggur til að höggvið verði á hnútinn um fyrirhugaða gjaldtöku af ferðamönnum með tímabundinni frjálsri fjöldafjármögnun (crowd funding). Hugmyndin snýst um að fá almenning, fyrirtæki og ferðamenn til að kaupa ígildi náttúrupassa og styðja með því samfélagsverkefni sem snýst um uppbygginguferðamannastaða um land allt.

Ásbjörn Björgvinsson, formaður FÍ, segir hugmyndina vera leið út úr því öngstræti sem umræðan um náttúrupassa er komin í.

„Meðan engin samstaða er um eina tiltekna leið þá væri þetta millileikur sem hægt væri að byrja á strax næsta vor. Við sjáum fyrir okkur að þetta yrði valkvætt og ekki þröngvað upp á einn eða neinn. En það er með þetta eins og allt annað sem þú ert að selja að ef það er gert nægilega fýsilegt, áhugavert, þá er hægt að ná árangri,“ segir Ásbjörn.

Útfærsla verkefnisins yrði sú að kynningin færi fram í gegnum erlendar sem innlendar ferðaskrifstofur og aðra ferðaþjónustuaðila. Komið yrði fyrir lógói á heimasíðum þar sem hægt væri að leita upplýsinga og fróðleiks um til hvers átakið væri ætlað. „Þar velur hver og einn það sem honum hentar og fyrir vissa upphæð fengist lykill á leiki og fjölbreytta kosti til að vinna til verðlauna. Eins mætti hugsa sér að hægt væri að fá afslátt af þjónustu hjá ferðaþjónustunni, svona svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Ásbjörn og bætir við að netið yrði vettvangur átaksins en einnig þyrfti að virkja stóra aðila eins og olíufélögin til að styðja verkefnið. Eins næði þetta til allra upplýsingamiðstöðva ferðamála út um land. „Við verðum að fá alla greinina til leiks og að taka þátt í kynningunni.“



**HUGMYNDASMIÐUR** Telur að hugsa verði út fyrir rammann á meðan bestu varanlegu lausnar á gjaldtöku af ferðamönnum er leitað.

## Framkvæmdin undir stjórn fagfólks

Ferðamálasamtökin sjá fyrir sér að söfnunarféð myndi renna í sjóð sem lyti sérstakri fagstjórn. Fjármunum yrði síðan deilt út til uppbyggingar, þróunar nýrra áfangastaða, til sveitarfélaga, landeigenda og annarra. Við þennan hluta verkefnisins er litið til tillögu Boston Consulting Group (BCG) sem kynnt var fyrir stuttu. Að mati BCG væri tekjunum af náttúrupassa best varið þannig að fjórðungi yrði útdeilt sem styrkjum en sama upphæð rynni í lágvaxta lánasjóð fyrir ferðaþjónustuna. Tíu prósent myndu fara til umsýslu en 40% rynnu beint til ferðamannastaðanna í hlutfalli við aðsókn.

Spurður um fordæmi segir Ásbjörn að ekki þurfi annað en að gúgla „crowd funding“ til að átta sig á að þetta fyrirkomulag er að ryðja sér til rúms um allan heim þar sem ótrúlegustu hlutir eru fjármagnaðir.

Það sem FÍ telur ekki síst skipta máli er að átakið gæti, ef vel tekst til, nýst hér innanlands til að auka skilning og velvild almennings gagnvart því að vernda viðkvæma ferðamannastaði og gefa þjóðinni kost á að vera virkir þátttakendur í verkefni með jákvæðum formerkjum. svavar@frettabladid.is

Forsætisráðherra Lettlands segir af sér vegna þakhrunsins í Riga:

# Forsætisráðherra axlar ábyrgð

**LETTLAND, AP** Valdis Dombrovskí, forsætisráðherra Lettlands, sagði af sér í gær. Ástæðan er harmleikurinn sem varð í Riga í síðustu viku þegar þak stórverslunar hrundi með þeim afleiðingum að 54 manns létu lífið og tugir slösuðust.

„Varðandi þennan harmleik og allt sem honum tengist, þá þarf landið ríkisstjórn sem hefur meirihlutastuðning á þingi og getur komið með lausn á þeirri stöðu sem komin er upp í landinu,“ sagði Dombrovskí við blaðamenn eftir að hann hafði gengið á fund Andris Berzins forseta til að tilkynna honum um afsögn sína.

Lögreglan rannsakar þakhrunið sem sakamál og skoðar í þeim tengslum hugsanlegar orsakir hrunsins. Nefnt hefur verið að hönnunargallar gætu hafa verið á húsinu eða byggingarefnin hafi ekki verið nægilega vönduð, og einnig hefur verið nefnt að spilling kunni að hafa átt sinn þátt í því hvernig fór.

Dombrovskí varð forsætisráðherra árið 2009, þegar djúp efnahagskreppa var að skella á í Lettlandi. Hann hefur verið gagnrýndur fyrir harkalegar aðhaldsaðgerðir, bæði skattahækkanir og niðurskurð á ríkisútgjöldum, sem hann taldi óhjákvæmilegt til að ráða við kreppuna. - gb



**VALDIS DOMBROVSKÍ** Segir að Lettland þurfi nú ríkisstjórn sem hafi meirihlutastuðning á þingi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


BORGAÐU EFTIR 14 DAGA EÐA MEÐ RAÐGREIÐSLUM
Þegar þú verslar með Netgíró í verslunum eða á netinu velurðu þægindi og öryggi. Þú færð vöruna afhenta áður en þú greiðir fyrir hana, þarft aldrei að gefa upp viðkvæmar persónuupplýsingar og getur greitt með raðgreiðslum eða valið 14 daga greiðslufrest.
Netgíró
Betri leið til að borga

# Skorið niður á RÚV

**Niðurskurður hjá Ríkisútvarpinu leiðir til þess að starfsmönnum verður fækkað um 60. Beinar uppsagnir eru 39. Draga þarf rekstrarkostnað saman um 500 milljónir. Fréttamenn segja uppsagnir leiða til minni fréttaþjónustu en áður.**




**RÍKISÚTVARPIÐ** Niðurskurður leiðir til fjöldauppsagna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FJÖLMIÐLAR** Starfsmönnum Ríkisútvarpsins fækkar um sextíu í kjölfar fjöldauppsagna á dagskrárgerðarfólki og tæknimönnum stofnunarinnar í gær. Alls var 39 sagt upp, flestum á útvarpsdeild stofnunarinnar.

Stærstur hluti uppsagnanna kemur til framkvæmda nú þegar. Í öðrum tilvikum voru gerðir starfslokasamningar eða tímabundnir samningar ekki endurnýjaðir. Þá var nokkrum verktakasamningum einnig sagt upp.

Í tilkynningu frá útvarpsstjóra var farið yfir helstu ástæður uppsagnanna. Þar kom fram að draga þurfi árlegan rekstrarkostnað Ríkisútvarpsins saman um 500 milljónir króna. Einnig kom fram að fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fæli í sér tæplega 300 milljóna króna raunlækkun á tekjum Ríkisútvarpsins samanborið við síðasta ár. Skerðingin sé 400 milljónir, sé miðað við það sem gert hafi verið ráð fyrir í gildandi fjárlögum. Þá lækki áætlaðar auglýsingatekjur um rúmlega 100 milljónir króna milli ára vegna samdráttar á markaði. Jafnframt muni útvarpsgjald, sem rennur óskert til Ríkisútvarpsins frá og með árinu 2016, lækka um 500 milljónir króna. Til viðbótar kemur til framkvæmda um næstu áramót lækkun á tekjum af kostnun og auglýsingum sem nemur 400 milljónum króna.

Átta fréttamönnum var sagt upp á fréttastofu RÚV, þar af tveimur íþróttafréttamönnum. Um áhrifin segir Hallgrímur Indriðason, formaður Félags fréttamanna, að fréttaþjónusta muni minnka í kjölfarið. „Einhverjir fréttatímar verða aflagðir og einhverjir styttir. Þess munu sjást merki í fréttaþjónustunni að fréttamönnum hefur fækkað. Íþróttaumfjöllunin er löskuð líka. Fólk mun taka eftir þessu í dagskránni, sérstaklega á Rás 1 og Rás 2.“

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra segir að það hafi staðið til í nokkurn tíma að segja upp starfsfólki hjá RÚV og að niðurskurðurinn komi til vegna stöðu ríkissjóðs. Hann segist ekki eiga von á því að breytingar verði gerðar á fjárlagafrumvarpinu í meðförum þingsins.

Uppsögnunum var mótmælt harðlega og í gærkvöldi höfðu tæplega sjö þúsund manns skrifað undir ákall til menntamálaráðherra um að afturkalla uppsagnirnar og niðurskurðinn. Þá voru auglýst mótmæli fyrir utan Útvarpshúsið í hádeginu dag.

eva@frettabladid.is

## Uppsagnir á RÚV

- Fækkað um 60 starfsmenn.
- 39 beinar uppsagnir.
- 500 milljóna króna samdráttur í rekstrarkostnaði.
- 100 milljóna króna lækkun kostunar- og auglýsingatekna.




**RICHARD BRANSON** Auðkýfingurinn segir bitcoin nýjan og spennandi gjaldmiðil. NORDICPHOTOS/AFP

Hægt að borga fyrir geimferðir Virgin með bitcoin:

# Styttist í fyrsta flugið

**VIÐSKIPTI** Breski auðkýfingurinn Sir Richard Branson mun taka við stafræna gjaldmiðlinum bitcoin frá þeim sem ætla að kaupa ferð út í geiminn í gegnum fyrirtæki hans Virgin Galactic.

Í samtali við fréttastofuna NBC sagði hann þetta „nýjan og spennandi gjaldmiðil“ en hann var kynntur til sögunnar árið 2008. Miðinn út í geim kostar 250 þúsund dali, eða um þrjátíu milljónir króna.

Branson hefur tilkynnt að fyrsta farþegaflugið út í geim verði farið á næsta ári. Branson og börn hans Holly og Sam verða um borð í geimfarinu SpaceShipTwo sem þýtur af stað frá Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum.

NBC mun fylgjast með förinni í beinni útsendingu. „Virgin Galactic er himinlifandi með að NBC Universal fari með okkur í þessa fyrstu ferð út í geiminn,“ sagði Branson. „Í þessum fyrsta kafla geimferða viljum við gera geiminn aðgengilegri og fá almenning úti um allan heim til að taka þátt í könnun alheimsins og til að vera hluti af nýjungum í vísindum.“

Sharon Scott, forseti og framkvæmdastjóri Peapock Productions sem er hluti af NBC News, er spennt fyrir beinu útsendingunni. „Þátttaka Sir Richards og barnanna hans í fyrsta farþegafluginu út í geiminn verður einn eftirminnilegasti atburður sjónvarpssögunnar.“ - fb

zero Emission

NISSAN
Innovation that excites



HANNAÐUR **FYRIR ÍSLAND**

Nýja **EURO LEAF** gerðin af þessum vinsælasta rafbíl í heimi er hönnuð fyrir íslenskar aðstæður.

Nissan EURO LEAF
VERÐ 4.990 ÞÚS. KR.

**Við bjóðum viðskiptavinum okkar:**

- **5 ára ábyrgð á rafhlöðu**
- Upphitaða rafhlöðu fyrir örugga drægni á köldum dögum
- **Fullan aðgang að hraðhleðslustöðum Orkuveitu Reykjavíkur**
- Funheitan bíl á hverjum morgni með íslausum rúðum
- Öll sæti upphituð auk hita í stýri
- USB-tengi fyrir íslenska tónlist
- 5,8" snertiskjá með bakkmyndavél
- **Fullkomnasta rafbílaverkstæði landsins og aðgang að sérþjálfuðum starfsmönnum fyrir NISSAN EURO LEAF rafbíla**

ENNEMM / SÍA / NM60357

Öllum Nissan Leaf sem BL selur fylgir 5 ára ábyrgð á rafhlöðu og tengdum háspennuhlutum.

5 YEAR WARRANTY BATTERY AND ALL EV COMPONENTS 100 000 KM

NISSAN LEAF VAR FYRSTI RAFBÍLLINN Í HEIMINUM
sem hlaut 5 stjörnur í Euro NCAP árekstrarprófunum árið 2012.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# DEBENHAMS

*gjafavörudagar*

## 20% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM BARA Í DAG*





## 30%** AFSLÁTTUR AF:

- VÖLDUM SLOPPUM FYRIR DÖMUR OG HERRA
- ÖLLUM UNDIRFÖTUM FRÁ PRESENCE
- VÖLDUM ÚLPUM FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
- ÖLLUM LEIKFÖNGUM
- HÚFUM, VETTLINGUM OG TREFLUM FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA





*Gildir ekki af MAC snyrtivörum.
**Gildir út sunnudag

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 20.11.13 – 27.11.13







1 Skuggasund
Arnaldur Indriðason

2 Lygi
Yrsa Sigurðardóttir







3 Ólæsinginn sem kunni að reikna
Jonas Jonasson

4 Húmör í Hafnarfirði
Ingvar Viktorsson







5 Rangstæður í Reykjavík
Gunnar Helgason

6 Vísindabók Villa
Vilhelm Anton Jónsson







7 Tímakistan
Andri Snær Magnason

8 Látið síga piltar
Óskar Magnússon







9 Iceland Small World
Sigurgeir Sigurjónsson

10 Árleysi alda
Bjarki Karlsson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

PENNINN Eymundsson


Stór samsteypustjórn hægrimanna og sósíaldemókrata reynd á ný:

# Merkel og Gabriel náðu saman

**ÞÝSKALAND** Leiðtogar kristilegra demókrata og sósíaldemókrata, þau Angela Merkel og Sigmar Gabriel, náðu samkomulagi í fyrrinótt um að mynda svonefnda stóra samsteypustjórn, en þetta verður í annað sinn í sögunni sem slík stjórnarmyndun er reynd í Þýskalandi.

Stjórnarmyndunarviðræður flokkanna tveggja hafa staðið yfir í nokkrar vikur, en kosningar voru haldnar 22. september. Merkel byrjaði á að ræða við Græningja um hugsanlegt stjórnarsamstarf áður en viðræður við sósíaldemókrata hófust fyrir alvöru.

Töluverðrar tortryggni gætir reyndar gagnvart Merkel og hægri flokka hennar meðal flokksmanna í Sósíaldemókrataflokknum, en nú verða þeir spurðir álits og er búist við niðurstöðu úr atkvæðagreiðslu meðal þeirra um miðjan desember.

„Andi þessa samkomulags er sá að við myndum stóra samsteypustjórn til að takast á við stór verkefni fyrir Þýskaland,“ sagði Merkel við blaðamenn í gær. - gb



**SÁTTMÁLINN UNDIRRITAÐUR** Sigmar Gabriel og Angela Merkel ásamt Horst Seehofer, leiðtoga systurflokks kristilegra demókrata í Bæjaralandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Mánaðarlaun karla 120 þúsundum hærri

**Leiðbeinendur á leikskólum fá 252 þúsund á mánuði. Fólki sem hefur miklar fjárhagsáhyggjur fjölgar innan vébanda Flóabandalagsins. Mestar fjárhagsáhyggjur hafa þeir sem eru í atvinnuleit eða standa höllum fæti á vinnumarkaði.**

**KJARAMÁL** Að meðaltali hafa karlar 120 þúsund krónum hærri laun en konur í verkalýðsfélögunum þremur sem tilheyra Flóabandalaginu. Heildarlaun karla eru að meðaltali 414 þúsund krónur á mánuði en konur bera að meðaltali 294 þúsund krónur úr býtum. Þetta er meðal þess sem kemur fram í könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir bandalagið.

Félögin þrjú sem eru innan vébanda Flóabandalagsins eru Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, Hlíf í Hafnarfirði og Efling í Reykjavík.

Hæstu heildarlaunin eru í álverum, að meðaltali hafa þeir sem starfa þar 468 þúsund í mánaðarlaun, næsthæstu launin hafa þeir sem starfa við flutninga og samgöngur, 452 þúsund, og litlu lægri laun hafa byggingarstarfsmenn, eða 448 þúsund á mánuði.

Þetta eru mun hærri laun en þeir fá sem sinna umönnunarstörfum eða starfa sem leiðbeinendur á leikskólum. Þeir sem vinna við umönnun fá að meðaltali 298 þúsund krónur á mánuði, leiðbeinendur á leikskólum eru að meðaltali með 252 þúsund.

Samkvæmt könnuninni sem gerð var fyrir Flóabandalagið eru konur mun ósáttari við laun sín en karlar, 64 prósent kvenna eru ósátt en innan við helmingur karla. Ósáttastir eru þeir sem vinna sem leiðbeinendur á leikskólum og við umönnun. Um það bil átta af hverjum tíu sem eru í þessum starfsstéttum eru óánægð.

Þá kemur fram í könnuninni að heildarvinnutími karla í fullu starfi er 48,6 tímar á viku og kvenna 41,3.

Annað sem vekur athygli er að hópurinn sem segist hafa áhyggjur af fjárhag sínum fer stækkandi en 56 prósent félagsmanna segja að þeir hafi miklar fjárhagsáhyggjur samanborið við 48 prósent árið 2012. Þeir sem eru án vinnu og þeir sem hafa veika stöðu á vinnumarkaði skera sig úr en 73 prósent þeirra sögðust hafa miklar áhyggjur af fjármálum.

Könnunin var gerð í gegnum síma í september. Úrtakið var 2.781 og var svarhlutfall 39 prósent. johanna@frettabladid.is



**MIKLU MUNAR** Samkvæmt könnun sem Flóabandalagið lét gera munar miklu á launum fólks eftir því hvaða starfsstétt það tilheyrir. FRÉTTABLAÐIÐ /GVA

## HEILDARLAUN EFTIR KYNI Í FLÓABANDALAGINU

| Meðallaun karla | Meðallaun kvenna |
|---|---|
| ♂ 414 þús. | ♀ 294 þús. |

*Flóabandalagið samanstendur af Hlíf í Hafnarfirði, Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og Eflingu í Reykjavík.*

## Meðalheildarlaun einstakra stétta

| | |
|---|---|
| Starfsmaður í álveri | 468 þúsund á mánuði |
| Byggingarverkamaður | 452 þúsund á mánuði |
| Flutningaverkamaður | 448 þúsund á mánuði |
| Starfsmaður við umönnun | 298 þúsund á mánuði |
| Leiðbeinandi á leikskóla | 252 þúsund á mánuði |

Þétting byggðar í nýju aðalskipulagi sem bæjarstjórn samþykkti einróma:

# Fjörutíu þúsund í Kópavogi 2024

**SKIPULAGSMÁL** Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti einróma á þriðjudagskvöld nýtt aðalskipulag fram til ársins 2024.

Í aðalskipulaginu er áhersla á þéttingu byggðar. „Áætlað er að íbúafjöldi bæjarins verði kominn yfir 40 þúsund árið 2024. Miðað er við að fullgerðar verði um 300 íbúðir á ári þangað til,“ segir í frétt frá Kópavogsbæ. Tæplega 32 þúsund manns búa í Kópavogi í dag.

Segir í frétt bæjarins að leitað hafi verið víðtæks samráðs við íbúa bæjarins við endurskoðun aðalskipulagsins. Fundir hafi verið í öllum hverfum og að leitast hafi verið við að virkja íbúana með því að opna vefgátt. „Alls 31 athugasemd barst við sjálfa tillöguna á kynningartíma nú á haustdögum og var á lokametrunum unnið úr þeim,“ segir í fréttinni.

Í nýja skipulaginu eru skilgreind nokkur þróunarsvæði í Smáranum, að meðtöldum Glaðheimum, Auðbrekku og á Kársnesi. Þessi svæði á að skoða nánar síðar. Einnig er gert ráð fyrir nýrri byggð í Vatnsendahlíð.

Þá á að vinna nánar að skipulagi í fimm hverfum bæjarins; Kársnesi, Digranesi, Smáranum, Fífuhvammi og á Vatnsenda. - gar



**KÓPAVOGUR** Meðal annars verður litið til Kársness við þéttingu byggðar í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LJÓSATRJÁM OG ÚTI GERVIJÓLATRJÁM

Á LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI 13:00-17:00, KOMA JÓLAVEINNINN OG MAURINN Í HEIMSÓKN OG GEFA ÖLLUM KRÖKKUM JÓLANAMMI OG SVALA, OG ALLIR KRAKKAR-GETA TEKIÐ ÞÁTT Í LÉTTUM LEIK.

VELI LINE DENMARK

**LED-JÓLATRÉ 70 CM**
3 stk., 70 cm á hæð með 24 LED-perum hvert. IP44-vottað.
VERÐ ÁÐUR 3.495,-



**2.445,-!**



VELI LINE DENMARK

**LED-JÓLATRÉ**
Hæð 120 cm, með 80 LED-perum. V IP44-vottað. VERÐ ÁÐUR 2.995,-

**2.095,-**

VELI LINE DENMARK

**PÍLUTRÉ**
Hæð 100 cm, með 100 LED-perum. IP44-vottað. VERÐ ÁÐUR 4.995,-

**3.495,-**



VELI LINE DENMARK

**GERVIJÓLATRÉ MED LED SERÍU**
Fást í nokkrum stærðum, með hvítum eða marglitum LED perum. T.D 120 cm með 60 hvítum LED perum. IP44-vottað.
VERÐ ÁÐUR 7.995,-

**5.595,-!**

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 28. nóvember til og með sunnudeginum 01. desember 2013. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

**BAUHAUS REYKJAVIK** - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavik - www.bauhaus.is




VILTU HÆTTA AÐ REYKJA?

Nicovel®
lyfjatyggigúmmí

**Nicovel Fruit** og **Nicovel Mint** lyfjatyggigúmmí, innihalda 2 mg af nikótíni sem nikótín resinat. Nicovel er ætlað reykingamönnum 18 ára og eldri. Ekki má nota Nicovel ef um er að ræða ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðru innihaldsefni tyggigúmmísins eða ef þú reykir ekki. Leitið ráða hjá lækni áður en Nicovel er notað ef: þú hefur nýlega fengið hjartaáfall eða heilablóðfall, þú hefur fengið ofnæmisviðbrögð (ofsabjúgur) eða útbrot með kláða (ofsakláði). Einnig ef þú ert með: brjóstverk, hjartakvilla sem hefur áhrif á hraða eða takt hjartsláttar, ómeðhöndlaðan háþrýsting, lifrarsjúkdóm, nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettumerg (krómfíklaæxli), magasár eða bólgu í vélinda. Einstaklingar undir 18 ára aldri ættu ekki að nota Nicovel nema því sé ávísað af lækni. **Viðeigandi skammtur fyrir fullorðna getur haft mikil eituráhrif eða verið banvænn fyrir lítil börn.** Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicovel í samráði við lækni. Skammtar eru einstaklingsbundnir og valdir út frá nikótínþörf. Yfirleitt er nóg að nota 8-12 tyggigúmmí á dag. Hámarksskammtur er 24 stykki á dag. Nánari upplýsingar um notkun er að finna í fylgiseðli lyfsins. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: Orifarm Generics A/S. Umboð á Íslandi: Icepharma hf. Lynghálsi 13, 110 Reykjavík.

BÓNUS 598 kr


Nýjar leiðir opnast með breyttu aðalskipulagi beggja vegna Fossvogs:

# Brú yfir Fossvog sett á skipulag

**SKIPULAGSMÁL** „Vistvænar samgöngur“ yfir Fossvog eru komnar inn á aðalskipulag bæði í Kópavogi og í Reykjavík eftir að nýsamþykktar breytingar á aðalskipulagi hvors sveitarfélags fyrir sig.

„Þetta þýðir að nú eru komnar forsendur til þess að taka þetta verkefni áfram á næsta stig ef vilji er til þess,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi.

Starfshópur á vegum sveitarfélaganna lagði fyrr á þessu ári til hjóla- og göngustíg frá vesturhluta Kársness að brautarenda Reykjavíkurflugvallar.

„Næstu skref gætu falist í því að fara yfir fjármögnun Kópavogs, Reykjavíkur og Vegagerðarinnar en einnig þarf að fara vel yfir alla umhverfisþætti og hvernig mannvirkið gæti samrýmst siglingum á svæðinu,“ segir Ármann. Brú með vistvænum samgöngum myndi breyta stöðu Kársness innan höfuðborgarsvæðisins og tengja betur saman byggðir í Fossvogi. - gar



**FOSSVOGSBRÚIN** Hugmyndin er að Fossvogsbrú þjóni gangandi vegfarendum og hjólreiðafólki en mögulega gæti hún líka þjónað strætisvögnum. MYND/ALARK

Þingsályktunartillaga frá BF:

## Vilja seinka klukkunni

**ALÞINGI** Þingmenn Bjartrar framtíðar vilja seinka klukkunni á Íslandi um klukkustund og fá þannig bjartari morgna. Í gær lögðu þeir fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar. Þar segir að valin verði hentug tímasetning, innan árs frá samþykkt tillögunnar, til að breyta klukkunni. Þó að lokinni kynningu í þjóðfélaginu.

Í greinargerð segir að miðað við gang sólar sé Ísland rangt skráð og síðan 1968 hafi alltaf verið stillt á sumartíma. - skó

# Bretar spá í nýjan flugvöll úti fyrir mynni Thamesár

Borgarstjórinn í London hefur sýnt mikinn áhuga á því að nýr flugvöllur rísi úr sæ. Hann á að vera á manngerðri eyju úti fyrir mynni Thamesár og kosta andvirði 9.000 milljarða króna samkvæmt nýjum áætlunum.

**BRETLAND** Verði hugmyndir Boris Johnsons, borgarstjóra í London, að veruleika verður ný eyja gerð úti fyrir mynni Thamesár. Á eyjunni verður nýr flugvöllur, sem tæki við af Heathrow-flugvelli sem mikilvægasti alþjóðaflugvöllur Bretlands.

Undirbúningur er þegar kominn nokkuð á veg og hefur fyrirtækið Testrad, sem sér um undirbúninginn, nú þegar kynnt fyrstu drög að hönnun og útfærslu flugvallarins.

Íbúar í London hafa nefnt áformin eftir borgarstjóranum og kalla eyjuna Boris-eyju. Í plöggum frá Testrad og í opinberum skjölum er hins vegar talað um Brittania-flugvöllinn, sem á að kosta 47,3 milljarða punda, eða jafnvirði rúmlega 9.000 milljarða króna.

Hugmyndin er sú að ný flugvallarbygging verði reist við norðurbakka Thamesárósa, en nýjar hraðlestir flytji farþega til og frá London.

Flugvöllurinn yrði í 80 kílómetra fjarlægð frá Charing Cross lestarstöðinni í London, en hraðlestirnar eiga að geta flutt fólk þessa vegalengd á 30 til 40 mínútum.

Reiknað er með að flugvöllurinn geti orðið að veruleika innan sjö ára, en á næstu árum er því spáð að flugfarþegum muni fjölga verulega. Howard Davies, formaður flugvallanefndar bresku stjórnarinnar, skýrði nýlega frá því að á næstu árum verði að finna lausn á þessu og fjölga flugbrautum í suðausturhluta Bretlands.

Töluverð umræða hefur verið um nauðsyn þess að stækka Heathrow-flugvöll til að anna þessari væntanlegu auknu eftirspurn.

Johnson borgarstjóri segir marga kosti við að gera nýjan flugvöll á tilbúinni eyju úti fyrir ströndinni. Þar með losni íbúar í grennd flugvalla bæði við linnulítinn hávaða og hættuna á flugslysum, sem fylgir flugumferð yfir íbúðarhúsum þeirra.

Auk þess losni fólk við það rask sem fylgir nýjum flugbrautum á landi, því þær yrði vart hægt að leggja nema með því að rífa mikið af byggingum á því landsvæði, sem færi undir framkvæmdirnar.

Líklegt þykir að Heathrow-flugvelli verði lokað fari svo að nýja flugvallareyjan verði að veruleika.

gudsteinn@frettabladid.is

➜ **Staðsetning vallarins**






**BORIS-EYJA** Íbúar í London hafa nefnt áformin eftir borgarstjóranum, Boris Johnson. MYND/TESTRAD


GOTT ÚRVAL AF NÝLEGUM GÆÐABÍLUM



MM Lancer Invite 1.8
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 19.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð
2.190.000,-



MM Pajero 3,2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 43.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
8.490.000,-



Mitsubishi ASX
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 28.000 km, beinsk.
Ásett verð
3.950.000,-



Tilboð 2.190.000,-

MM Pajero 3,5 Dakar
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 119.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
2.790.000,-



MM Pajero 3,2 Intense
Árgerð 2009, dísil
Ekinn 102.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
5.690.000,-

Komdu og skoðaðu úrvalið!
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

# NÚ ER TÆKIFÆRI

## SÝNINGAR- OG REYNSLUAKSTURSBÍLAR Á TILBOÐI TIL ÁRAMÓTA

NISSAN SUBARU ISUZU D-MAX BMW LAND ROVER RENAULT











### EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF NÝJUM BÍLUM

Bjóðum til sölu valda sýningar- og reynsluakstursbíla á sérstökum vildarkjörum til áramóta. Stórglæsilegir bílar á frábæru tilboði meðan birgðir endast.

**Láttu okkur gera þér tilboð í gamla bílinn þinn.**

**HAFÐU BEINT SAMBAND VIÐ SÖLUMENN Í GEGNUM WWW.BL.IS**









B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. |
|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi |
| www.bilahusid.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 |

# FJÓRIR FJÖRUGIR BARNADAGAR

## Penninn Eymundsson




NÝ VARA!

**Nýtt! Myndaspil Emil í Kattholti**
Vildarverð stk kr. 2.799
Fullt verð stk kr. 3.499

**Nýtt! Myndaspil Lína Langsokkur**
Vildarverð stk kr. 2.799
Fullt verð stk kr. 3.499




20% Vildarafsláttur




**Teikniborð, litir, skapalón ofl. samtals 50 stk í kassanum**
Vildarverð kr. 2.399
Fullt verð kr. 2.999

**Föndurdúskar, kastali**
Vildarverð kr. 1.439
Fullt verð kr. 1.799




**Settu saman draumahestinn**
Vildarverð stk kr. 2.959
Fullt verð stk kr. 3.699



**Dúkka með hljóði**
Vildarverð kr. 3.039
Fullt verð kr. 3.799




**Angry Birds bolti með hljóði**
Vildarverð kr. 2.399
Fullt verð kr. 2.999

20% Vildarafsláttur



**Fjarstýrður bíll, 360° Twister**
Vildarverð kr. 5.199
Fullt verð kr. 6.499



20% Vildarafsláttur

**Smíðasett fyrir unga smiði**
Vildarverð kr. 3.199
Fullt verð kr. 3.999




NÝ VARA!

**Lína Langsokkur púsl, 54 bita**
Vildarverð kr. 3.199
Fullt verð kr. 3.999




NÝ VARA!

**Emil í Kattholti púsl, 100 bita**
Vildarverð kr. 3.999
Fullt verð kr. 4.999




50% Vildarafsláttur




**Bókabox**
Vildarverð stk kr. 1.999
Fullt verð stk kr. 3.999

**Einstaklega flottir og skemmtilegir kassar sem innihalda bók, leikföng og þroskaleiki fyrir ungabörn.**

**Búðu til þinn bangsa**
Vildarverð kr. 2.399
Fullt verð kr. 2.999

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd




**Skrímslið litla systir mín**
Skemmtilegt ævintýri fyrir allan aldur.
Verð kr. 3.999




**Stína stórasæng**
Stína stórasæng heldur kuldanum úti með öllum ráðum.
Verð kr. 3.499




**Súrsæt skrímsli**
Súrsæt skrímsli er frábær og bráðskemmtileg bók.
Verð kr. 2.999




**Strokubörnin á Skuggaskeri**
Hér bætist enn ein frábær bók í fjársjóðskistu íslenskra barna.
Verð kr. 4.299




**MÓI HREKKJUSVÍN - KÚREKI Í ARISÓNA**
Mói siglir á ísjaka til Ameríku og ætlar að búa til heimagerð nagladekk.
Verð kr. 3.499




**Órar**
Fyrsta bókin í þríleik. Unglingar hafa rifið í sig og ritdómarar keppst við að lofa.
Verð kr. 2.999







**Rangstæður í Reykjavík**
Fótbolti fylgir!
Verð kr. 4.299




**Annáll eldsins**
Önnur bókin í þríleiknum um Bækur upphafsins.
Verð kr. 4.499




**Lífsreglur Ólafíu Arndísar**
Sprenghlægileg saga um ólátabelginn Ólafíu.
Verð kr. 3.999

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 28. nóvember til og með 1.desember eða á meðan birgðir endast.

# ÁSTAND HEIMSINS





**ELDGOS Á INDÓNESÍU** Þorpsbúar á vélhjóli skammt frá fjallinu Sinabung, sem hefur verið að spúa ösku undanfarna daga. Fjallið hefur gosið af og til síðustu árin, en hafði fram að því ekkert látið á sér kræla í fjögur hundruð ár. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**MÓTMÆLENDUR Í TAÍLANDI** Mikið skrið er komið á mótmælendur í Taílandi sem krefjast þess að ríkisstjórnin segi af sér hið fyrsta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**KALT Í KASMÍR** Nyrst á Indlandi sátu þessir veiðimenn í bátum sínum úti á Dal-vatni, umluktir þoku í kuldanum þar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VEIÐIMAÐUR Á SRÍ LANKA** Þessi veiðimaður ber afla sinn áleiðis til fiskmarkaðar í höfuðborginni Kólombó, þar sem hann vonast til að fá þokkalegt verð fyrir. NORDICPHOTOS/AFP



**EFTIR HAMFARIRNAR Á FILIPPSEYJUM** Jaysel Mosquito, sex ára gömul, ásamt föður sínum Jason sem er að brýna sögina fyrir utan bráðabirgðahúsnæði þeirra í bænum Palo. Fellibylurinn Haiyan olli þar miklu tjóni eins og víðar á eyjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HERMIR EFTIR KIM JONG UN Í HONG KONG** Tónlistarmaðurinn Howard, sem er fæddur í Ástralíu en býr í Hong Kong, hefur klætt sig upp eins og Kim Jong Un, leiðtogi Norður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






**Á FARALDSFÆTI Í BANDARÍKJUNUM** Shay Owens og Bryan Jordan eru í hópi milljóna Bandaríkjamanna sem hafa ferðast á milli landshluta síðustu daga til að heimsækja ættingja sína á þakkargjörðardeginum, sem er í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FLÓÐ Í JEMEN** Mikið úrhelli kom með skyndiflóðum í Jemen, syðst á Arabíuskaganum, og þurftu stjórnvöld að grípa til ráðastafana vegna aurskriða og grjóthruns. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®

IBTGBB35140

## TOPPLYKLASETT 35 STK.

Toppar 3/8" 6 - 24mm
Djúpir toppar 8 - 19mm
Kertatoppar
Stáltaska



**11.900** m/vsk
Fullt verð 15.395

IBTGCAI2802

## TOPPLYKLASETT 28 STK.

Toppar 1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska



TILBOÐ

**9.900** m/vsk
Fullt verð 15.520

IBTGCAI106B

## VERKFÆRASETT 106 STK.

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32mm
Fastir lyklar 6 - 22mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

TILBOÐ



**18.900** m/vsk
Fullt verð 32.884

IBTGCAI9601

## VERKFÆRASETT 96 STK.

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska



**22.900** m/vsk
Fullt verð 37.200

IBTGAAI0605

## SKÓTÖNG

5 stk skiptanlegir
kjaftar fylgja með

TILBOÐ



**9.900** m/vsk
Fullt verð 15.535

IBTGCAI5102

## TOPPLYKLA, OG BITASETT 51 STK.

Toppar og bitar
1/4" hex - 4 - 14mm
Sexkantsett fylgir
Sterk plasttaska



**6.900** m/vsk
Fullt verð 10.959

## 283 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

7 Skúffur
1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás




KAUPAUKI
*FELGUTOPPASETT FYLGIR MEÐ

**179.900** m/vsk
Okkar besta verð

IBTDJAC0106

## 6" SKRÚFSTYKKI MEÐ SNÚNINGI 180°.

6" Opnun



**16.900** m/vsk
Fullt verð 29.299

TILBOÐ

IBTGCAD1702

## TOPPLYKLASETT 17 STK.

1/4"
Toppar 4 - 13mm
Framlenging og fl.
Járnkassi



**3.900** m/vsk
Fullt verð 5.046

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður




# Viðburðir fyrir fjölskyldur á bókasöfnum

**Á sunnudögum kl. 15** er alltaf eitthvað um að vera í aðalsafni Borgarbókasafnsins, Tryggvagötu 15, fyrir börn og fjölskyldur.

**1. desember** er sögustund, Mektarkötturinn Matthías og orðastelpan. Kristín Arngrímsdóttir les úr nýrri bók sinni.

**8. desember** er Þrjú bíó. Sýnd verður skemmtileg jólamynd.

**15. desember** verður föndursmiðja í umsjá Kristínar Arngrímsdóttur myndlistarkonu.

**Laugardaginn 30. nóvember** verður létt jólaföndur fyrir alla fjölskylduna í Foldasafni.

**Sunnudaginn 1. desember** frumsýnir Stoppleikhópurinn leikverkið Sigga og skessan í jólaskapi kl. 14 í Ársafni.

**Sunnudaginn 8. desember** kemur Bjöllukórinn kl. 14 í Ársafn og flytur gestum jóladagskrá sína.

**Frá og með 1. desember og fram að jólum** er hægt að fara inn á jóladagatal Borgarbókasafnsins og svara léttri spurningu. Þeir krakkar sem taka þátt fara í sameiginlegan pott og eftir jólin er dregið úr og fá nokkrir heppnir glaðning.

Steinar B. Aðalbjörnsson næringarfræðingur gefur ráð um hollan lífsstíl á vefsíðu sinni:

# Rauðrófur sagðar geta lækkað blóðþrýsting

Neysla á hráum rauðrófum eða kaldpressuðum rauðrófusafa getur haft jákvæð áhrif á blóðþrýsting og blóðflæði, að því er Steinar B. Aðalbjörnsson næringarfræðingur skrifar á bloggsíðu sinni.

Hann segir niðurstöður allmargra rannsókna benda til þess að neysla á rauðrófusafa geti haft veruleg áhrif til lækkunar á blóðþrýstingi. Enn sem komið er séu vísindamenn ekki alveg sammála um hversu mikið magn sé nauðsynlegt til að ná fram mælanlegum breytingum en margar rannsóknir hafi sýnt fram á að neysla á 500 ml af rauðrófusafa á dag hafi veruleg og mælanleg áhrif. Þessi mælanlegu áhrif hafi komið fram hvort sem rannsóknirnar hafi verið gerðar á venjulegum einstaklingum eða íþróttamönnum í toppformi.

Tekið er fram að nítratið í rauðrófunum skemmist við hitun. Þess vegna komi ávinningur fyrir hjarta- og æðakerfi einungis í ljós þegar hrárra rauðrófa eða kaldpressaðs rauðrófusafa sé neytt.

Lögð er áhersla á að þeir sem eru með háþrýsting og taki inn lyf prófi sig áfram með rauðrófusafann í samráði við lækni.



**RAUÐRÓFUSAFI** Ávinningur fyrir hjarta- og æðakerfi kemur einungis í ljós þegar hrárrar rauðrófu eða kaldpressaðs rauðrófusafa er neytt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Innbrot á heimili valda fólki oft langvarandi vanlíðan

Fólk er hrætt og finnst heimilið óhreint, segir sérfræðingur í forvörnum hjá VÍS. Það veltir því fyrir sér hvort brotist verði inn aftur. Þjófar sæta sérstaklega færis á því að brjótast inn í bíla á aðventunni og stela gjöfum.

„Innbrot sitja oft lengi í fólki og getur það til að mynda lýst sér í því að viðkomandi líði ekki vel heima hjá sér. Fólk er hrætt og veltir því fyrir sér hvort innbrotsþjófurinn eða þjófarnir komi aftur en líkurnar á því eru í raun ekki meiri heldur en að brotist sé inn annars staðar. Fólk veltir því líka fyrir sér hvað þjófarnir hafi verið að gera inni á heimilinu og finnst það mengað og óhreint eftir innrásina. Margir fara í það að þrífa húsið hátt og lágt og þvo allan fatnað auk þess sem þeir henda ýmsum munum til daglegra nota," segir Sigrún A. Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í forvörnum hjá tryggingafélaginu VÍS.

Þótt innbrotum og þjófnuðum sem tilkynnt eru til VÍS hafi fækkað um helming frá árinu 2009 þegar tilkynningarnar voru 1.100 vekur það áhyggjur að þjófnuðum inni á heimilum sem ekki eru mannlaus hefur fjölgað, að sögn Sigrúnar.

Hún getur þess að innbrotsþjófar sæti ekki hvað síst færis í úthverfum, sér í lagi á jarðhæð þar sem gluggar eru opnir. „Það er ekki bara myrkrið sem auðveldar þjófum að brjótast inn, heldur geta gróður og skjólveggir gert þeim sama gagn."

Þjófar sæta sérstaklega færis á því að brjótast inn í bíla á aðventunni og hafa á brott með sér nýinnkeyptar jólagjafir. Sigrún bendir á að mikilvægt sé að gleyma ekki að loka gluggum og dyrum á bílnum og leggja honum þar sem lýsing er góð.

Að sögn Sigrúnar hefur lögreglan upplýst um fimmtung innbrota sem framin hafa verið á árinu. „Þetta hlutfall sýnir glöggt hversu erfitt er að hafa uppi á þrjótunum og oft þýfinu líka. Í innbrotum er einkum sóst eftir verðmætum sem auðvelt er að koma í verð eins og tölvum, farsímum, sjónvörpum og skartgripum. Af og til sér fólk stolnar eigur sínar falboðnar á sölusíðum."

Til þess að auka líkur á að endurheimta verðmæta muni eins og reiðhjól og rafmagnstæki er gott að skrá niður raðnúmer þeirra, að því er Sigrún bendir á. „Jafnframt hjálpar að eiga myndir af verðmætum, eins og málverkum og skartgripum. Mikilvægt er einnig að kynna sér hvort verðmæti til dæmis úra og skartgripa er meira en fjölskyldutryggingin bætir. Ef svo er þarf að tryggja slíka gripi sérstaklega."

Ef brotist er í ólæst, mannlaus íbúðarhús, ólæsta bíla eða fyrirtæki getur skaðinn alfarið lent á tjónþola.

ibs@frettabladid.is



**ÞÝFI** Þjófar sækjast einkum eftir verðmætum sem auðvelt er að koma í verð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



> **Af og til sér fólk stolnar eigur sínar falboðnar á sölusíðum.**
> *Sigrún A. Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í forvörnum hjá tryggingafélaginu VÍS.*








**Í FÓTBOLTA** Börn þurfa að reyna á sig í að minnsta kosti eina klukkustund á dag samtals. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rannsókn á gögnum um 25 milljónir barna:

# Börn hlaupa sífellt hægar

Börn hlaupa ekki jafnhratt og foreldrar þeirra gerðu þegar þeir voru börn. Þetta eru niðurstöður nýrrar umfangsmikillar rannsóknar sem kynntar voru á ársfundi samtakanna American Heart Association. Á vef BBC segir að vísindamenn hafi skoðað gögn sem náðu yfir 46 ára tímabil. Voru gögnin um rúmlega 25 milljónir barna í 28 löndum.

Rannsóknin leiddi í ljós að börn í dag eru að meðaltali 90 sekúndum lengur að hlaupa 1,6 km en börn sem hlupu sömu vegalengd fyrir 30 árum. Þetta á við bæði stúlkur og drengi á aldrinum níu til 17 ára.

Telja vísindamenn að offita sé skýringin í 30% til 60% tilfellanna. Vandinn er einkum á Vesturlöndum en hans verður einnig vart í sumum Asíulöndum, eins og til dæmis Suður-Kóreu, Kína og Hong Kong.

Haft er eftir stjórnanda rannsóknarinnar, dr. Grant Tomkinson, að afleiðingarnar fyrir þau börn sem hlaupa hægar en foreldrar þeirra gerðu fyrir 30 árum geti orðið alvarlegar þegar þau verða fullorðin. Hættan á að þau fái hjartasjúkdóma síðar á ævinni verði meiri.

Sérfræðingar segja að börn og unglingar eigi að hreyfa sig í að minnsta kosti eina klukkustund á dag samtals þannig að verulega reyni á líkamann.

# VIÐ ELSKUM LJÓS Í SKAMMDEGINU

# 25% AFSLÁTTUR

## AF JÓLASERÍUM OG PERUM

**GILDIR 28. NÓVEMBER TIL 1. DESEMBER 2013**




TILBOÐ
**209,-**
VERÐ ÁÐUR
279.-

10 ljósa innisería, glær, rauð eða marglit.

**YFIR 200 TEGUNDIR AF INNI- OG ÚTI JÓLALJÓSUM**

**STARLIGHTS JÓLASERÍA 20 LJÓSA**
**VERÐ 6.742,-**
VERÐ ÁÐUR 8.990,-




**PERUR Í STARLIGHTS**
**599,-**
VERÐ ÁÐUR
799.-

Starlights jólaseríurnar hafa fyrir löngu sannað sig á Íslandi. Til í þremur litum.



**MIKIÐ ÚRVAL AF SKRAUTSERÍUM**
**VERÐ FRÁ 749,-**
VERÐ ÁÐUR FRÁ 999,-


www.a4.is / sími 580 0000
A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði
A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi
Sjá má afgreiðslutíma verslana A4 á www.a4.is


A4



**VERÐMERKING** Enn eru 22 verslanir sem ekki hafa bætt verðmerkingar þrátt fyrir áskorun Neytendastofu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Verðmerkingum ábótavant:

## Helmingur fékk áskorun

Neytendastofa gerði könnun í sumar á ástandi verðmerkinga hjá 78 matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu og var verðmerkingum ábótavant hjá 36 verslunum.

Könnuninni var fylgt eftir í október og voru þá enn 22 verslanir sem höfðu ekki bætt verðmerkingar.

Samkvæmt Neytendastofu er ljóst að eftirlit er nauðsynlegt til að halda verslunareigendum við efnið svo verðmerkingar séu í samræmi við lög og reglur. Vökulir neytendur veiti góða hjálp við eftirlitið í formi ábendinga.

- ebg



**Í KAUPMANNAHÖFN** Ferð til borgarinnar kostar næstum því jafnmikið og í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Könnun Túrista:

## Lítill munur á fari í febrúar

Munur á ódýrustu fargjöldum félaganna þriggja sem fljúga til London upp úr miðjum febrúar er núna rúmar tvö þúsund krónur, að því er segir á vefnum turisti.is. Icelandair er sagt vera með lægsta verðið, 40.790 krónur en könnunin var gerð síðastliðinn þriðjudag, 26. nóvember.

Á sama degi í fyrra var munurinn tæpar 24 þúsund krónur en þá var WOW air með ódýrasta farið, 35.825 krónur.

Ferð til Kaupmannahafnar upp úr miðjum febrúar kostar næstum því jafnmikið núna og í fyrra. Fargjaldið með WOW air er núna 35.301 króna en 39.440 krónur með Icelandair.

Neytendasamtökin ráðleggja seljendum, kaupendum og eigendum jólagjafabréfa:

# Skynsamlegt að liggja ekki á gjafabréfum

Það getur verið skynsamlegt að nýta gjafabréf sem fyrst, að því er segir á vef Neytendasamtakanna. Bent er á að andvirðið geti rýrnað eftir því sem tíminn líður auk þess sem alltaf sé sú hætta fyrir hendi að seljandi hætti starfsemi eða verði gjaldþrota. Fari svo sé krafan í flestum tilfellum töpuð.

Seljendur eru hvattir til að hafa í huga að kaupandi hafi greitt fyrir gjafabréfið og að inneignin sé í vörslu seljandans þar til eigandi bréfsins tekur út vöru eða þjónustu. Stuttur gildistími sé engin afsökun.

Kaupendur eru hvattir til að kanna alltaf gildistíma gjafabréfa og kaupa ekki gjafabréf með stuttum gildistíma.

Eigendur eru hvattir til að hafa í huga að seljandinn sé búinn að fá greitt fyrir gjafabréfið. Neiti hann um þjónustu jafngildi það því að hann taki gjöfina og stingi henni í vasa sinn. Eigendur eru hvattir til að gera kröfu um að fá að nýta gjafabréfið. Fái þeir neitun eigi þeir að leita til Neytendasamtakanna.

- ibs



**GJAFABRÉF** Neytendasamtökin hvetja seljendur til að hafa í huga að kaupendur hafa greitt fyrir gjafabréfin. NORDICPHOTOS/GETTY

# Markaðurinn vill lífrænan kjúkling

Sala á lífrænum kjúklingi hefur aukist víða erlendis. Engin slík framleiðsla er hér á landi. Arndís Thorarensen hjá Lifandi markaði vonast til að breyting verði á því.

„Markaðurinn hefur áhuga á að kaupa betri vörur hérna heima. Framleiðendur þurfa bara að fara að hlusta á það,“ segir Arndís Thorarensen, framkvæmdastjóri Lifandi markaðar.

Sala á lífrænum kjúklingi úti í heimi hefur aukist jafnt og þétt á undanförnum árum, þar á meðal í Skandinavíu. Hér á landi eru slíkir kjúklingar ekki framleiddir og hefur Arndís því þurft að panta þá frosna frá Danmörku fyrir verslun sína. „Það hefur verið tekið ágætlega í þetta. Viðskiptavinir okkar sækjast eftir svona vörum. Ef við myndum auglýsa almennilega er ég viss um að það væri enn meiri áhugi,“ segir Arndís.

Hún segir að færri fuglar séu á hvern fermetra í lífrænu ræktuninni en hinni hefðbundnu, eða tíu á hvern fermetra í búinu þar sem hún kaupir frosna kjúklinginn á móti nítján sem kjúklingabú hafa leyfi fyrir hér heima.

Auk þess eru dönsku kjúklingarnir á lífrænu fóðri, fá að fara út undir bert loft og eru ekki í gluggalausum rýmum. Þeir mega ekki heldur þyngjast meira en 35 grömm á dag. „Þetta eru eðlilegri aðstæður fyrir dýrin og þarna er bæði verið að hugsa um heilnæmi fæðunnar og meðferð dýranna.“

Að sögn Arndísar er meira kjötbragð af lífrænum kjúklingum en venjulegum og mjölbragðið er minna. „Við segjum oft að ódýr matur sé dýrasta blekkingin í dag. Ef þú kaupir lífræna vöru ertu að kaupa vottun um gæði. Fólk er orðið miklu upplýstara um að það er verið að bæta efnum í mat sem það kærir sig ekki um.“



**KAUPIR FRÁ DANMÖRKU** Arndís Thorarensen kaupir frosna lífræna kjúklinga frá Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Lífrænt svínakjöt ekki heldur framleitt

Lífrænt svínakjöt er heldur ekki framleitt á Íslandi nema í tilraunaskyni. „Ég veit að margir sem eru lífrænt þenkjandi sneiða hjá svínakjöti af því að það er ekki hægt að kaupa það lífrænt,“ segir Arndís.

Hún viðurkennir að lífræni kjúklingurinn sem hún selur sé dýrari en hinn hefðbundni. Þannig kostar 1.200 gramma lífrænn kjúklingur 1.449 krónur á tilboði hjá henni. „Það væri miklu betra ef þetta væri framleitt á Íslandi,“ segir hún og hvetur framleiðendur til að stíga skref í átt að lífrænni framleiðslu.

freyr@frettabladid.is




**NORLEVO** Getnaðarvarnarpillan virkaði ekki á konur sem þjáðust af offitu.

Neyðarpillan Norlevo:

## Virkar ekki á þyngri konur

Franska lyfjafyrirtækið HRA Pharma hefur varað við því að neyðarpilla fyrir getnaðarvarnir sem það framleiðir virki hugsanlega ekki á þyngri konur.

Samkvæmt rannsókn við háskólann í Edinborg árið 2011 virkaði pillan Norlevo ekki vel á konur sem voru yfir 75 kíló að þyngd og ekkert á konur sem voru yfir 80 kíló. Í rannsókninni kom fram að konur sem þjáðust af offitu og notuðu pilluna voru fjórum sinnum líklegri til að verða þungaðar en þær sem voru léttari.

Í viðtali við BBS segir talsmaður HRA Pharma niðurstöðurnar koma á óvart og að þær hafi leitt til þess að efast sé um virkni efnisins levonorgestrel sem er í pillunni.

- fb

Farfuglaheimilið Loft:

## Hlýtur Svansvottun

Þriðja farfuglaheimið á Íslandi hlaut Svaninn, umhverfismerki Norðurlandanna, þegar farfuglaheimilinu Loft var veitt vottun norræna umhverfismerkisins.

Á fréttavef Umhverfisstofnunar segir að Loft sé nýtt og glæsilegt farfuglaheimili í miðbæ Reykjavíkur en vottunin staðfesti framúrskarandi árangur þess í umhverfismálum. Athygli veki hve Farfuglaheimilin í Reykjavík standa sig vel í að vinna að samfélagslegri ábyrgð.

**Þórarinn Sveinsson**
**sérfræðingur í krabbameinslækningum**
opnar hinn 5. desember nk.
stofu í Læknasetrinu

**Sigfús Gizurarson**
**sérfræðingur í lyflækningum**
og hjartasjúkdómum
opnar hinn 7. janúar n.k.
stofu í Læknasetrinu

**Læknasetrið**
**Þönglabakka 1 og 6, 109 Reykjavík.**
**Tímapantanir í síma 535 7700**

Sala á smjöri hefur á haustmánuðum verið fimmtungi meiri en alla jafna:

# Grípa til innfluttrar smjörfitu




Aukning í sölu á íslensku smjöri, rjóma og ostum í haust er án fordæma, samkvæmt tilkynningu frá Mjólkursamsölunni (MS). Meira en fimmtungssöluaukning er sögð hafa verið á haustmánuðum.

„Við venjulegar kringumstæður er söluaukning mjólkurafurða yfirleitt á bilinu eitt til þrjú prósent,“ segir í tilkynningu MS. Haft er eftir Einari Sigurðssyni, forstjóra MS, að líkja megi þessu við sprengingu á markaðnum.

„Þetta hefur verið tengt nýjungum í mataræði á borð við lágkolvetnakúrinn, breyttu viðhorfi til mettaðrar fitu í umræðu um næringarmál og loks sýna þessar tölur áhrif af fjölgun ferðamanna,“ er eftir honum haft.

Einar segir mjólkuriðnaðinn mæta þessum fréttum með því að ganga á birgðir af smjöri og ostum og öðrum vörum sem framleiddar séu með rjóma yfir þessa haustmánuði þegar mjólkurframleiðslan í landinu er í lágmarki og með því að hvetja bændur til aukinnar framleiðslu.

„Til að treysta öryggismörk í birgðahaldi munu fyrirtæki í mjólkuriðnaði einnig í takmörkuðum mæli nýta innflutta smjörfitu nú í desember í nokkrar vinnsluvörur á borð við kálfafóður, nýmjólkurduft og osta sem fara mest í framhaldsvinnslu eða til matargerðar,“ segir Einar í tilkynningunni.

„Innflutt smjör er dýrara en innlent, en þess mun ekki sjá merki í verði þessara vara og uppistaðan í þeim verður eftir sem áður íslensk kúamjólk.“



- óká

# „MAGNAÐRI LESNING EN FLESTAR SKÁLDSÖGUR.“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

★ ★ ★ ★

„… hárin bókstaflega rísa á höfði lesanda og tárin trilla. Gjörsamlega mögnuð upplifun … Fantavel skrifuð og áhugaverð saga hjóna sem hlutu grimm örlög.“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Lagni [Sigrúnar] við að draga upp áhrifamiklar myndir og endurskapa einstaka augnablik í texta sínum koma best í ljós í lokakaflanum, sem er, eins og öll bókin, knappur, hnitmiðaður og firnasterkur í látleysi sínu. Þar verður sagnfræðin að list.“

AUÐUR AÐALSTEINSDÓTTIR / SPASSIAN.IS



## SIGRÚN OG FRIÐGEIR

FERÐASAGA *eftir* Sigrúnu Pálsdóttur

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

JPV ÚTGÁFA

Samstarf tæknifyrirtækja:

## Kynna grænar tæknilausnir

Tíu tæknifyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi ætla á næstu mánuðum að kynna á alþjóðamarkaði tæknilausnir sem stuðla að bættu umhverfi. Verkefnið hefur verið í undirbúningi í á annað ár og er afraksturs samstarfs tæknifyrirtækja innan Íslenska sjávarklasans, samkvæmt tilkynningu.

Þar segir að umræddar tæknilausnir byggi meðal annars á betri nýtingu orkugjafa, minni olíunotkun búnaðar og betri nýtingu í vinnslu hráefna. **- hg**

Tólf mánaða verðbólga í nóvembermælingu Hagstofu Íslands er 3,7 prósent, örlítið hærri en í október:

# Húsnæði vegur þungt í verðbólgumælingu

Verðbólga í nóvembermánuði hækkar í 3,7 prósent úr 3,6 prósentum í október. Er þá horft til verðbólgu síðastliðna 12 mánuði.

Hagstofa Íslands birti nýjustu mælingu sína á vísitölu neysluverðs (verðbólguvísitölunni) í morgun.

Fram kemur að miðað við verðlag í nóvember sé vísitalan 416,7 stig og hefur hækkað um 0,36 prósent frá fyrra mánuði. „Vísitala neysluverðs án húsnæðis er 394,5 stig og hækkaði um 0,20 prósent frá október," segir á vef Hagstofunnar. „Kostnaður vegna eigin húsnæðis hækkaði um 1,4 prósent á milli mánaða," segir í frétt Hagstofunnar, en bent er á það í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka að hækkun á markaðsvirði húsnæðis sé stærsti áhrifavaldurinn í verðbólguaukningu nóvembermánaðar. Sjá má í tölum Hagstofunnar að þótt ársverðbólga mælist 3,7 prósent í mánuðinum, þá sé verðbólga án húsnæðis 2,9 prósent.



Greining Íslandsbanka bendir á að húsnæðisliðurinn í heild hafi hækkað um 0,8 prósent á milli október og nóvember, sem vegi til 0,20 prósenta hækkunar á vísitölu neysluverðs. „Og skýrir þar með ríflega helming mánaðarhækkunar vísitölunnar nú," segir í umfjöllun Greiningar. „Mest er hækkunin á íbúðaverði milli mánaða utan höfuðborgarsvæðisins, 2,5 prósent. Þá hækkar fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu um 1,9 prósent en verð á sérbýli á höfuðborgarsvæði stendur í stað milli mánaða." **- óká**

### ➜ Þróun 12 mánaða verðbólgu á árinu

| Mánuður | Vísitala | Verðbólga |
|---|---|---|
| Janúar | 403,3 | 4,2% |
| Febrúar | 409,9 | 4,8% |
| Mars | 410,7 | 3,9% |
| Apríl | 411,5 | 3,3% |
| Maí | 411,3 | 3,3% |
| Júní | 413,5 | 3,3% |
| Júlí | 412,4 | 3,8% |
| Ágúst | 413,8 | 4,3% |
| September | 415,2 | 3,9% |
| Október | 415,2 | 3,6% |
| Nóvember | 416,7 | 3,7% |

Heimild: Hagstofa Íslands

Velta á skuldabréfamarkaði hátt yfir meðalgildi:

# Órói vegna boðaðrar skuldaleiðréttingar

Óróleiki og aukin velta á skuldabréfamarkaði síðustu daga hefur verið rakið til þess að nær dragi skilum á tillögum sérfræðingahóps um höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána. Boðað hefur verið að tillögunum verði skilað í dag.

Velta á skuldabréfamarkaði það sem af er viku er hátt yfir meðalveltu ársins. Í gær var veltan 20,8 milljarðar króna, 14,5 milljarðar á þriðjudag og 21,9 milljarðar á mánudag. Síðastliðinn föstudag var veltan 15,6 milljarðar.

Meðaldagsvelta á skuldabréfum yfir árið 2013 er mun minni, eða 7,2 milljarðar króna.

„Það virðist vera nokkuð mikill uggur í fjárfestum út af þeirri tilkynningu sem í vændum er frá sérfræðihópnum og heyrum við töluvert talað um það," segir Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka.

„Það hefur verið mikil hreyfing á veltu og ávöxtunarkrafan hækkað mikið. Menn virðast



**ÓRÓLEIKI** Uggur er í fjárfestum, segir Jón Bjarki Bentsson hjá Íslandsbanka.

hafa töluverðar áhyggjur af þessum tillögupakka og hvort hann eigi eftir að auka skuldsetningu ríkisins, beint eða óbeint," segir hann. Þá virðist fjárfestar líka óttast að ein afleiðinganna verði aukin verðbólga og þar með hærri stýrivextir Seðlabankans. „Vissulega eru skoðanir skiptar en maður heyrir áhyggjuraddir." **- sáp, óká**

# Afföll lánasafns rýra hagnað Íslandsbanka

Hagnaður Íslandsbanka er 824 milljónum minni fyrstu níu mánuði ársins en á sama tíma í fyrra. Hagrætt hefur verið fyrir 732 milljónir. Þóknanatekjur aukast.

Hagnaður Íslandsbanka á fyrstu níu mánuðum þessa árs er rúmum fimm prósentum minni en á sama tímabili í fyrra. Hagnaðurinn nú er 15,4 milljarðar króna, en var 16,2 milljarðar í fyrra.

Bankinn birti uppgjör sitt í gær, en í því kemur jafnframt fram að hagnaður eftir skatta á þriðja ársfjórðungi einum hafi verið tæplega 4,2 milljarðar króna, samanborið við tæpa 4,6 mánuði á þriðja ársfjórðungi 2012. Þar munar 8,9 prósentum.

Munurinn á afkomu er einna helst sagður skýrast af samdrætti í vaxtatekjum bankans á milli ára, en á þriðja fjórðungi nemur samdráttur þeirra 5,1 prósenti. „Vaxtatekjur fara lækkandi í takt við áætlanir eftir því sem afföll á lánasafni sem keypt var frá Glitni fara úr bókum bankans," segir í afkomutilkynningu Íslandsbanka.



**BIRNA EINARSDÓTTIR**

Hagnaður af reglulegri starfsemi var tæpir 9,7 milljarðar króna fyrstu níu mánuðina, samanborið við 10,8 milljarða í fyrra.

Þá var arðsemi eigin fjár eftir skatta 10,6 prósent á fjórðungnum en 13,4 prósent fyrstu níu mánuði ársins. Lækkun á arðsemi er sögð skýrast að mestu af hærra eigin fé, sem hækkaði um þrjú prósent á milli fjórðunga og um fjórtán prósent á milli ára.

Að sögn Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, stendur upp úr í níu mánaða uppgjörinu sá árangur sem náðst hafi í rekstrarhagræðingu. Kostnaður bankans hafi lækkað um 732 milljónir sem sé raunlækkun um 7,5 prósent á milli ára.

Bankinn vekur sömuleiðis athygli á því að auknar þóknanatekjur, sem jukust um þrettán prósent á milli ára, í 7,6 milljarða á fyrstu níu mánuðum ársins, vegi upp á móti óreglulegum liðum tengdum lánasafni bankans. **olikr@frettabladid.is**



**VIÐ KIRKJUSAND** 125 milljóna tap var á aflagðri starfsemi Íslandsbanka á þriðja fjórðungi. Á liðinn hafa helst áhrif eignasafn Miðengis og minni áhrif eru af leigutekjum og tekjum frá fullnustueignum, segir í afkomutilkynningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Færri lán í endurskipulagningu en áður

Hlutfall lána í endurskipulagningu (LPA-hlutfall) hjá Íslandsbanka hefur lækkað hratt síðustu misseri og var í lok september komið í 9,8 prósent. Í september 2012 var hlutfallið 17,4 prósent og 44 prósent árið 2009. Þá var hlutfall lána bankans sem var í meira en 90 daga vanskilum komið niður í fimm prósent í lok þriðja fjórðungs 2013.

Frá stofnun bankans hafa um 35 þúsund einstaklingar og um 4.100 fyrirtæki fengið afskriftir, eftirgjafir eða leiðréttingar á skuldum sem nema um 524 milljörðum króna. Hlutur einstaklinga í þeirri upphæð er 111 milljarðar, eða rúmur fimmtungur. Fyrirtækin eiga tæp 78 prósent, 413 milljarða króna. Samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka er hlutfall afskrifta til fyrirtækja og einstaklinga nokkurn veginn í samræmi við útlánasamsetningu bankans.

ESA breytir reglum um neyðaraðstoð við banka:

# Ríkisaðstoð bönnuð

ESA, eftirlitsstofnun EFTA, hefur kynnt breytingar á reglum um tímabundinn opinberan stuðning við fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt nýju reglunum þurfa bankar að leggja fram áætlun um endurskipulagningu, þar á meðal áætlun um hvernig auka eigi eigið fé auk þess að sýna með trúverðugum hætti hvernig langtímarekstur eigi að verða arðbær, áður en hann má fá ríkisaðstoð. Reynist bankinn ekki lífvænlegur þarf í staðinn að leggja fram áform um slit hans.

Meira aðhald varðandi opinbera fjárhagsaðstoð við banka í nýju reglunum eru í raun sagðar hafa í för með sér að tímabundin ríkisaðstoð til að bjarga banka sé ekki lengur heimil.

Nýju reglurnar nefnast Reglur um bankastarfsemi 2013 (e. 2013 Banking Guidelines) og koma í stað Reglna um bankastarfsemi 2008 (2008 Banking Guidelines). Reglurnar eru í fimm liðum og taka til sértækra ráða sem ríki geta gripið til í aðstoð við fjármálafyrirtæki í kröggum. **- óká**

NÝTT LÍF
LAUSAR STÖÐUR
BLAÐAMAÐUR
Nýtt líf leitar að hugmyndaríkum blaðamanni í fullt starf næstu 9 -10 mánuði. Þekking á tísku, hönnun eða öðrum skapandi greinum kæmi sér vel. Reynsla af blaðamennsku er skilyrði. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.
STARFSNEMI
Ritstjórnin hefur laus pláss fyrir öfluga starfsnema. Við leitum að meistaranemum í námi tengdu blaðamennsku sem vilja kynnast tímaritaútgáfunni okkar. Starfsnemi gengur í öll verk ritstjórnarinnar og fær vinnuframlag sitt metið til eininga. Fyrirkomulag er samkomulagsatriði.
Sendið umsókn og ferilskrá merkta starfsumsókn á *nyttlif@birtingur.is*. ***Umsóknarfrestur er 1. desember.***

Icelandair í samstarf um tilraunir með notkun loftskipa á norðurslóðum:

# Gæti orðið spennandi kostur

Bandarískur loftskipaframleiðandi og Icelandair Cargo hafa tekið upp samstarf til að kanna hvort ný tegund loftskipa geti orðið raunhæfur kostur í fraktflutningum á norðurslóðum á næstu árum. Hugmyndin er að Ísland þjóni sem flutningamiðstöð loftskipa.

Þetta var staðfest með viljayfirlýsingu sem fyrirtækið Aeroscraft í Kaliforníu kynnti í fyrradag um samstarf við Icelandair Cargo.

Gunnar Már Sigurfinnsson, framkvæmdastjóri Icelandair Cargo, tekur fram að engin skuldbinding felist í þessu af hálfu Icelandair, loftskipið sé enn á tilraunastigi og ekki komið í framleiðslu og óvíst sé hvort þessi áform verði að veruleika. Þetta sé þó vissulega spennandi kostur.

Aeroscraft hefur á undanförnum árum verið að þróa nýja tegund loftskipa til fraktflutninga með stuðningi NASA og Bandaríkjahers og stefnir að því að taka 22 slík skip í notkun árið 2016, eftir þrjú ár. Þau eiga að bera allt að 250 tonn og fljúga á 180 kílómetra hraða en eyða aðeins þriðjungi af eldsneyti hefðbundinna flugvéla á hvert flutt tonn.

Loftskipin þurfa ekki flugvelli og það er ein ástæða þess að bandaríska fyrirtækið og Icelandair Cargo hafa tekið upp samstarf, að kanna kosti þess að nýta Ísland sem miðstöð flutninga með loftskipum í tengslum við námavinnslu, olíuleit og fiskveiðar á afskekktum svæðum norðurhjarans, eins og á Grænlandi, í Kanada og Alaska. **- kmu**



**TILRAUN** Frumgerð loftskips Aeroscraft tekur á loft í tilraunaflugi.

# Sælla er að gefa ...

Þakkargjörðarhátíðin er haldin hátíðleg víða um heim þessa dagana og því er við hæfi að vera þakklát og aðstoða þá sem búa við neyð.

Frá efnahagshruninu hefur IKEA gefið börnum, 12 ára og yngri, máltíð á Veitingastaðnum til að létta undir með íslenskum barnafjölskyldum.

**Næstu fjóra daga verður farið fram á væga greiðslu á ný fyrir barnamáltíðirnar, eða 200 krónur. Fjárhæðin rennur óskipt í söfnun fyrir bágstödd börn á Filippseyjum sem þurfa tafarlaust á aðstoð að halda eftir að fellibylur reið yfir eyjarnar 8. nóvember.**

Það er von okkar að viðskiptavinir bregðist vel við og leggi sitt af mörkum fyrir góðan málstað.

unicef

IKEA



**Sænskar kjötbollur**
með kartöflum, týtuberjasultu og sósu



**Lífrænt pasta**
með lífrænni pastasósu



**Kjúklingalundir**
með frönskum



**Kryddbakaður lax**
með kartöflum, grænmeti og graslaukssósu

**200,-/stk.**

**Barnaréttir á Veitingastað fyrir 12 ára og yngri**
Andvirði rennur óskipt til bágstaddra barna á Filippseyjum í gegnum hjálparstarf UNICEF



**1.195,-**

**Hátíðarkalkúnn**
með sósu, fyllingu, maísbaunum, rauðkáli og brúnuðum kartöflum

IKEA

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2013

Sparnaður hjá Ríkisútvarpinu er óhjákvæmilegur:

# Minna RÚV með skýrara hlutverk

Uppsagnir hátt í fjörutíu starfsmanna Ríkisútvarpsins í gær vekja athygli og umræður. Gott fagfólk, sem margt hvert hefur orðið heimilisvinir landsmanna í gegnum viðtækin, missti vinnuna og að því er að sjálfsögðu eftirsjá.

Samdráttur í umsvifum RÚV frá hruni er þó sízt minni en hjá einkareknum fjölmiðlafyrirtækjum, sem líka hafa þurft að taka sársaukafullar ákvarðanir um að fækka starfsfólki. Það er einfaldlega úr minni peningum að spila á Íslandi. Auglýsingamarkaðurinn hefur ekki rétt úr kútnum og ríkissjóður, sem leggur RÚV til stærstan hluta rekstrarfjárins, er rekinn með halla. Það er ekki hægt að fara til skattgreiðenda og biðja um meiri peninga. Starfsemi sem rekin er fyrir þeirra fé verður að sníða stakk eftir vexti. Það á við um RÚV eins og önnur ríkisfyrirtæki.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Skerðing á þjónustu RÚV er boðuð og er óhjákvæmileg, miðað við að lækka þurfi árlegan rekstrarkostnað um 500 milljónir króna, eins og Páll Magnússon útvarpsstjóri metur það.

Hins vegar má draga í efa að það sé rétt stefna að segja upp nokkrum hér og nokkrum þar. Að minnsta kosti til lengri tíma hlýtur að þurfa að forgangsraða í starfseminni, þannig að RÚV sinni því hlutverki sem ríkisútvarp á að gera; að veita þjónustu sem einkareknir fjölmiðlar gera ekki eða ekki er hægt að ætlast til að þeir geri, en hætti því sem aðrir gera jafnvel eða betur.

Í undirskriftasöfnun, sem nú er hafin til að mótmæla sparnaðinum hjá RÚV, er vikið að lögbundnu menningar- og öryggishlutverki þess, gildi RÚV sem óháðs fréttamiðils, fræðsluhlutverki og framlagi til skemmtunar og afþreyingar. Ríkisútvarpið á að sjálfsögðu að einbeita sér að menningar- og öryggishlutverkinu, upplýsingunum og fræðslunni. Um skemmtunina sjá aðrir.

RÚV þarf til dæmis ekki tvær útvarpsstöðvar til að sinna þessu hlutverki. Svo vitnað sé til orða Páls Magnússonar, þegar hann var útvarpsstjóri á einkamiðli: „Til hvers í ósköpunum er ríkið að halda úti afþreyingarrás á borð við Rás 2, þegar sprottið hafa upp frjálsar stöðvar sem eru að gera nákvæmlega það sama?“

Ríkisútvarpið þarf heldur ekki að verja hundruðum milljóna króna til að kaupa útsendingarrétt að erlendum íþróttakappleikjum, í harðri samkeppni við einkafyrirtæki. Yfirboð RÚV í slíkum viðskiptum benda til að þar hafi menn fyrir löngu misst sjónar á hvað sé skynsamleg meðferð skattpeninganna sem þeim er treyst fyrir. Og RÚV þarf ekki að senda út Hollywood-bíómyndir, amerískar eða ameríkaníseraðar þáttaraðir eða skemmtiþætti. Það er nóg af slíku á einkastöðvunum.

RÚV getur sinnt með sóma sínu öryggis-, menningar-, upplýsinga- og fræðsluhlutverki fyrir minni peninga. Þegar Páll Magnússon tók við útvarpsstjórastarfinu sagði hann að RÚV þyrfti að „gera upp við sig hvernig það vill verða og raða hlutverkum í ákveðinn forgang og ég tel að á þeim sviðum, sem Ríkisútvarpið ætlar á annað borð að beita sér, eigi það að gerast af fullum krafti…“ Páll ætti að taka mark á þessum skynsamlegu eigin orðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Til bjargar Gnarr

Þingmenn Bjartrar framtíðar vilja mannanafnanefnd feiga. Þeir hafa lagt fram frumvarp þess efnis á Alþingi. Í frumvarpinu er lagt til að þær kvaðir sem lög um mannanöfn fela í sér varðandi ættarnöfn verði felldar niður. Samkvæmt því verður hverjum manni heimilt að kenna sig til föður eða móður nema hann kjósi að bera ættarnafn. Það sem Gerir málið sérlega skemmtilegt er að tveir flutningsmanna bera ættarnöfn, þeir Óttarr Proppé og Róbert Marshall. Þetta leiðir líka hugann að því að Jón Gnarr borgarstjóri er ekki par sáttur við mannanafnanefnd og hefur velt því fyrir sér að flytja úr landi svo hann geti fengið að breyta millinafni sínu formlega úr Gunnar í Gnarr.



### Meintar Hótanir

Menn ræddu uppsagnir á RÚV á Þingi í gær og sagði Helgi Hjörvar að Vigdís Hauksdóttir hefði haft í hótunum við RÚV; ef stofnunin gerði ekki hitt eða Þetta fengi hún minni peninga á fjárlögum. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra gaf ekki mikið fyrir þessi ummæli. Hann kvaðst ekki til viðræðu um að taka lán til að halda úti óbreyttri dagskrá eða óbreyttri starfsemi Ríkisútvapsinis. Það yrði að spara.



### Þarf meiri peninga

Það hljómar einhvern veginn öfugsnúið þegar allir eiga að spara og skera niður hjá ríkinu að þá skuli ríkisstjórnin biðja um meiri peninga. Í fjáraukalögum sem lögð voru fram á Alþingi í gær kemur fram að kostnaður vegna nýrrar ríkisstjórnar, fjölgunar ráðherra og aðstoðarmanna eykst um 97 milljónir á þessu ári og það þarf aukafjárveitingu til að mæta þessum kostnaði. Í hagræðingartillögum sem nýlega voru kynntar var ekkert minnst á að þarna mætti kannski eitthvað klípa af fitulaginu.

johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Verjum Ríkisútvarpið

RÍKISÚTVARPIÐ



**Katrín Jakobsdóttir**

alþingismaður og formaður Vg

Dapurlegar fregnir berast okkur nú frá Ríkisútvarpinu, almannaútvarpinu okkar. Ljóst er að Ríkisútvarpið hefur búið við skertan kost undanfarin ár eins og aðrar stofnanir hins opinbera eftir hrun. Um leið hefur flestum orðið ljósari þörfin á öflugum almannaþjónustumiðli í samfélaginu sem hefur gríðarmiklu hlutverki að gegna við að tryggja upplýsta og lýðræðislega umræðu, sinna menningu og mannlífi og veita upplýsingar þegar óvæntir atburðir verða.

Síðastliðið vor samþykkti Alþingi Íslendinga ný lög um Ríkisútvarpið. Þau voru afrakstur mikillar vinnu þar sem leitast var við að skilgreina almannaþjónustuhlutverk útvarpsins. Ætlunin var ennfremur að breyta stjórnarfyrirkomulagi stofnunarinnar þannig að valnefnd, tilnefnd af Alþingi, samtökum listamanna og háskólasamfélaginu, gerði tillögu til ráðherra að stjórn sem fengi skýrara en um leið víðtækara hlutverk en áður. Síðast en ekki síst voru lagðar til ákveðnar takmarkanir á þátttöku Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði en á móti var lagt til að útvarpsgjaldið, sem allir greiða, ætti að renna óskert til útvarpsins.

Nú er það hins vegar svo að meðal fyrstu verka nýrrar ríkisstjórnar var að bakka í gamalt fyrirkomulag í stjórnarskipun þar sem flokkarnir á Alþingi tilnefna í stjórn. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir að ákvæðinu um að útvarpsgjaldið renni óskert til RÚV verði frestað til 2016 en það verði um leið lækkað þannig að tekjur RÚV aukist ekki að sama skapi. Og síðasta útspil ríkisstjórnarinnar er að boða tillögur um að teknar verði til baka að hluta þær takmarkanir sem settar voru á öflun auglýsingatekna.

Í stuttu máli hefur staða Ríkisútvarpsins verið veikt stórlega á tíma þar sem hefði átt að vera svigrúm til að bæta hana. Afleiðingarnar eru fjöldauppsagnir á starfsmönnum Ríkisútvarpsins og dapurleg framtíðarsýn þar sem búast má við minni getu til að sinna því mikilvæga hlutverki sem stofnunin hefur að gegna í nútímalegu lýðræðissamfélagi. Við hljótum að gera kröfu um skýra forgangsröðun stjórnenda RÚV í þágu þess hlutverks og skýran vilja stjórnvalda til að sinna því.

Fyrirætlunum um skerðingu útvarpsgjalds er hægt að breyta við afgreiðslu fjárlaga ef þingmönnum er annt um hér verði áfram rekinn öflugur almannaþjónustumiðill og vilja tryggja framtíð hans.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Tækifæri í lýðheilsu og ábyrgð ríkisstjórnar Íslands

SAMFÉLAG



Gyða Ölvisdóttir
lýðheilsu- og geðhjúkrunarfræðingur

**Aðgerðir ríkisstjórnar hverju sinni er það sem skiptir máli þegar byggja á upp samfélag sem er lífvænlegt samfélag allra þegnanna sem á landinu búa. Nú er komið að því að ríkisstjórn Íslands standi við loforð sín.**

Hér og nú höfum við mikil tækifæri til að vinna að bættri lýðheilsu. Margt fólk er að forgangsraða á annan hátt og sjá meiri verðmæti í mörgu því sem áður var talið lítilsvert, á sama tíma og það horfir til nýrra lífsgilda. Þegar fólk lendir í háska fær það oft aðra sýn á tilveruna. Á þjóðfundinum 2009 og 2010 vildi fólk sjá heiðarleika, jafnrétti, virðingu, réttlæti, kærleika, ábyrgð, sjálfbærni, lýðræði, jöfnuð og traust, ásamt menntun, öryggi og mannréttindum.

Markaðshyggjan og kapítalisminn sem höfðu verið allsráðandi árin fyrir „hrun“ hafa skaðað samfélagið. Þessi markaðsöfl hafa á margan hátt verið orsök sundrungar og aukið á misrétti á milli einstaklinga. Gildin sem lýðheilsufræðin leggur áherslu á eru: jafnrétti, jafnræði, samskipti og samvinna. Virðing, ábyrgð og efndir eru mikilvæg núna á þessum umbrotatíma hér á Íslandi.

- „Bætt lýðheilsa og forvarnastarf verður meðal forgangsverkefna ríkisstjórnarinnar.“
- „Ísland á að vera fjölskylduvænt land þar sem börn búa við öryggi og jöfn tækifæri og njóta lögvarinna réttinda líkt og aðrir þjóðfélagsþegnar.“
- „Ríkisstjórnin mun vinna að því að Ísland verði í fararbroddi í umhverfismálum og öðrum þjóðum fyrirmynd á sviði umhverfisverndar.“
- „Heimilin eru undirstaða og drifkraftur þjóðfélagsins.“

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að efla menntakerfið og aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Allt þetta er ritað í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Þessu ber að fagna því þarna er komið inn á mikilvæga þætti lýðheilsu. En eitt er að skrásetja og annað er að efna. Þegar við tölum um lýðheilsu erum við að tala um andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði þjóðar eða þjóðfélagshópa þar sem allir eru í ábyrgð að stuðla að heilbrigði. En uppstraumsþættir sem eru leiðandi og áhrifamestir í lýðheilsu eru stefnumótun og aðgerðir ríkisstjórnar Íslands. Ríkisstjórnin er í miklu ábyrgðarhlutverki varðandi stefnumótun og efndir. Stefnumótun sem varðar málaflokka eins og hnattræn mál, velferð, heilsu, húsnæði, samgöngur, skatta, menntun og atvinnu. Aðilar hennar vissu hvernig staðan var í fjármálum ríkisins þegar stjórnarsáttmálinn var settur fram þannig að þeir ætti ekki að afsaka sig með því að þeir geti ekki framkvæmt loforðin vegna fjárskorts. Forgangsröðun er hvað er aðalatriði, hvernig ætlar hún að forgangsraða? Aðgerðir ríkisstjórnar hverju sinni er það sem skiptir máli þegar byggja á upp samfélag sem er lífvænlegt samfélag allra þegnanna sem á landinu búa. Nú er komið að því að ríkistjórn Íslands standi við loforð sín.

# Pólitískar ofsóknir á Alþingi

STJÓRNMÁL



Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

**Of margir þingmenn í of mörgum flokkum reyndust ekki valda ábyrgð sinni og blönduðu saman pólitísku hlutverki og opinberum skyldum ráðherra.**

Það er miður að enn skuli vera efnt til pólitískra ofsókna á Alþingi. Allmargir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram tillögu um skipan sérstakrar rannsóknarnefndar. Athuga á störf ráðherra og embættismanna sem komu að samningaviðræðum við bresk og hollensk stjórnvöld vegna Icesave. Hér er augljóslega verið að hefna Landsdómsréttarhaldanna yfir Geir Haarde og spjótunum beint að Steingrími J. Sigfússyni og Svavari Gestssyni. Íslensk stjórnmál setja verulega ofan við þennan tillöguflutning og var ekki á það bætandi eftir þær pólitísku ofsóknir sem landsmenn máttu fylgjast með í sölum Alþingis á síðasta kjörtímabili. Þessi hefndarleiðangur mun ekki skila neinum gagni en mörgum ógagni, helst Alþingi sjálfu. Sérhver ráðherra og embættismaður sem komið hefur að viðræðum og samningum vegna Icesave-málsins frá upphafi hefur unnið sitt verk samkvæmt bestu vitund og með almannahag að leiðarljósi. Það er ómaklegt að halda öðru fram.

Það er skiljanlegt að eftir stóráföll eins og fall bankakerfisins verði menn nokkuð ráðvilltir á stjórnmálasviðinu. En það fráleitasta var að alþingismenn stæðu sjálfir í hlutverki ákæruvaldsins og beittu því gegn pólitískum samherjum og andstæðingum. Eðlilegt framhald af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sem taldi að þrír ráðherrar hefðu sýnt af sér vanrækslu í störfum sínum, var að fela óvilhöllum aðilum rannsókn og eftir atvikum ákæruvald.

Það var ekki gert og illt var gert verra með tillögu um ákæru á hendur Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra og oddvita Samfylkingarinnar. Þar var gengið gegn áliti rannsóknarnefndarinnar sem hafði komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til þess fjalla um hennar störf, þar sem utanríkisráðuneytið fór ekki með nein þau mál sem snertu efnahagsmál. Hún gæti ekki sem utanríkisráðherra hafa brotið eða vanrækt nein lagaákvæði. Benti rannsóknarnefndin á að þáttur hennar einskorðaðist við stöðu hennar sem pólitískur oddviti Samfylkingarinnar (7. bindi, bls 291).

### Uppgjör á pólitískum vettvangi

Pólitískt hlutverk er án nokkurrar lagalegrar stöðu og uppgjör við þau störf fara aðeins fram á pólitískum vettvangi, svo sem innan flokks og í almennum þingkosningum. Ráðherrar fara almennt einir með vald yfir sínum málaflokkum og heyra ekki undir aðra ráðherra, hvað þá oddvita stjórnmálaflokka. Hins vegar hafa formenn stjórnarflokka hverju sinni lengi haft tilhneigingu til þess að halda sem flestum þráðum í sinni hendi og hafa viljað stjórna öðrum ráðherrum.

Slík þróun nær því aðeins fram að ganga að ráðherrarnir og þingmenn samþykki og framkvæmi í störfum sínum annarra vilja. En þeirra verður alltaf lagalega ábyrgðin að lokum, en ekki pólitísku oddvitanna. Stjórnskipan landsins er skynsamleg og skýr og engin ástæða til þess að breyta henni. Vandinn liggur í undirgefnum þingmönnum sem afhenda formönnum í stjórnmálaflokkunum meiri áhrif en stjórnarskráin mælir fyrir um.

Aðförin að Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur er einsdæmi í íslenskri stjórnmálasögu. Þrátt fyrir að hún axlaði strax pólitíska ábyrgð og steig af stjórnmálasviðinu var reynt að draga hana fyrir Landsdóm sem átti að breytast í pólitískan Hæstarétt og úrskurða um störf formanns Samfylkingarinnar. Ákærur á hendur öðrum fyrrverandi ráðherrum beindust að vanrækslu á störfum þeirra sem ráðherra og meint brot á lagalegum skyldum, en ekki að pólitísku hlutverki þeirra.

Of margir þingmenn í of mörgum flokkum reyndust ekki valda ábyrgð sinni og blönduðu saman pólitísku hlutverki og opinberum skyldum ráðherra. Eflaust voru ástæður þeirra margvíslegar og sumar jafnvel settar fram í góðri trú. En það sama má segja um galdrabrennur 17. aldarinnar. Hver svo sem rökin hafa verið þá verður niðurstaðan alltaf sú sama, að fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar sætti grófum pólitískum ofsóknum. Sjálfstæðismenn stóðu þá gegn skrípaleik pólitískra réttarhalda og tillagan var að lokum felld. Þeir munu gera sjálfum sér og íslenskum stjórnmálum mest gagn með því að forðast sömu mistök og fyrrverandi stjórnarflokkar bera ábyrgð á.

# Að mismuna börnum

SAMFÉLAG



Einar Steingrímsson
stærðfræðingur

**Svo er ekki á Íslandi, enda ríkja þar óþroskaðar hugmyndir um siðferði og ábyrgð stjórnmálafólks.**

Árið 1896 féll dómur í Hæstarétti Bandaríkjanna í málinu Plessy gegn Ferguson, sem er eitt af þekktustu málum bandarískrar lögfræðisögu. Ekki síður þekkt er sú hugmynd sem birtist í dómnum og hlaut nafngiftina „separate but equal“, en það gæti á íslensku útlagst sem „aðskilin en jöfn“. Hér er vísað í þá niðurstöðu réttarins að í lagi sé að skilja að fólk eftir kynþætti, að því tilskildu að aðbúnaður beggja sé jafn.

Þetta voru lög í landinu í rúma hálfa öld, þar til þeim var hnekkt í málinu Brown gegn Board of Education árið 1954, sem er ekki síður þekkt en Plessy, enda er síðari úrskurðurinn grundvallaratriði í bandarískum rétti fram á þennan dag. Í honum er því lýst yfir að aðskilnaður á grundvelli kynþáttar feli sjálfkrafa í sér ólögmæta mismunun.

Innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, hélt nýlega ræðu á kirkjuþingi, þar sem hún talaði um andstöðuna við trúboð ríkiskirkjunnar í grunnskólum, og hélt því m.a. fram að andstæðingarnir vildu „forða börnunum okkar frá boðskap um … kærleika“. Sóðalegar dylgjur af þessu tagi, sem eru í raun hrein lygi, hefðu í flestum nágrannalöndum okkar trúlega leitt til þess að ráðherrann hefði þurft að biðjast afsökunar á orðum sínum, eða segja af sér. Svo er ekki á Íslandi, enda ríkja þar óþroskaðar hugmyndir um siðferði og ábyrgð stjórnmálafólks.

Fáum hefði brugðið ef ritstjóri Fréttablaðsins, Ólafur Stephensen, hefði bent kurteislega á að rakalausar svívirðingar af þessu tagi væru hvorki sæmandi ráðherra né líklegar til að vinna fylgi þeirri ríkiskirkju sem hann styður greinilega, miðað við fyrri skrif hans. Hann kaus í staðinn að verja, í nýlegum leiðara, framgöngu Hönnu Birnu, og reyndi að breiða yfir ofstækið sem felst í staðhæfingum hennar. Ólafur virðist vera á þeirri skoðun að nóg sé „að tryggja að börn foreldra sem aðhyllast önnur trúarbrögð eða engin þyrftu ekki að taka þátt í hefðum eða athöfnum sem væru þeim á móti skapi“ og á þar við athafnir í skólum sem tengjast boðskap ríkiskirkjunnar.

Það eru næstum sextíu ár síðan hæstiréttur Bandaríkjanna kvað upp úr um að aðskilnaður á grundvelli kynþátta bryti gegn þeim mannréttindum sem bandaríska stjórnarskráin tryggði borgurum landsins, af því að slíkur aðskilnaður fæli sjálfkrafa í sér misrétti. Innanríkisráðherra, og ritstjóri Fréttablaðsins, telja hins vegar, enn þann dag í dag, í lagi að börn séu aðskilin í skólastarfi, á grundvelli lífsskoðana foreldra þeirra.





**Mannréttindi hversdagsins**

**föstudaginn 29. nóvember kl. 13.00 – 16.30 á Grand Hóteli**

**Dagskrá:**

13.00 – 13.10 Setning: Ellen J. Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ)
13.10 – 13.30 Rétturinn til fjölskyldulífs: Brynhildur Flóvenz, dósent í lögfræði
13.30 – 13.50 Foreldrafærni og fötlun: Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent í fötlunarfræði
13.50 – 14.00 Lífið með syninum: María Hreiðarsdóttir, reynslusaga móður
14.00 – 14.10 Við vorum alltaf svo fín: Lilja Árnadóttir, reynslusaga dóttur
14.10 – 14.30 Fjölskyldur fatlaðra barna: Snæfríður Þóra Egilson, prófessor í fötlunarfræði
14.30 – 15.00 Kaffihlé
15.00 – 15.20 Aðgengi að og upplifun hreyfihamlaðs fólks af foreldrahlutverkinu: Aðalbjörg Gunnarsóttir, MA í fötlunarfræði
15.20 – 15.40 Reynsla fatlaðra feðra: Karlmennska, fötlun og föðurhlutverkið: Hlín Jóhannesdóttir, MA í fötlunarfræði
15.40 – 15.50 Táknmál er okkar hjartans mál: Arnar Ægisson, reynslusaga föður
15:50 – 16:05 Að vera á einhverfurófi og eignast fjölskyldu: Ingibjörg Elsa Björnsdóttir, reynslusaga eiginkonu og móður
16:05 – 16:30 Fyrirspurnir og umræður

**Málþingsstjóri: Halldór Sævar Guðbergsson varaformaður ÖBÍ og Þorbera Fjölnisdóttir ráðgjafi hjá ÖBÍ.**

**Allir velkomnir, ekkert þáttökugjald**
**Síðasti skráningardagur er 27. nóvember**
**Skráning, upplýsingar um túlkun og fleira á vef Öryrkjabandalags Íslands www.obi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Félag um fötlunarrannsóknir, FuF
ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS

# nettó í JÓLASKAPI

























www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |




**JÓLADAGATÖL SÚKKULAÐI**
**199**
ÁÐUR 349 KR/STK

markhönnun ehf

# NAMMI NAMM JÓLANAMMIÐ ER KOMIÐ Í NETTÓ!




# Fljótlegt og gott í amstri dagsins

**NICE'N EASY FRYSTIRÉTTIR**
**498**
KR/PK




**Tilboðin gilda 28. nóv - 1. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Kemur þér það við? – Að segja frá…og vera trúað …gefur von

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni er ofbeldi alvarlegt heilbrigðisvandamál. Allar þjóðir heims eru hvattar til að styrkja og auka forvarnir gegn ofbeldi og koma því markvisst inn í mennta-, félagsmála-, laga- og heilbrigðiskerfið og mikilvægt er að hefja forvarnir snemma.

Einstaklingur sem beittur er ofbeldi getur orðið fyrir sálrænu áfalli og upplifað langvarandi streitu, afleiðingar þess geta verið mjög alvarlegar eins og áfallastreituröskun, ýmis geðræn vandamál s.s. þunglyndi, kvíði, persónuleikaröskun o.fl.; hegðunar- eða félagsleg vandamál s.s. lágt sjálfsmat, erfiðleikar með tengslamyndun, náin sambönd og kynlíf, sjálfsvígshugsanir og áfengis- og vímuefnavandamál. Flókin sálvefræn einkenni geta einnig komið fram s.s. verkir, vefjagigt, svefnvandamál, síþreyta og fleira.

Langvarandi streita bælir ónæmiskerfið og hefur þar af leiðandi áhrif á þróun ýmissa sjúkdóma og heilsufarsvandamála, þess vegna getur ofbeldi haft áhrif á þróun sjúkdóma og heilsufarsvandamála. Ofbeldi hefur því ekki aðeins áhrif á einstaklinginn sem fyrir því verður, einnig fjölskyldu og vini og litar allt samfélagið. Afleiðingarnar geta einnig verið gífurlega kostnaðarsamar fyrir þjóðfélagið vegna örorku, lyfja, rannsókna, aðgerða, afbrota og ýmissa meðferða.

**Efla þarf fræðslu**

Því er mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir ofbeldi og byrja við upphaf hvers lífs, í móðurkviði, í mæðravernd. Auka fræðslu til heilbrigðisstarfsfólks sem starfar með foreldrum sem eiga von á barni og þeirra sem koma til með að sjá um eftirlit í framhaldinu. Efla fræðslu til kennara, skólastarfsfólks og skólahjúkrunarfræðinga. Stórum hluta dagsins eyða börnin okkar í skólanum, þar gefst kennurum og skólastarfsfólki kjörið tækifæri til að aðstoða þau börn sem búa við eða hafa orðið fyrir ofbeldi.

KYNBUNDIÐ OFBELDI



**Sigrún Sigurðardóttir**
lektor við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri

Á endalaust að auka ábyrgð kennara? Er þetta ekki ábyrgð foreldra? Vissulega er þetta ábyrgð foreldra en þær aðstæður geta skapast hjá börnum að ofbeldið á sér stað á heimilinu, barnið finnur ekki öruggt skjól og fær ekki stuðning, barnið getur ekki stundað félagsstörf, er lagt í einelti, á enga vini. Hvert á barnið að leita? Kennarinn eða heilbrigðisstarfsmaðurinn gæti verið eina manneskjan í lífi barnsins sem það treystir og getur leitað til.

Fagfólk sem velur að vinna með börnum og fjölskyldum þeirra, ber samfélagslega og siðferðilega ábyrgð á að vera til staðar fyrir barnið og fjölskylduna. Það á að vera hluti menntunar kennara, heilbrigðis- og félagsmálastarfsfólks, presta, lögreglu o.fl. að þekkja einkenni, áhættu og afleiðingar alls kyns ofbeldis, vita hvernig skal bregðast við og hvert skal leita.

**➜ Það á að vera hluti menntunar kennara, heilbrigðis- og félagsmálastarfsfólks, presta, lögreglu o.fl. að þekkja einkenni, áhættu og afleiðingar alls kyns ofbeldis, vita hvernig skal bregðast við og hvert skal leita.**

Við fullorðna fólkið berum ábyrgð á börnum okkar, í lífi allra geta þó skapast aðstæður þar sem einstaklingur missir tökin, er ekki til staðar fyrir barnið sitt eða sína nánustu, þá er það ábyrgð samfélagsins að bregðast við.

Gætum að því hvernig við tölum, ef við gefum í skyn að við séum komin með nóg af öllu tali um ofbeldi og getum ekki hugsað okkur að hlusta á þá umræðu, er mjög ólíklegt að börn okkar eða vinir í vanda leiti til okkar, því þau leggja ekki meira á okkur.

Hugsum áður en við tölum og munum að aðgát skal höfð í nærveru sálar.

**JÁ, þér kemur það við**

Greinarhöfundur verður með fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri í dag (fimmtudaginn 28. nóvember) kl. 12.10, um afleiðingar kynferðislegs ofbeldis í æsku fyrir heilsufar og líðan: er munur á stelpum og strákum? í tilefni af 16 daga átakinu gegn kynbundnu ofbeldi. Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.

# Gjöf til útgerðarmanna eða endurreisn Landspítalans

Innan fáeinna vikna mun ríkisstjórnin ákveða að afhenda fámennum en valdamiklum hópi þjóðareign sem talin hefur verið að verðmæti allt að 45 milljarðar króna. Fyrir þetta munu hinir fáeinu handvöldu einstaklingar, sem ríkisstjórnin telur að betur séu að þessu komnir en aðrir, greiða málamyndagjald sem er aðeins hluti af því verðmæti sem afhent verður. Ríkisstjórnin deilir ekki um að hér er um ótvíræða eign þjóðarinnar að ræða en hyggst samt sem áður afhenda þessa þjóðareign velvildarmönnum sínum á silfurfati. Ef eign þessi væri boðin til sölu á almennum markaði myndu fjármunirnir sem fyrir hana fást fara langt með að fjármagna endurreisn Landspítalans.

SJÁVARÚTVEGUR



**Bolli Héðinsson**
hagfræðingur

Eign sú sem hér um ræðir er makrílstofninn við Ísland. Ákvörðunin um að afhenda þessa eign fáeinum útvöldum mun verða borin á borð fyrir okkur sem afar flókið úrlausnaratriði sem aðeins sé hægt að leysa með því að afhenda hana útvöldum. Það er aftur á móti ekki svo. Hér er um sáraeinfalda aðgerð að ræða, fiskistofn sem er nýr í lögsögunni og aðeins spurningin um hvort þjóðin eigi að fá sanngjarnt verð fyrir eign sína eða ekki.

Tveir vísindamenn, Þorkell Helgason og Jón Steinsson, hafa sett fram heildstæða tillögu um hvernig bjóða má upp veiðirétt á makríl þannig að þjóðin og útgerðarmenn geti vel við unað. Eigendur makrílsins, þjóðin, fá hæsta mögulega verð fyrir eign sína og útgerðarmennirnir fá afnotarétt af makrílstofninum til nægjanlega langs tíma til að byggja fjárfestingar sínar á.

**➜ Látið svarið sem þingmaðurinn gefur ykkur ráða því hvort þið kjósið hann aftur.**

**…þingmaður og svarið er?**

Hér mun hefjast gamalkunnur söngur um fyrirtækin sem munu verða gjaldþrota, skatt á landsbyggðina o.fl. Svörin við því eru að aðeins þau fyrirtæki sem bjóða of hátt í veiðiréttinn eiga á hættu að verða gjaldþrota og væntanlega eru útgerðarmenn ekki svo heillum horfnir að þeir bjóði umfram getu. Ekki verður um skatt að ræða heldur aðeins innheimt fjárhæð, sem viðkomandi útgerð sér sér fært að bjóða, í frjálsu útboði. Veiðirétturinn greiðist af fyrirtækjunum sjálfum enda greiða landshlutar ekki skatta. Gera má ráð fyrir að flest fyrirtækin sem muni bjóða í makrílveiðina séu staðsett á höfuðborgarsvæðinu.

Næst þegar þið hittið þingmanninn ykkar, spyrjið hann: „Hvort viltu frekar gefa fáeinum útvöldum eign þjóðarinnar eða bjóða eignina til leigu á almennum markaði og nota andvirðið til að endurreisa Landspítalann?" Látið svarið sem þingmaðurinn gefur ykkur ráða því hvort þið kjósið hann aftur.

# Hverju hefur jákvæður lífsstíll Íslendinga áorkað?

Með hliðsjón af umræðunni um breyttan lífsstíl, sérstaklega breytt mataræði, er vert að halda á lofti hvað áunnist hefur í baráttunni gegn kransæðasjúkdómum á Íslandi síðastliðinn aldarfjórðung, að mestu leyti vegna jákvæðari lífsstíls. Kransæðasjúkdómur var algengasta dánarorsök miðaldra fólks á Íslandi seinni hluta síðustu aldar og vissulega eru hjarta- og æðasjúkdómar enn ein aðaldánarorsök Íslendinga, en í mun minni mæli en áður og koma nú að jafnaði fram síðar á ævinni.

HEILBRIGÐISMÁL



**Gunnar Sigurðsson**
læknir

Um þetta höfum við upplýsingar frá dánarmeinaskrá Hagstofu Íslands og kransæðaskráningu fyrir allt Ísland sem Hjartavernd hefur annast síðan árið 1980. Þessar skýrslur sýna að dauðsföllum af völdum kransæðasjúkdóms hefur fækkað um 80% meðal 75 ára og yngri á tímabilinu 1981-2006. Þannig deyja 300 færri Íslendingar árlega í þessum aldurshópi af þessum sökum en fyrir aldarfjórðungi. Kransæðaskráning Hjartaverndar sýnir að um það bil 500 færri einstaklingar fá kransæðastíflu árlega en fyrir aldarfjórðungi ef tíðnin hefði haldist óbreytt. Þetta vekur upp spurninguna; Hve stóran hluta af þessum lækkunum má rekja til þróunar á eftirtöldum sviðum síðastliðinn aldarfjórðung?

- Áhættuþátta kransæðasjúkdóms meðal þjóðarinnar
- Betri lyfjameðferðar
- Meðferðar kransæðastíflu á sjúkrahúsunum.

Vísindafólk Hjartaverndar hefur reynt að svara þessari spurningu út frá víðtækum upplýsingum, sem safnað hefur verið með áratuga mælingum á áhættuþáttum kransæðasjúkdóma í Hóprannsókn Hjartaverndar, en einnig upplýsingum frá hjartadeildum spítalanna- og erlendum lyfjarannsóknum. Um þetta má lesa nánar í netútgáfu Plos One nóvember 2010. Í samantekt sýnir þetta uppgjör að þrír fjórðu hlutar þessarar lækkunar á tíðni kransæðasjúkdóms og dauðsfalla af hans völdum megi rekja til breytinga á áhættuþáttum kransæðasjúkdóms sem orðið hafa meðal Íslendinga á þessu tímabili. Þannig minnkuðu reykingar um helming, sem skýrir um það bil fimmtung fækkunar kransæðatilfella, blóðþrýstingur lækkaði um 5 mmHg sem einnig skýrir um fimmtung lækkunarinnar, líkamshreyfing í frístundum jókst verulega, sem einnig hafði jákvæð áhrif (5%), en vaxandi líkamsþyngd og samfara henni tvöföldun á tíðni tegundar II af sykursýki hafði hins vegar neikvæð áhrif sem nam 10%.

**Lækkun á kólesteróli**

Það sem hafði hins vegar mestu áhrifin var lækkun á heildargildi kólesteróls í blóði Íslendinga á þessu tímabili, sem nam tæpu 1 mmol/L eða um það bil 15% hjá báðum kynjum. Þessi lækkun á þéttni kólesteróls skýrði rúmlega 30% af heildarfækkun kransæðastíflutilfella og dauðsfalla af hennar völdum á þessu tímabili eða meira en þau 25% sem skýrðust af inngripi lyfja og meðferðar á sjúkrahúsunum.

**➜ Þessi æskilegi árangur hefur náðst meðal annars vegna ráðlegginga heilbrigðisyfirvalda og breyttrar áherslu áherslu matvælaiðnaðarins til að mæta kröfum neytenda.**

Þessa lækkun á kólesteróli meðal Íslendinga, í öllum aldurshópum fullorðinna samkvæmt rannsóknum Hjartaverndar, má skýra með minni neyslu á smjöri og hörðu smjörlíki, feitu kjöti, heilmjólk og feitum mjólkurafurðum en aukinni notkun jurtaolíu við matargerð. Þetta hefur leitt til minni fituneyslu í heild sinni, en það sem skiptir þó meira máli, minni neyslu á mettaðri (dýra)fitu, frá því að vera meira en 20% af heildarorkunni í minna en 15% auk þess sem neysla transfitu minnkaði á þessu tímabili úr 2,0% í 1,4%.

Þessi æskilegi árangur hefur náðst meðal annars vegna ráðlegginga heilbrigðisyfirvalda og breyttrar áherslu matvælaiðnaðarins til að mæta kröfum neytenda.

Mér þykir vert að minna á þetta í umræðunni um breytingar á lífsstíl þessa dagana. Allir eru vissulega sammála um óæskileg áhrif viðbætts sykurs í matvæli og gosdrykkja í baráttunni gegn vaxandi offitu og sykursýki, sem áður var minnst á. En áður en ávextir og grænmeti eru skorin við trog og í staðinn ráðlagt feitt kjöt og beikon sem lífsstíll er vert að hafa í huga hvað reynslan hefur kennt okkur hér á Íslandi síðastliðinn aldarfjórðung.

# Opið bréf til Tryggingastofnunar

Ég undirritaður, Joseph George Adessa, skrifa til þess er málið varðar hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna gjörnings sem ég varð vitni að. Þannig er mál með vexti að ég fór á örorku í október 2010 og fékk örorkubætur sem eru langt undir þurftarmörkum.

SAMFÉLAG



**Joseph G. Adessa**
öryrki og fv. framreiðslumaður

Hvað um það. Tæpum tveimur árum seinna athuga ég hvort ég eigi rétt á einhverju frá lífeyrissjóðnum mínum. Búinn að borga í lífeyrissjóð frá því ég var fimmtán ára. Eftir nokkurn tíma fæ ég bréf frá lífeyrissjóðnum um að ég eigi u.þ.b. eina milljón hjá þeim, afturreiknað frá október 2010. Eftir skatt eru þetta um 600 þúsund krónur. Ég voða kátur með það. En stuttu seinna fæ ég bréf frá Tryggingastofnun ríkisins um að ég skuldi stofnuninni 450 þúsund.

Hvað er þetta? Lífeyrissjóðurinn segir að ég eigi eina milljón hjá þeim, 400 þúsund í skatt og 450 þúsund til Tryggingastofnunar ríkisins? 150 þúsund kall eftir. Allt farið til ríkisins!

Ég bara spyr, hvaða system er þetta eiginlega? Og hvaða snillingar búa til svona kerfi? Eða snúast öll kerfi hjá hinu opinbera um það að arðræna öreigana því litla sem þeir eiga?

**Skortur á mannkærleika**

Fólk sem er lasið á líkama eða sál, nema hvort tveggja sé, á ekki fyrir fæði, klæðum eða húsnæði, er með bætur og lífeyri langt undir þurftarmörkum. Það er alltaf verið að nuddast í þessu fólki og segja því að það sé með þúsund kalli of mikið hér og þúsund kalli og mikið þar. Hvað er þetta eiginlega? Maður þorir ekki að segja að þetta sé mannvonska. En þetta er allavega skortur á mannkærleika.

**➜ Sem sagt, ef ég þigg peninginn frá lífeyrissjóðnum á ég að láta Tryggingastofnun ríkisins fá hann. Ef ég þigg hann ekki, þá fær enginn neitt, nema náttúrlega lífeyrissjóðurinn.**

Snúum okkur að mér. Hefði ekki verið best fyrir Tryggingastofnun ríkisins að hirða bara lífeyrinn minn sem ég átti hjá lífeyrissjóðnum strax, heldur en að ég fengi hann fyrst og eyddi honum og koma síðan og rukka mig um hann? Ég bara spyr: Hvaða fíflaskapur er þetta?

Sem sagt, ef ég þigg peninginn frá lífeyrissjóðnum á ég að láta Tryggingastofnun ríkisins fá hann. Ef ég þigg hann ekki, þá fær enginn neitt, nema náttúrlega lífeyrissjóðurinn. Og aftur spyr ég: Hvaða snillingar eru þetta?

**Ps.**

Þið voruð að spyrja mig um skuldastöðu mína og greiðslugetu. Ég var búinn að segja við starfsfólkið hjá ykkur að ég hefði notað peninginn frá lífeyrissjóðnum til að borga upp skuldir mínar. En þetta mál snýst ekki um það. Þetta snýst um ef lífeyrissjóðurinn segir að ég eigi peninga hjá honum. Á ég hann eða á ég hann ekki?

# Beislum neysluna

LOFTSLAG





**Sóley Kaldal**
áhættu- og öryggisverkfræðingur og doktorsnemi í umhverfisverkfræði

**Steinar Kaldal**
meistaranemi í umhverfisstjórnun og stefnumótun

Íslendingar eru neyslufrekasta þjóð heims. Það þýðir að engin önnur þjóð notar meira af auðlindum jarðar til að viðhalda lífsstíl sínum. Ef allir jarðarbúar myndu haga lífi sínu á sama hátt og meðal Íslendingurinn, þyrftum við sex jarðir til að anna eftirspurninni. En við eigum ekki sex jarðir – við eigum aðeins eina. Sú staðreynd er eina óbreytanlega stærðin í reikningsdæmi tilvistar okkar.

Við Íslendingar tilheyrum ásamt öðrum íbúum Vesturlanda þeim tuttugu prósentum jarðarbúa sem nýta tæplega 90 prósent gæða jarðar. Á sama tíma njóta önnur 20 prósent jarðarbúa, þau sem fátækust eru, einungis tæplega tveggja prósenta þeirra gæða sem jörðin hefur upp á að bjóða. Á meðan við Íslendingar eyðum auðlindum jarðar á sexföldum endurnýjunarhraða náttúrunnar göngum við ekki aðeins á mannréttindi annarra jarðarbúa heldur gröfum við undan framtíð okkar eigin barna. Loftslagsbreytingar eru bein afleiðing ofneyslu mannsins á auðlindum jarðar og það getur enginn stöðvað þann vítahring nema við.

Vísindaleg samstaða ríkir um þá spá að án alvarlegrar íhlutunar muni sífellt stærri hluti mannkyns þurfa að takast á við ofsafengnar náttúruhamfarir og skort – ekki síst skort á drykkjarvatni því miðað við framreiknaða bráðnun jökla mun ferskvatnsuppspretta 40% mannkyns hverfa á næstu áratugum.

Hvað getum við gert? Við getum öll innt af hendi verulegt framlag með því að endurskoða lífsstílsval okkar og neysluvenjur, sem og afstöðu okkar til athafna sem skaða eða breyta náttúrunni varanlega. Hlýnun jarðar verður þó ekki stöðvuð nema með sterku samstilltu átaki þjóða.

### Blekking

Einhverjir hafa bent á þá þversögn að til að stemma stigu við loftslagsbreytingum þurfi stjórnmálamenn að taka óvinsælar ákvarðanir sem skerði lífsgæði okkar og þar af leiðandi muni þeir stjórnmálamenn aldrei verða kjörnir.

Þessi þversögn er blekking því hún skilgreinir lífsgæði út frá neyslu. Það vita það allir sem eru eldri en tvævetur að lífshamingjan finnst ekki í neysluvörum. Pólitískar ákvarðanir sem leggja höft á ofneyslu og útblástur gróðurhúsalofttegunda eru ákvarðanir sem stuðla að hreinna andrúmslofti, tryggara aðgengi að drykkjarvatni, stöðugri veðurskilyrðum, færri náttúruhamförum og almennt betri lífsskilyrðum allra jarðarbúa. Þeir sem ekki kjósa að horfa heildrænt á hlutina halda að þetta þýði afturhvarf til fortíðar, stöðnun lífshátta og andúð á tækniframförum. Nema síður sé. Tækniframförum ber að fagna. Þær hafa skilað okkur aukinni hagkvæmni í nýtingu auðlinda auk annarra augljósra kosta sem óþarfi er að tiltaka hér. Það sem vill hins vegar oft fylgja tækniframförum sem skila aukinni hagkvæmni í nýtingu auðlinda eru hin svokölluðu frákastsáhrif. Þau fela í sér að umhverfislegi ávinningurinn sem fæst við aukna hagkvæmni er notaður í aðra neyslu og eyðir því jafnfljótt ávinningnum. Þannig má ljóst vera að það sem til þarf er langt frá því að vera andstaða gegn tækni og vísindum. Það sem til þarf er hugarfarsbreyting þeirra sem njóta góðs af tækniframförum. Hugarfarsbreyting okkar allra. Hún felst meðal annars í því að finna út úr því hvernig tækniframfarir geta stuðlað að aukinni velferð allra í stað vaxtar sumra. Og þar er velferð jarðarinnar ekki undanskilin.

### Dvergvaxnar fórnir

Baráttan gegn loftslagsbreytingum er því handan stjórnmálaskoðana og flokkspólitíkur – við eigum öll sameiginlegan viljann til að lifa af og búa börnum okkar góða framtíð. Stjórnmálamenn allra flokka þurfa að taka einarða afstöðu með mannfólkinu og þar með náttúrunni því tíminn til að bregðast við er núna. Löngu áður en sjálfbærni varð tískuorð höfðu frumbyggjar Norður-Ameríku tileinkað sér hugarfar sem fólst í að hugsa um afleiðingar allra gjörða sinna á lífsskilyrði sjöundu kynslóðarinnar sem erfa skyldi jörðina. Slíkur hugsanagangur er til eftirbreytni. Það getur hins vegar verið erfitt fyrir nútímamanninn sem vill allt í dag – og helst mikið af því – að setja sig í spor komandi kynslóða og velta fyrir sér hverjar afleiðingarnar af neysluvenjum hans munu verða. Ef slík hugsun er erfið þá er ljóst að hegðunarbreytingin verður enn erfiðari. Ef menn hins vegar staldra aðeins við og velta fyrir sér hvað efnishyggjan hefur fært þeim samanborið við hinar ýmsu einföldu hamingjustundir sem við öll þekkjum og kosta ekki neitt ætti öllum að vera ljóst að að þær breytingar sem þurfa að eiga sér stað eru dvergvaxnar fórnir miðað við þann ávinning sem er í húfi.

Heimildir um vistspor Íslendinga: http://skemman.is/stream/get/1946/5384/16167/1/Vistspor_%C3%8Dslands.pdf

**→ Við getum öll innt af hendi verulegt framlag með því að endurskoða lífsstílsval okkar og neysluvenjur, sem og afstöðu okkar til athafna sem skaða eða breyta náttúrunni varanlega. Hlýnun jarðar verður þó ekki stöðvuð nema með sterku, samstilltu átaki þjóða.**

GUNNARS 1960

GOTT FRÁ GUNNARS
5 gerðir af ljúffengu salati




Nýtt og gott frá Gunnars

Bjóðum alla velkomna í verslanir Hagkaupa í Skeifunni og í Garðabæ þar sem við verðum með kynningar dagana 28. og 29. nóvember frá kl. 16:00 til 19:00

Salötin verða á sérstöku kynningarverði í viku eða frá 28. nóv. til 5. des.
Endilega kíkið við og smakkið okkar gómsætu salöt.

Sjáumst!

GUNNARS 1960
GUNNARS GÆÐI

†



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**INGIMUNDAR ÁRNASONAR**
**frá Kópaskeri.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi fyrir frábæra umönnun og einstaka hlýju.

**Árni Ingimundarson** **Stefanía Björnsdóttir**
**Gunnlaugur Ingimundarson** **Rakel Guðný Pálsdóttir**
**Ari Ingimundarson** **Hildur Traustadóttir**
**Sigurveig Ingimundardóttir** **Stefán Friðgeirsson**
**Sólrún Ingimundardóttir** **Skúli Arnfinnsson**
**barnabörn og langafabörn.**

†



Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**KRISTJÁN HANNESSON**
**Kaupangi, Eyjafjarðarsveit,**

verður jarðsunginn í Kaupangi 30. nóvember kl. 13.30.

**Olga Ágústsdóttir**
**Valgerður Kristjánsdóttir** **Karl Guðmundsson**
**Sigríður Kristjánsdóttir** **Lúðvík Elíasson**
**Helga Kristjánsdóttir**
**Hannes Kristjánsson** **Elva Ásgeirsdóttir**
**Ágúst Kristjánsson** **Sólveig Sveinsdóttir**
**Laufey Kristjánsdóttir**
**og barnabörn.**

†



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**KLARA VERMUNDSDÓTTIR**
**hjúkrunarheimilinu Skjóli,**

andaðist fimmtudaginn 14. nóvember.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Starfsfólki Skjóls sendum við þakklæti okkar fyrir frábæra umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hafsteinn Ársæll Ársælsson**

†



Okkar kæri

**AÐALSTEINN VALDIMARSSON**
**frá Hvallátrum í Breiðafirði,**
**Kirkjuvöllum 9, Hafnarfirði,**

lést sunnudaginn 24. nóvember.

**Guðfinna Vigfúsdóttir**
**Ásta Valdís Roth Aðalsteinsdóttir** **Andreas Rolf Roth**
**Snædís Gíslín Heiðarsdóttir** **Ragnar Ólafur Guðmundsson**
**Jens Valdimarsson**
**Ella Margret Roth**
**Ian Arthur Roth**
**fjölskylda og aðrir aðstandendur.**


**Nóvembertilboð**

**30% afsláttur af íslensku blágrýti**

**eingöngu af legsteinum á lager**

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval**
**Gerið verðsamanburð**

10% staðgreiðsluafsláttur

Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - sími 587 1960 - www.mosaik.is


**FRÉTTABLAÐIÐ**

Vegna stærðar blaðsins á morgun, föstudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í föstudagsblaðið færist því fram til kl. 13.30.**



**LITIR ÍSLANDS** Marco Nascher og Matthias Vogt segjast hafa fengið góðar viðtökur við mynd sinni meðal annars í föðurlandinu Liechtenstein og í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sýna draum sinn frá Íslandi sem rættist

**Landslagsljósmyndarinn Marco Nescher og þyrluflugmaðurinn Matthias Vogt frá Liechtenstein sýna heimildarmynd sína um náttúru Íslands, The Colors of Iceland, í Bíói Paradís í kvöld og næstu daga. Myndin samanstendur af ljósmyndum sem teknar voru á flugi.**

„Ég fékk hugmyndina að þessari mynd þegar ég var staddur á Íslandi sumarið 2011 í þrjá mánuði með konunni minni. Við keyrðum um allt Ísland og ég var svo heppinn að fá að fljúga yfir landið. Þá hreifst ég svo mjög af útsýninu og úr varð þessi mynd,“ segir landslagsljósmyndarinn Marco Nescher sem sýnir myndina The Colors of Iceland, sem hann gerði ásamt félaga sínum, þyrluflugmanninum Matthias Vogt, í Bíói Paradís í kvöld og næstu daga.

**Marco og Matthias eru báðir frá Liechtenstein**

Heimildarmynd þeirra félaga, The Colors of Iceland, samanstendur af ljósmyndum af náttúru Íslands sem teknar voru úr lofti í ferð þeirra um landið sumarið 2012. „Ég sagði við Matthias að við þyrftum hreinlega að framkvæma þessa hugmynd því náttúrufegurðin á Íslandi væri svo mikil og mig dreymdi um að taka myndir af henni úr þyrlu. Þetta byrjaði því sem draumur og hann hefur nú ræst. Matthiasi þótti þetta brjáluð hugmynd en samþykkti að lokum, sem betur fer. Það er eins gott að ég er ekki þyrluflugmaður sjálfur því þá hefðum við eflaust ekki náð alla leið til Íslands,“ segir Marco og hlær, en alls flugu þeir í um sextán klukkustundir alls yfir landinu og tóku myndir. „Svo höfum við hist nokkrum sinnum síðasta eina og hálfa árið til að fara yfir hlutina og fínpússa. Úr varð þessi blanda af fallegum myndum og fallegri tónlist,“ bætir Matthias við.

Marco segir The Colors of Iceland hafa hlotið gríðarlega góðar viðtökur þar sem hún hefur verið sýnd. „Liechtenstein er lítið land, með aðeins um 35.000 íbúa, en samt komu 1.400 manns á sýninguna okkar þar. Í Þýskalandi, þar sem við sýndum myndina á stórri náttúruljósmyndaráðstefnu, stóðu áhorfendur upp og klöppuðu að sýningu lokinni,“ segir hann og vonast til að einhverjir ferðamenn ákveði að ferðast til Íslands eftir að hafa séð myndina. „Vonandi koma bara ekki of margir.“









**ÍSLAND** Hér má sjá nokkrar af þeim myndum sem bregður fyrir í The Colors of Iceland. MYNDIR/MARCO NESCHER

Matthiasi leist svo vel á Ísland í ævintýraferð hans og Marcos að hann ákvað stuttu síðar að flytjast til landsins. Nú stundar hann MA-nám í alþjóðaviðskiptum við Háskólann í Reykjavík og kann vel við sig. „Mig langaði að flytja til einhvers annars lands til að halda náminu mínu áfram og hugsaði: hvers vegna ekki til Íslands? Ég sé ekki eftir ákvörðuninni því hér er frábært að vera,“ segir Matthias, sem býr í kjallaraherbergi í Kópavogi. Aðspurður segist hann stundum vilja búa nær miðbænum í Reykjavík, en hann hafi þó flutt bílinn sinn með sér til landsins. „Líklega er það bara ágætt að hann búi ekki nær öllum skemmtistöðvunum,“ segir Marco félagi hans.


kjartan@frettabladid.is


†



Elskuleg móðir mín, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR**
**áður Dalbraut 27,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 26. nóvember. Útförin auglýst síðar.

**Magnús Stefánsson** **Lilja Kristinsdóttir**
**Ólafía Ragnarsdóttir** **Björgvin Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




**TÍSKUDÚKKUR Á UPPBOÐI**
**Chanel, Dior og Lanvin eru meðal tískufyrirtækja sem hafa hannað einstakar dúkkur sem seldar verða á UNICEF-uppboði 2. desember. Dúkkurnar verða til sýnis í Petit Palais í París til 1. desember.**


TÆKIFÆRISGJAFIR
f. 12 m. með fylgihl.
Margar gerðir
TILBOÐ
Mikið af flottum tilboðum
www.tk.is
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955





NÝ SENDING AF JÓLAFÖTUM!
ÚTSALA HAFIN Á ÚLPUM
BASLER
Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770





Allar buxur á 20% afslætti.
Frábær úrval af buxum í góðum sniðum.
Stærðir 34-46
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777




# REYKSKYNJARINN VEITIR ÖRYGGI

**LSS KYNNIR** *Sólveig Arnarsdóttir leikkona býr í timburhúsi í miðborginni en hún sótti sér fræðslu um eldvarnir eftir að eldur kom upp hjá nágranna.*

Jón Pétursson slökkviliðsmaður heimsótti Sólveigu en hann er forvarnarfulltrúi hjá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. „Það var fínt að fá Jón hingað,“ segir Sólveig. „Þótt maður telji sig vita allt um eldvarnir er gott að fá áminningu. Ég myndi ráðleggja lesendum að standa strax upp og setja upp reykskynjara. Ef hann er kominn upp nú þegar ætti að athuga með rafhlöður. Þegar eldur kom upp hér í götunni varð mér mjög brugðið þegar ég áttaði mig á að reykskynjarinn okkar var rykfallinn uppi á ísskáp. Sem betur fer urðu ekki slys á fólki en mikið tjón og óþægindi hljótast af bruna,“ segir Sólveig.

„Jón var undrandi þegar í ljós kom að við ætluðum eingöngu að hafa reykskynjara í aðalrými hússins. Nauðsynlegt er að hafa reykskynjara í öllum herbergjum. Einnig þarf að hafa slökkvitæki og eldvarnarteppi sjáanlegt og við höndina,“ segir Sólveig. „Ég er viss um að margir eru eins og við með reykskynjarann liggjandi einhvers staðar þar sem hann gerir ekkert gagn. Það er því áskorun mín til lesenda að hafa þessa hluti í lagi. Reykskynjarinn er ódýrt öryggistæki,“ segir hún enn fremur. „Þá þarf að vera réttur reykskynjari nálægt eldhúsi sem ekki fer í gang þegar brauð er ristað.“

Jón Pétursson segir að Sólveig hafi gert sér fulla grein fyrir að hún þyrfti að bæta úr eldvarnarmálum á heimilinu. „Hún þarf að bæta við reykskynjurum. Það er nauðsynlegt að hafa reykskynjara í öllum rýmum sem við viljum að fólk komist lifandi úr ef eldur kemur upp. Reykskynjarinn hefur bjargað mörgum mannslífum. Nauðsynlegt er að skipta um rafhlöður árlega.

Til að draga úr brunahættu þarf að hafa alla hluti á heimilinu í reglu, hafa hreinlegt í kringum sig, geyma aldrei neitt á eldavél né fara frá henni á meðan verið er að elda. Þá er mikilvægt að lesa alltaf leiðbeiningar með tækjum og fara eftir þeim,“ útskýrir Jón.

„Þar sem Sólveig býr í timburhúsi sem er verið að byggja við og breyta er mjög mikilvægt að allar brunavarnir séu í lagi. Hún ætti að fá sér slökkvitæki, ég mælti með 6 lítra léttvatni. Tækið á að vera sýnilegt. Eldvarnarteppi á sömuleiðis að vera á öllum heimilum og aðgengilegt í eldhúsi.“

**ELDVARNIR** Jón Pétursson slökkviliðsmaður leiðbeinir Sólveigu Arnarsdóttur um eldvarnir á heimilinu. Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna býður upp á forvarnarfræðslu í skólum og fyrirtækjum. MYND/STEFÁN




Jólagjafirnar í ár...
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Reverie
RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED
REVERIE 3E Essential með IQ heilsudýnum 90x200cm x 2 rúm
Verð aðeins kr. 399.900.-
REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnum 90x200cm x 2 rúm
Verð aðeins kr. 499.900.-
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
20% afsl.
IQ - CARE - Heilsukoddinn Verð nú kr. 11.920.-
Saga / Freyja heilsudýnur á frábæru verði
Rafdrifnir hægindasófar Verð kr. 219.900.-
Rafdrifnir hægindastóllar Verð kr. 119.900.-
20% afsl.
Vinsæli viðhaldskoddinn Verð nú kr. 15.920.-
Hágæða sængurverasett Mikið úrval
20% afsl.
Vandaðir sloppar dömu/herra
Crabtree & Evelyn LONDON
Mikið úrval
Sængur, koddar, lök og hlífðardýnur
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Gerðu gæða- og verðsamanburð

# GALAKJÓLAR Í KANADA

**TÍSKA** *Ein stærsta tískuvika í Kanada fór fram í Toronto þar sem fjölmenni fylgdist með innlendum og erlendum hönnuðum sýna vor- og sumartísku 2014.*

Tískuvikan, sem ber nafnið World MasterCard Fashion Week, vekur mikla athygli víðar en í Kanada, enda sýna margir ungir hönnuður þar vöru sína. Aðrir hafa þegar getið sér gott orð í tískuheiminum.

Þar má nefna hinn gríska Stephan Caras sem sýndi fallega galakjóla í rómantískum litum. Caras menntaði sig í Ástralíu og sökkti sér ungur í heim tískunnar. Hann hefur verið leiðbeinandi í fatavali helstu fegurðardrottninga heimsins, til dæmis Miss Universe. Honum hefur verið boðið að taka þátt í tískusýningum í París, London, New York, Los Angeles og víðar þar sem hann sýnir með heimsþekktum hönnuðum. Caras þykir hafa einstaka framtíðarsýn fyrir hönnun og næmt auga fyrir kvenlegum glæsileika.

Mikael D er ungur kanadískur hönnuður sem getið hefur sér gott orð fyrir listræna sköpun og hönnun. Foreldrar hans hönnuðu og framleiddu barnafatnað svo hann á ekki langt að sækja hæfileikann. Mikael D sýndi galakjóla fyrir næsta sumar, líkt og Caras og báðir lögðu þeir áherslu á rómantík, blúndur og fínar línur. Mikael D selur hátískuföt undir eigin merki.

Margir aðrir sýndu hönnun sína á tískuvikunni í Toronto en gaman er að skoða hvaða hugmyndir þeir Mikael D og Caras hafa um fallega kjóla, nú þegar jólin og nýársfagnaðir eru á næsta leiti.



**HAFMEYJAN** Fallega blár hafmeyjukjóll hannaður af Mikael D.




**BLEIKT OG SVART** Það er greinilegt að bleikt og svart verður áberandi næsta sumar. Stephan Caras hannaði þennan kjól. MYNDIR/GETTY



**SVART OG BLÚNDA** Svartir blúndukjólar voru áberandi á tískusýningum í Toronto en ljósir litir eru ekkert síður vinsælir.



**SUMARLEGUR** Stephen Caras hannaði þennan fallega galakjól og lætur vítt, bleikt pilsið njóta sín vel.



**MEÐ SILFURÞRÁÐUM** Þessi fallegi, stutti, hvíti og silfurliti kjóll er hannaður af hinum unga Mikael D.



**MEIRI BLÚNDA** Fallegur kjóll, hannaður af Mikael D fyrir vorið 2014.

# JÓLAHLAÐBORÐ Á AÐEINS 1.990 KR.!

**SJÁVARBARINN KYNNIR**

Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður á Sjávarbarnum, hefur sett saman einstaklega girnilegt hlaðborð fyrir hópa og fyrirtæki sem er upplagt í jólagleðina á vinnustaðnum, í veislusal eða heima. „Þetta er einfalt og ódýrt jólahlaðborð en á því eru bæði heitir og kaldir klassískir réttir og verð á mann er aðeins 1.990 krónur," segir Magnús Ingi. „Á borðinu eru karrísíld og rauðrófusíld, sjávarréttafantasía, purusteik, hangikjöt og kjúklingur. Meðlætið er ríkulegt; heit sósa, brúnaðar kartöflur, kartöflujafningur, fjölbreytt grænmeti, ferskt salat, kaldar sósur og úrval af brauði." Lágmarksfjöldi er 10 manns en allar nánari upplýsingar er að finna á vef Sjávarbarsins, sjavarbarinn.is.



2 FYRIR 1

*af fiski og frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.900 kr. fyrir tvo.*

*Gildir til 31.12.2013.*
*Sjavarbarinn.is s: 517-3131*

# BÓN OG HREINSIVÖRUR FYRIR JÓLIN

**MÁLNINGARVÖRUR KYNNA** *Bón og hreinsivörur frá Málningarvörum eru vinsælar jólagjafir handa bíleigendum. Vörurnar fást í fallegum pökkum og töskum.*

Pakkar og töskur með Meguiar's bóni og hreinsivörum frá Málningarvörum eru vinsælar jólagjafir til bíleigenda á öllum aldri. Steindór Reykdal, starfsmaður hjá Málningarvörum, segir marga koma til þeirra fyrir hver jól og kaupa pakka enda er um sérlega heppilegar og gagnlegar gjafir að ræða. „Við höfum sérstaklega selt mikið af stóru og veglegu töskunum okkar en þær innihalda flest þessi helstu efni sem bílaáhugamenn þurfa að eiga. Í töskunni eru sápa, bón, felguhreinsir, mælaborðshreinsir, dekkjagljái, þvottahanski og örtrefjaklútur. Öll efnin koma saman í handhægri tösku á frábæru jólatilboði."

Auk þess bjóða Málningarvörur líka minni pakka og svo geta viðskiptavinir að sjálfsögðu búið til sinn eigin pakka að vild segir Steindór.

Málningarvörur eru í Lágmúla 9 í Reykjavík sem er bakhúsið hjá Nova. „Þar er svo sannarlega stórmarkaður bílaáhugamanna með allar helstu hreinsivörur fyrir bíla, bæði að innan sem utan. Viðskiptavinir njóta líka góðs af því að ræða við fagmenn sem hafa svör við öllum spurningum um hreinsun og viðhald bílsins. Hjá Málningarvörum vinnur hópur reyndra manna sem hafa starfað lengi í þessum bransa og viðskiptavinir okkar eru í góðum höndum."

Helsta nýjungin hjá Málningarvörum núna er Water Spot Remover sem er efni sérstaklega ætlað til að fjarlægja för eftir vatnsdropa á öllum glansandi flötum. „Efnið fjarlægir för eftir vatnsdropa af til dæmis lakki, gleri, plasti og fleiri yfirborðsefnum. Þetta töfraefni leysir úr vanda hér sem annars staðar þar sem áfall vegna regns getur skapað bletti. Þetta á sérstaklega við á stórum svæðum í og við gufuaflsvirkjanir eins og til dæmis hér á suðvesturhorni landsins."




**GÓÐ GJÖF** Stóru töskurnar innihalda helstu efnin sem bílaáhugamenn þurfa að eiga að sögn Steindórs Reykdal hjá Málningarvörum. MYND/GVA



**JÓLAGJÖFIN** Töskurnar eru veglegar og tilvalin jólagjöf fyrir bílaáhugamanninn. MYND/GVA

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

# RISA

# ÍÞRÓTTAMARKAÐUR

**Laugardaginn 30. nóvember og sunnudaginn 1. desember kl. 10.00–18.00 verður stóri íþróttamarkaðurinn haldin í Laugardalshöll. Markaðurinn verður í gangi bara þessa tvo daga og eftir miklu að slægjast.**

Amerikuverð á skóm og fatnaði frá Asics, Brooks, Ecco, Casall, Hummel, North Rock, Compressport, Ronhill o.fl.

Starfmenn Atlas göngugreiningar ráðleggja með tölvugreiningarbúnaði um val á skóbúnaði eftir þínu fótlagi og niðurstigi.

Starfsmenn frá flestum vörumerkjunum verða á staðnum með kynningar og aðstoða viðskiptavini.

***Komdu og gerðu frábær kaup á alla fjölskylduna.***















**Í LONDON** Paris Hilton heimsækir vöruhúsið Selfridges í Oxford Street með hatt frá Treacy.



**KONUNGLEG** Katrín, hertogaynja af Cambridge, kemur hér til Windsor-kastala með hatt sem Treacy hannaði.



**VEKUR ATHYGLI** Beatrice prinsessa er mikill aðdáandi Treacys og ber oft hatta frá honum. Þessi sandliti hattur, sem hún bar við konunglegt brúðkaup Vilhjálms frænda síns og Katrínar hertogaynju, vakti mikla athygli. Með henni er systir hennar, Eugenie.



**BEÐMÁL** Sarah Jessica Parker kemur á frumsýningu kvikmyndarinnar Sex and the City með hatt frá Philip Treacy.



**FÍNAR** Systurnar Santa Palmer-Tomkinson rithöfundur og Tara Palmer-Tomkinson sjónvarpskynnir mættu með hatta frá Treacy í hið konunglega brúðkaup.

# KONUNGUR HATTA

***VINSÆLL** Philip Treacy er einn vinsælasti hattahönnuður veraldar. Konur sem bera hatta hans komast oftar en ekki á síður dagblaða og tímarita.*

Philip Treacy hefur hannað hatta fyrir Alexander McQueen, Karl Lagerfeld og Chanel, Valentino, Ralph Lauren og Donnu Karan svo einhverjir séu nefndir. Hann hefur hlotið meðal annars bresku hönnunarverðlaunin og verið heiðraður af Karli Bretaprins og Kamillu konu hans.

Vinsældir Treacy eru þó ekki síst hjá fræga fólkinu. Hann hefur hannað hatta jafnt fyrir kóngafólk, kvikmyndastjörnur og listamenn. Treacy hannaði hatta fyrir 36 konur sem voru gestir í konunglegu brúðkaupi Vilhjálms prins og Katrínar, hertogaynju af Cambridge. Þar á meðal stóðu blaðamenn á öndinni vegna höfuðfats sem hann hannaði fyrir prinsessu Beatrice og birtust myndir af henni um allan heim. Treacy hefur hannað fyrir flestar konur í bresku konungsfjölskyldunni.

Þá hefur hann gert hatta fyrir frægar bíómyndir, þar á meðal Harry Potter. Einnig gerði hann frægan hatt sem Sarah Jessica Parker var með við frumsýningu bíómyndarinnar Sex and the City. Þá hefur hann gert höfuðföt fyrir Lady Gaga.

Philip Treacy fæddist á Írlandi í maí 1967. Hann flutti til Dyflinnar árið 1985 til að læra fatahönnun og hattagerð.



**SNJALL HÖNNUÐUR** Írski hattahönnuðurinn Philip Treacy ásamt fyrirsætunni Klaudiu Molenda.

# UMEMI STYÐUR STÚLKUR

*Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir og Rauði krossinn hafa tekið höndum saman til styrktar stúlkum í Síerra Leóne.*

Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður hefur hannað púða til styrktar stúlkum í Moyamba-athvarfinu í Síerra Leóne fyrir Rauða krossinn. Púðarnir eru úr efnum sem stúlkur í athvarfinu hafa handlitað og rennur allur ágóði af sölu púðanna óskiptur til kaupa á saumavélum sem stúlkurnar fá að gjöf.

Í Moyamba-skólanum fer fram endurhæfing fyrir ungmenni sem upplifðu miklar hörmungar í borgarastyrjöldinni þar í landi annaðhvort sem hermenn eða sem kynlífsþrælar. Í skólanum læra þau að lesa og skrifa og fá þjálfun í iðngreinum svo sem smíði og saumum. Að námi loknu fá þau í gjöf verkfæri eða saumavél sem hjálpar þeim að koma undir sig fótunum í lífinu.

Ragnheiður Ösp notar vöfflusaum í útfærslu púðanna og var saumavinnan unnin í sjálfboðavinnu af sjálfboðaliðum Rauða krossins í Kópavogi. Aðeins voru unnir 18 púðar og stendur Kópavogsdeild Rauða krossins fyrir sölu á púðunum fram að jólum. Útsölustaðir eru Hrím, Epal og Mýrin.



**Á FACEBOOK-SÍÐU RAUÐA KROSSINS Í KÓPAVOGI STENDUR NÚ YFIR UPPBOÐ Á ÞREMUR PÚÐUM.**

**ÍSLENSK HÖNNUN TIL GÓÐGERÐA** Ragnheiður Ösp vöruhönnuður hannaði púða fyrir Rauða krossinn til styrktar stúlkum í Síerra Leóne.







**LITRÍK** Áberandi gleraugu Apfel eru einkennismerki hennar. Hún klæðist gjarnan skærum og áberandi flíkum og fyrirferðarmiklum fylgihlutum. Í bígerð er að reisa safn sem mun hýsa fatnað, skart, fylgihluti og húsgögn sem hafa verið í eigum tískugyðjunnar.

NORDICPHOTOS/GETTY

# NÍRÆÐ TÍSKUGYÐJA

*Iris Apfel vekur athygli hvar sem hún fer enda skartar þessi 92 ára kaupsýslukona áberandi klæðnaði.*



Iris Apfel er sannkölluð tískugyðja. Hún er kaupsýslukona sem hefur einnig starfað sem innanhússhönnuður og hefur ótrúlegan áhuga og vit á öllu sem tengist tísku.

Iris Apfel fæddist í Queens í New York árið 1921. Hún stundaði nám í listasögu við háskólann í New York og lærði einnig við listadeild háskólans í Wisconsin. Sem ung kona starfaði Apfel fyrir tískutímaritið Woman's Wear Daily og fyrir innanhússhönnuðinn Elinor Johnson.

Hún giftist Carl Apfel árið 1948 og tveimur árum síðar setti hún á fót textílfyrirtækið Old World Weavers sem hún rak til ársins 1992. Apfel starfaði einnig sem innanhússhönnuður og tók þátt í ýmsum verkefnum, til dæmis fyrir Hvíta húsið í tíð níu forseta, Trumans, Eisenhowers, Nixons, Kennedys, Johnsons, Carters, Reagans og Clintons.

Apfel er í dag ráðgjafi og heldur fyrirlestra um stíl og önnur málefni sem snúa að tísku. Í ár var hún á lista yfir fimmtíu best klæddu Bandaríkjamennina sem valinn var af tímaritinu The Guardian.

Árið 2005 setti Metropolitan-safnið í New York upp sýningu um Apfel sem hét Rara Avis (sjaldgæfur fugl): hin lotningarlausa Iris Apfel. Sýningin vakti svo mikla lukku að hún var sett upp víðar um Bandaríkin. Þá hefur safnið Lifestyle & Fashion History í Flórída ákveðið að hanna byggingu sem mun hýsa gallerí tileinkað Apfel þar sem verða til sýnis föt hennar, fylgihlutir og húsgögn.




Flott föt fyrir flottar konur
Stærðir 38-58
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Finndu þinn eigin fatastíl
Vertu einstök – eins og þú ert



My Style tískuhús
Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464

yoek
Túnikur og kjólar
í stærðum 42-52.



hjá Hafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16
Vertu vinur okkar á Facebook



## SÝNING Í TÖSKU

**Franska tískuhúsið Louis Vuitton hefur reist risatösku á Rauða torginu í Moskvu fyrir sýningu sína.**

**TÍSKA** Ekki eru allir sáttir við hina risastóru tösku sem tískuhúsið Louis Vuitton hefur látið reisa á Rauða torginu í Moskvu. Þar verður opnuð sýningin L'Âme du Voyage 2. desember og mun hún standa til 19. janúar. Á sýningunni verða sýndar myndir af 25 frægum persónum á ferðalagi með töskur frá Louis Vuitton.

Kommúnistaflokkurinn hefur gagnrýnt hinn risastóra kassa og telur ekki heppilegt að hafa hann svo nálægt Kreml og forsetabústaðnum.









# BESTU OG VERSTU

**TÍSKA** *Bandaríska tónlistarverðlaunahátíðin var haldin í L.A. nýverið. Stjörnurnar voru fagurlega klæddar þótt sumum virtist takast betur til en öðrum að mati tískuspekúlanta. Hér eru þær best og verst klæddu samkvæmt Eonline.*

**BEST KLÆDDU**

**VERST KLÆDDU**



**GLÆSILEG Í HVÍTU** Nicole Richie þótti heillandi í hvítum kjól frá Emilio Pucci.





**RUGLANDI MYNSTUR** Söngkonan Ciara klæddist kjól með afar truflandi mynstri sem þótti ekki heillandi.





**KOM Á ÓVART** Miley Cyrus hefur undanfarið hneykslað fólk með framkomu og klæðaburði. Að þessu sinni var hún afar glæsileg í hvítri dragt frá Versace.

**KARDASHIAN-SYSTIR** Kendall Jenner, yngri systir Kardashian-systra, þótti glæsileg. Hún er fyrirsæta og landaði nýlega stórum samningi.

**VERÐLAUNAHAFI** Taylor Swift vakti verðskuldaða athygli í þessum gyllta kjól frá Julien MacDonald. Hún hreppti sjálf fjölda verðlauna á hátíðinni.



**Í TÆTARANUM** Fyrirsætan Heidi Klum þykir taka sig vel út í flestu en í þetta sinn var tískulöggan ekki sátt við valið.



**ILLA VALIÐ** Emma Roberts þótti hafa valið illa í þessum kjól frá Lanvin sem minnti helst á ruslapoka.

NORDICPHOTOS/GETTY

# JÓLAKLIPPING HERRA

*Eyjólfur Páll Víðisson, hárgreiðslumaður hjá Rakarastofunni Basic í Laugumm segir rakað í hliðum vera jólaklippingu herranna í ár.*

„Það verður klárlega sú að vera með rakað í hliðunum og með hár ofan á kollinum til að greiða," segir Eyjólfur Páll Víðisson, hárgreiðslumaður hjá Rakarastofunni Basic í Laugum, þegar hann er spurður út í jólaklippinguna fyrir herra í ár.

„Þessi klipping er vinsælust núna hjá alveg frá 14 ára strákum og upp í 35 ára. Eftir það eru herrarnir meira komnir í rakað í hliðum og með mjög stutt hár ofan á og þá ekki endilega til að greiða til hliðar eða slíkt. Svo heldur sér alltaf þessi klassíska, klippt stutt í hliðum og hnakka og aðeins hár ofan á sem er þá greitt til hliðar eða liggur niður."

Ungi viðskiptavinurinn í stólnum var einmitt að fá klassíska herraklippingu hjá Eyjólfi en hann sagði yngstu strákana líka alveg eins vilja fá rakað í hliðunum.

Til þes að greiða lubbann mælir Eyjólfur með að nota góðar hárvörur og vera óhræddur við að nota hárblásarann.

„Ég mæli ekki með því að setja vörurnar í blautt hárið og þá má alveg blása það aðeins til að þurrka það. Hárið á þó ekki að vera alveg þurrt þegar efnið fer í, til að geta mótað það sem best."

En láta herrarnir lita á sér hárið?

„Herrarnir er mikið til hættir að lita á sér hárið, það hefur minnkað mikið frá því bara fyrir tveimur árum. En það er auðvitað alltaf einn og einn sem kemur í lit og jafnvel strípur," segir Eyjólfur sem opnaði nýlega Rakarastofuna í Laugum ásamt Guðbjörgu Lindu Vilhjálmsdóttur.

„Við erum nýbyrjuð með stofuna hér og bara spennandi að sjá hvernig þetta gengur. Það þarf ekki að panta tíma heldur kíkir fólk bara við og skellir sér í stólinn. Við erum líka með afar hagstætt verð," segir Eyjólfur.



**VINSÆLT** Eyjólfur Páll Víðisson hjá Basic var spurður út í jólaklippingu herra.

MYND/DANÍEL

# Graníthöllin
## Legsteinar

# Allt innifalið!
**Tilboð út nóvember á legsteinum ásamt beðramma og fylgihlutum**



Einnig til í Paradiso (Brúnleitt)

Fullt verð: ~~475.000,-~~

**Tilboð: 325.000,-**



Einnig til í Shanxi Black (Svart)

Fullt verð: ~~400.000,-~~

**Tilboð: 278.000,-**



Eingöngu til í Shanxi Black (Svart)

Fullt verð: ~~515.000,-~~

**Tilboð: 349.000,-**

## Innifalið í tilboði:
Beðrammi, undirlag og hvít möl.
Granítlukt, fjölnota batterískerti og granítvasi.
Áletrun sem og ein ígrafin mynd t.d. kross, rós o.fl.
Uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og nágrannabyggðalögum og einnig pökkun fyrir landsbyggðina.



Lukt + Vasi + Kerti + Beðrammi

**ATH!**
**Setjum upp legsteina allt árið!**

Dæmi um uppstillingu



Einnig bjóðum við 20% afslátt af öllum öðrum legsteinum




Graníthöllin
Bæjarhrauni 26
220 Hafnarfirði
Sími 555-3888
www.granithollin.is

# KYNSLÓÐIR PRJÓNA JÓLAPEYSUR

**BARNAHEILL KYNNIR** *Tvær fallegar jólapeysur eru prjónaðar þessa dagana á Hrafnistu í Reykjavík. Þær verða báðar boðnar upp á uppboði í næstu viku og rennur andvirðið til Barnaheilla. Mikil prjónahefð ríkir á Hrafnistu.*

Starfsmenn og dvalargestir á Hrafnistu í Reykjavík eru þessar vikurnar að prjóna saman tvær fallegar jólapeysur. Markmið er að halda uppboð á þeim fljótlega og gefa andvirðið til Barnaheilla. Sigurbjörg Hannesdóttir, deildarstjóri iðjuþjálfunar hjá Hrafnistu í Reykjavík, segir hópinn hafa áður tekið þátt í ýmsum samvinnuverkefnum undanfarin ár en þetta sé í fyrsta skiptið sem þau vinna fyrir Barnaheill. „Hugmyndin varð til í starfsmannahópnum yfir hádegismatnum fyrir nokkrum vikum. Ein hafði lesið auglýsingu á netinu og annarri datt í hug að vinna svona verkefni á Hrafnistu. Svo fæddist hugmyndin um uppboð sem færi fram á Skálafelli, nýja matsalnum hér á Hrafnistu í Reykjavík. Fyrst ætluðum við að gera eina peysu en svo langaði okkur að gera tvær stærðir, eina rauða og eina græna.“

**MARGIR HJÁLPAST AÐ**

Fjöldi starfsmanna og dvalargesta kemur að vinnunni að sögn Sigurbjargar. Starfsmenn hengdu upp auglýsingu innanhúss og sendu einnig á póstlista Hrafnistu. Öllum var boðið að vera með í verkefninu; starfsmönnum, dvalargestum og ættingjum. „Dvalargestir og starfsmenn hafa verið sérstaklega duglegir undanfarnar tvær vikur en við starfsmenn höldum þó utan um verkefnið. Báðar peysurnar eru prjónaðar samtímis ásamt fjórum ermum. Allir sem koma að prjónaskapnum skrá nafn sitt á lista sem fylgir hvorri peysu. Þannig fær sá sem býður hæst í viðkomandi peysu nafnalistann með og getur séð hverjir tóku þátt í gerð hennar sem er virkilega skemmtilegt.“

Áætluð verklok eru í næstu viku. Upphaflega var stefnt á næstu helgi en vegna jólabasars og undirbúnings í tengslum við hann hefur prjónaskapurinn tafist lítillega. „Við stefnum þá bara á næstu viku og þá taka prjónamaskínurnar í hópnum við. Þegar við sjáum fram á verklok byrjum við að skipuleggja uppboðið sem verður vonandi sem fyrst enda styttist í jólin. Við ætlum að auglýsa það vel og draumurinn er að fá uppboðsstjóra og gera þetta svolítið flott. Auðvitað rennum við svolítið blint í sjóinn varðandi upphæðina en að sjálfsögðu vonumst við eftir góðum viðbrögðum þannig að Barnaheill njóti vel.“ Ef uppboðið gengur vel eru góðar líkur á að verkefnið verði endurtekið á næsta ári enda segir Sigurbjörg að það sé góður vettvangur fyrir dvalargesti, starfsmenn og ættingja til að sýna samstöðu og láta um leið gott af sér leiða.



Dvalargestir og starfsmenn Hrafnistu í Reykjavík prjóna jólapeysur þessa dagana sem á að selja á uppboði til styrktar Barnaheillum. MYND/DANÍEL

**MIKIL PRJÓNAHEFÐ**

Sjálf segist Sigurbjörg ekki vera mikil prjónakona. Þegar hún hóf störf á Hrafnistu fyrir tíu árum hafi hún þó smitast af dvalargestum sem prjónuðu mikið. „Þá byrjaði ég að prjóna á fullu en gekk illa að klára. Núorðið kaupi ég frekar af heimilisfólkinu hér enda er mikil prjónahefð á Hrafnistu. Hér áður fyrr var mjög mikið prjónað hér fyrir hver jól og voru hér sokkar, vettlingar og treflar í kassavís. Nú eru dvalargestir eldri og verkefnin hafa breyst en engu að síður er enn þá mikið prjónað hér.“

***Jólabasar Hrafnistu í Reykjavík*** ***laugardaginn 30. nóvember kl. 13-16, mánudaginn 2. desember kl. 9-16. Hægt verður að skoða jólapeysurnar og taka í prjónana og taka þannig þátt í verkefninu. Einnig er fallegt handverk heimilismanna og jólavörur til sölu á góðu verði.***

# MEÐ SKRAUTLEGASTA MÓTI

**BARNAHEILL KYNNIR** *Bryndís Björk Árnadóttir útbjó stórskemmtilegar jólapeysur á sig og kærastann í fyrra. Þegar Barnaheill – Save the Children á Íslandi hleypti af stokkunum fjáröflunarátakinu Jólapeysan ákvað hún samstundis að taka þátt.*

Bryndís Björk Arnardóttir prjónaði vægast sagt hressilegar jólapeysur á sig og kærastann, Árna Grétarsson, í fyrra. Þegar Barnaheill – Save the Children á Íslandi hóf fjáröflunarátakið Jólapeysan var hún ekki lengi að skrá sig til leiks. „Fyrst ég átti þetta til mátti ég til með að flagga þessu,“ segir Bryndís.

Vinahópur þeirra hjóna heldur árlegt jólapartí og þótti þeim voða fyndið að koma vinunum á óvart og mæta í jólapeysum. „Ég tók mig til og prjónaði einlitar peysur. Ég saumaði svo í þær alls kyns myndir og skreytti með tölum, böndum og öðru glingri.“

Þegar kom að partíinu var Bryndís í útlöndum svo Árni fór einn síns liðs. Peysan vakti að vonum mikla lukku og á leið sinni um miðbæinn um kvöldið var hann stöðvaður í öðru hverju skrefi. „Fólk vildi fá myndir af sér með honum og klappa hreindýrinu sem er á bakinu en það gerði ég úr ekta lambaskinni.“

Bryndís og Árni létu svo mynda sig í peysunum og sendu vinum og vandamönnum stórskemmtileg jólakort. „Bróðir minn býr í Noregi og á norska konu. Hún vissi ekki alveg hvað hún átti að halda og hélt jafnvel að við værum alltaf svona,“ segir Bryndís og hlær.

Hún segir það hafa tekið þrjá mánuði að búa peysurnar til. „Ég bý að því að hafa verið í Húsmæðraskólanum og kann því til verka. Ég var þó óvenjulengi enda nýorðin ólétt og ekki alveg með sjálfri mér.“ Bryndís er nú heima í fæðingarorlofi með dóttur sína Ingibjörgu Evu en skyldi hún hafa fengið jólapeysu? „Hún á reyndar eina sem hún fékk að gjöf. Ég ákvað því að prjóna handa henni jólakerrupoka og er hann í vinnslu.“

Hægt er að heita á þau hjónin á slóðinni www.jolapeysan.is undir Bryndís og Árni. Þar er að finna alls kyns skrautlegar jólapeysur. „Það eru þó ekki margar heimagerðar og hljótum við að fá prik fyrir það,“ segir Bryndís.



**JÓLASVEINAR, SNJÓKARLAR OG JÓLAPAKKAR** Bryndís gekk í Húsmæðraskólann. Þekkingin sem hún öðlaðist þar nýttist henni vel við peysugerðina.



**TÓKU HUGMYNDINA ALLA LEIÐ** Hjónin gengu alla leið og sendu ættingjum og vinum jólakort af sér í peysunum.



**KLAPP Á BAKIÐ** Hreindýrapeysa Árna vakti sérstaka lukku en hreindýrið á bakinu er úr ekta skinni.

# FÁTÆKT

Það er erfitt að vera fátækur. Ég hefði til dæmis viljað vera í íþróttum.

*12 ára stúlka í Reykjavík*

Það er erfitt að vera fátækur. Maður upplifir skömm og minnimáttarkennd og líður eins og maður sé ekki jafn góður og hinir, af því maður hefur ekki peninga fyrir öllu því góða.

*13 ára drengur á Vesturlandi*

# JÓLAPEYSAN

30. OKTÓBER – 13. DESEMBER

## AUÐVELT AÐ VERA MEÐ

www.jolapeysan.is

Jól með Barnaheillum
Save the Children á Íslandi

**Styrktu verkefni Barnaheilla og sendu SMS með textanum „jol“ í síma 903 1510 - 903 1520 - 903 1550 fyrir 1.000, 2.000 eða 5.000 krónur.**

## Mótorhjól




## Lyftarar



Doosan D25S-5 diesel 3,3L Yanmar, fullt frílyft, 3fallt mastur, aukaúttak. Fjaðrabúðin Partur ehf 585-2500 og 567-8757.

## Bátar



**STRANDVEIÐIBÁTUR TIL SÖLU.**

**TILBOÐ ÓSKAST.**

DNG rúllur Viking 700 - dekkaður. Nonni KE 151 / 7196 Yanmar 75 hp 24 V kerfi, lagt fyrir 3 vindum. VHF, radar, dýptarmælir, sjálfstýring, STK. Verð 7.9 millj. Ýmis Skipti koma til greina. Tilboð óskast Uppl síma 696-1001

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www. japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

**Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.**

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**

Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com




**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**

Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Getum tekið að okkur verkefni í parket og flísalögnum, málun og allri almennri trésmíði. Uppl. í s. 899 5700

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

**E.SIGURÐSON EHF**

E.Sigurðson ehf. byggingarverktakar, getum bætt við okkur verkefnum. Öll almenn innivinna, gluggaísetningar, klæðningar, þök. Áralöng reynsla. Tilboð eða tímavinna. Eyjólfur s. 691 8842 og Haukur s. 771 9713.

## Rafvirkjun




**AH-RAF**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

**SKRADDARINN Á HORNINU**

**ÁRNI GÆRDBO KLÆÐSKERI**

Opið alla virka daga frá kl. 10-12 & 13-16.

**Skúlagata 26. S. 861 4380.**

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

**FRYMASTER**

2ja hólfa Frymaster og HennyPenny djúpsteikingarpottar með lyftu til sölu. Uppl. í síma 7745959







Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



**FALLEG KVÖLDLJÓS**

Mikið úrval af fallegum saltkristalslömpum. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 14-18, Sími 517-8060. www.ditto.is



**JÓLAKJÓLARNIR KOMNIR**

Kjóll á mynd 6.990,- Margir litir. Ermar á mynd 4.990,- Mikið úrval Súpersól Hólmaseli 2 109 Reykjavík 587-0077 567-2077 Erum á facebook.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www. kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun



**WE-VIBE II OG III**

Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar, Fleshlight fyrir hann o.fl. Tökum millifærslu og greiðslukort.Sendum um allt land www.hush.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Til leigu góð sérhæð í Mosfellsbæ, 212fm m. bílskúr. 3 svefnh. Laus frá 01. des. Uppl. í s. 699 3737 vatnsk@simnet.is

70 fm íbúð til leigu á svæði 105. Skammtímaleiga, allt Innifalið í leigu. uppl. í s. 6934848/8982866 eða á facebook.com/apartmentreykjavik

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Það eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Atvinnuhúsnæði



Höfum til leigu í þessu húsi ca 1100 fermetra þjónustu og iðnaðarhúsnæði á efri hæð. Húsnæðið er snyrtilega innréttað með móttöku rými og og góðri aðstöðu fyrir starfsmenn Uppl. síma 696-1001.

**TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU AUÐBREKKU 25 (GAMLA TOYOTAHÚSIÐ)**

150 - 1500 fm húsnæði sem hægt er að nýta sem lagerhúsnæði, fyrir léttan iðnað eða verkstæði. Öflugt loftræstikerfi, niðurföll með olíugildrum, stórar innkeyrsludyr, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Höfum einnig til leigu skrifstofur frá 20 fm

**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**TIL LEIGU SKRIFSTOFUR MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU NÝBÝLAVEGI 8 (GAMLA TOYOTAHÚSIÐ)**

20 - 50 fm vel staðsettar skrifstofur eða skrifstofuhæðir 3 - 400 fm með glæsilegu útsýni, fjölmörg bílastæði, greið aðkoma að húsnæðinu, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Möguleiki á að leigja stakar skrifstofur eða heila hæð.

**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFA - VINNUSTOFA.**
Til leigu 22m skrifstofuherbergi á annarri hæð í snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði. Nánar á www.leiga.webs.com og í síma 898 7820.

Gott 150fm atvinnulagerhúsnæði á góðum stað í Garðabæ til leigu. Einar innkeyrsludyr. Uppl. í s. 699 3737 vatnsk@simnet.is

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**HAFNARFJÖRÐUR - GEYMSLA**
Geymsluherbergi 11 m2 með hillum , hentar vel sem skjala eða bókageymsla. Nánar á www.leiga.webs.com og í síma 898 7820.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**MENN VANTAR**
Í hellulagnir, þurfa að geta byrjað strax. Bílpróf skilyrði. Uppl. í s. 8984202.

**SAMHJÁLP ÓSKAR EFTIR SÍMSSÖLUFÓLKI SEM GETUR HAFIÐ STÖRF STRAX.**
Mikil vinna framundan, bæði dag- og kvöldvinna.
**Upplýsingar í s. 699-0005 frá kl.12-20 eða á annamc@samhjalp.is**

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

Karlmaður, leitar þú kynf. tilbreytingar? 100% leynd, nýjar auglýsingar daglega í s. 905-2000 og 535-9920.

Heitasta upptakan! Kamilla hjá Sexylceland.com hljóðritaði sjálfa sig fyrir Rauða Torgið. Upptakan er frábær og endaspretturinn alveg magnaður! Hlustaðu núna í s. 905-2002 og 535-9930, uppt.nr. 8307.

Lífsglöð kona á góðum aldri leitar tilbreytingar. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8297.







### til sölu

**Smáralind – Sérverslun.**
Af sérstökum ástæðum er til sölu glæsileg sérverslun á besta stað í Smáralind.Verslun með flottar vörur. Afhending strax.
Uppl. gefur Óskar í síma 773-4700
Fyrirtækjasala Ísl. • S: 520-3500 • atv.is
*Óskar Mikaelsosn löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali.*

### tilkynningar

MOSFELLSBÆR

**ÚTBOÐ**

**Mosfellsbær óskar eftir tilboðum í vátryggingar fyrir Mosfellsbæ.**

Um er að ræða lögbundnar, samningsbundnar og frjálsar vátryggingar bæjarfélagsins.

Útboðsgögn verða seld á skrifstofu Consello ehf, Álfabakka 14, Reykjavík frá kl. 9:00 föstudaginn daginn 29. nóvember til kl. 12:00 föstudaginn 1. nóvember á venjulegum skrifstofutíma á kr. 5.000. Þegar útboðsgögn eru keypt skal skrá samskiptaaðila bjóðanda í útboði.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Consello ehf, Álfabakka 14, Reykjavík föstudaginn 6 desember kl. 11:00 og verða þá tilboð opnuð.

*Stjórnsýslusvið Mosfellsbæjar*

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA




### tilkynningar

## AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum í samræmi við 1.mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

1. **Varir á Álftanesi**
Lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem nær til íbúðarhúsabyggðar við Bjarnarstaðavör, Litlubæjarvör, Sviðsholtsvör og Sveinskotsvör. Gert er ráð fyrir 15 nýjum einbýlishúsum á Sveinskotsreit en tillagan nær einnig til núverandi byggðar þar sem fyrir eru 33 einbýlishús. Alls verða því 48 einbýlishús á svæðinu. Núverandi bæjarhús Sveinskots verða fjarlægð samkvæmt tillögunni.

2. **Urriðaholt-Norðurhluti, tillaga að deiliskipulagi.**
Tillagan gerir ráð fyrir 66-72 íbúðum í 3 fjölbýlishúsum og leikskólalóð. Allar byggingar standa við norðurenda Holtsvegar að vestanverðu.

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á breytingum eftirfarandi deiliskipulagsáætlana í samræmi við 1.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

3. **Hellagata 31, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
Tillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða um 3 (úr 6 í 9) og fjölgun bílastæða um 6 (úr 12 í 18). Byggingarmagn ofanjarðar breytist ekki.

4. **Holtsvegur 51, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
Tillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða um 6 (úr 10 í 16) og fjölgun bílastæða um 16 (úr 20 í 36). Byggingarmagn ofanjarðar minnkar um 326m².

5. **Hraungata 19-23, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
Tillagan gerir ráð fyrir minniháttar breytingum á byggingarreitum og tilfærslum á bílastæðum. Byggingarmagn ofanjarðar breytist ekki.

6. **Hraungata 41-45 og 47-51, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
Tillagan gerir ráð fyrir minniháttar breytingum á byggingarreitum og tilfærslum á bílastæðum. Byggingarmagn ofanjarðar breytist ekki.

7. **Hraungata 25-39, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
Tillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða um 2(úr 8 í 10) og fjölgun bílastæða um 4 (úr 18 í 22) eins og skipulagsnefnd hefur áður samþykkt. Valmöguleiki um raðhúsagerð R1 er felldur út.

8. **Víkurgata 2, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
Tillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúða um 2-4 (úr 4-8 í 8-10) og fjölgun bílastæða um 7 (úr 10 í 17). Byggingarmagn ofanjarðar stækkar um 99m².

9. **Skólalóðir við Vörðuveg, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
Tillagan gerir ráð fyrir að grunnskólalóðin Vörðuvegur 1 og leikskólalóðin Vörðuvegur 3 sameinist í eina lóð Vörðuveg 1-3 og að gönguleið sem lá á milli lóðanna verði felld út.

10. **Salarhæð fjölbýlishúsa, tillaga að breytingu deiliskipulags Vesturhluta Urriðaholts.**
Tillagan gerir ráð fyrir að skilgreind lágmarks salarhæð fjölbýlishúsa verði 2,9 m í stað 3,0 m.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 28. nóvember 2013 til og með 9. janúar 2014. Þær eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 9. janúar 2014.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | 1 | | 6 | 7 | 9 | | 8 |
| 6 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 3 | | 5 | | | | | 2 |
| 4 | | | | | 3 | | | |
| | 5 | 9 | | | | 8 | | |
| | | 7 | 4 | | 6 | | | |
| | | | | | | 3 | 2 | 1 |
| | | 6 | | | | 7 | 8 | |
| 1 | | | | 2 | | | 5 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | | 3 | | |
| 3 | 8 | 2 | | 9 | | 5 | 1 | |
| | | 5 | 2 | | | | | |
| | | | 6 | 1 | 4 | | 2 | |
| 7 | 2 | | 3 | | | 8 | | 4 |
| | | 3 | | | 8 | | | 1 |
| 8 | | | | | | | | |
| 9 | | | | | 7 | | | 8 |
| | 3 | | | | 1 | | 9 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | | | 2 | 5 | | | |
| | | | | | | 1 | | |
| | | 3 | 8 | 9 | | | 4 | 7 |
| | 3 | 5 | 2 | 1 | | | | 9 |
| | | 2 | 3 | | | 8 | | |
| | 1 | | | | | | 3 | |
| | | | | | 9 | | | |
| 3 | 4 | 9 | | | | | | 6 |
| 5 | 8 | | | 6 | | | | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | | 5 | 8 | | |
| | | 8 | | 4 | 6 | 5 | | |
| | | | 7 | 8 | | | 2 | 3 |
| 8 | | 7 | | | | | | 4 |
| 9 | | 2 | 4 | | | | 7 | 1 |
| 6 | | | | | | 9 | | 8 |
| 2 | 6 | | | | | 7 | | |
| | | 9 | 8 | 1 | | | 6 | |
| 5 | | 4 | 6 | | | | 1 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | 3 | | 7 | | 5 | 1 |
| 5 | 1 | | | | | | 9 | |
| | | | | | 9 | 4 | | 8 |
| 6 | | 3 | | | 5 | | | |
| 1 | | | 8 | 6 | | 9 | | 7 |
| 2 | 7 | | | 3 | | | | |
| | | | 1 | 7 | | | | |
| 3 | 8 | | 2 | | | | | 5 |
| | | | | | | | | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 3 | | | | 8 | | 7 |
| | | 2 | | | | | | 6 |
| | | | | 5 | 9 | 3 | 1 | |
| | | | 8 | 6 | | | 7 | |
| 5 | | 6 | | 7 | | | 3 | |
| | 8 | | | 1 | | | | |
| | 2 | | | 3 | | | | 4 |
| 1 | 9 | | | 4 | 8 | 7 | 2 | |
| | | | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Ég hef komist að því að fólk gleymir því sem þú sagðir, fólk gleymir því sem þú gerðir en fólk gleymir því aldrei hvernig þú lést því líða."**

*Maya Angelou*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT 2.** offur, **6.** rún, **8.** mánuður, **9.** gagn, **11.** tveir eins, **12.** hald, **14.** rabb, **16.** í röð, **17.** fiskur, **18.** hætta, **20.** samtök, **21.** land.

**LÓÐRÉTT 1.** áfengisblanda, **3.** hljóm, **4.** billjónasti, **5.** svívirðing, **7.** heimilis- tæki, **10.** verkur, **13.** af, **15.** gan, **16.** tæki, **19.** nafnorð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fórn, **6.** úr, **8.** maí, **9.** nyt, **11.** öð, **12.** skaft, **14.** skraf, **16.** tu, **17.** áll, **18.** ógn, **20.** aa, **21.** laos.

**LÓÐRÉTT: 1.** púns, **3.** óm, **4.** ráðtala, **5.** nið, **7.** ryksuga, **10.** tak, **13.** frá, **15.** flan, **16.** tól, **19.** no.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**HM landsliða er hafið í Tyrklandi. Rússinn, Nepomniachtchi (2.721), bjargaði jafntefli gegn Armenanum Sargassian (2.676) sem lék af sér með 36. De6-e5?**

**Svartur á leik**



**36...Da7!** Tvöföld hótun. Hótar bæði peðunum á f2 og e7. Hvítur á ekkert betra en þráskák. **37. Re6+ Kf7 38. Rd8+ Kg7 39. Re6+ Kf7 40. Rg5+ Kg7 41. Re6+**. Hefði hvítur leikið 36. He1 hefði það tryggt unnið tafl. Viðureigninni lauk 2-2. **www.skak.is**. Nýtt Fréttabréf SÍ.




**2 | KL. 20:55 HELGI SYNGUR HAUK**

Helgi Björnsson og The Capital Dance Orchestra flytja margar af þeim perlum sem Haukur Morthens söng á árum áður.

**Fjölbreytt** fimmtudagskvöld

**2 | KL. 20:15**
**DOKTOR**
Fróðlegir þættir þar sem helstu veikindum, kvillum og sjúkdómum sem hrjá nútímamanninn eru gerð skil.



**2 | KL. 21:25**
**BLACKLIST**
Vandaðir spennuþættir með James Spader í aðal- hlutverki.



**2 | KL. 22:10**
**PERSON OF INTEREST**
Hörkuspennandi þáttaröð sem kemur úr smiðju J.J. Abrams.



**Krakkastöðin | KL. 07:00-20:30**
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**3 | KL. 21:05**
**SHAMELESS**
Bráðskemmtileg þáttaröð um skrautlega fjölskyldu með William H. Macy í aðalhlutverki.



**3 | KL. 21:55**
**THE TUDORS**
Áhrifamikil og spennandi saga um alræmdasta og nafntogaðasta konung sögunnar, Hinrik áttunda.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**

2 3 Krakkastöðin Popp Tíví BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD

# Láttu hjartað ráða




„Himneska súkkulaðið mitt er úr lífrænt ræktuðu hráefni og fairtrade-vottað. Hágæða súkkulaði sem kætir bragðlaukana.“

Solla




BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Jólaklementínurnar
eru komnar frá Spáni
789
krónur 2.3 kg.
Robino
Jólastjarna
998 kr.stk
Ferskt íslenskt salat
Bónusblanda
Lambhagi
395
krónur 150g
Bónus Lambhaga
salatblanda
Vistvæn íslensk
framleiðsla
BÓNUS
RJÓMI
298
krónur 400ml
BÓNUS
RJÓMI 400ml
DÖNSK
JÓLAKERTI
459
krónur stk
259
krónur stk
Kubbakerti 12 x 6 sm. 259 kr. stk
Kubbakerti 18 x 7 sm 459 kr. stk
Dr.Oetker
Ristorante
PIZZA MOZZARELLA
Dr.Oetker
Ristorante
PIZZA HAWAII
Dr. Oetker frosnar pizzur 337-375gr
398 kr.stk
BÓNUS
JÓLA
PIPARKÖKUR
398
krónur 400g
BÓNUS PIPARKÖKUR 400g
Coca-Cola
VÍKING HÁTÍÐARBLANDA
MALT & APPELSÍN 500 ML
4 dósir af Víking Hátíðarblöndu
fylgja með kippu af Coke 6 x 1,5 ltr.
Rafræna Bónus gjafakortið
er vinsælasta jólagjöfin í Bónus
Nú er hægt að fá gjafakortið í öllum verslunum Bónus. Hafðu samband
við skrifstofuna og fáðu nánari upplýsingar. Þú leggur inn hjá okkur eða þú
greiðir með símgreiðslu og sækir kortið í þá verslun sem þér hentar
Skrifstofa Bónus: Opin alla virka daga kl. 9-17
Skútuvogi 13 Sími: 527 9000
BÓNUS
GJAFAKORT
Doritos
Doritos
SWEET CHILLI PEPPER
Doritos
COOL AMERICAN
198
krónur 170g
pepsi MAX
pepsi
198
krónur 2 ltr
STÓRKAUP 1.KG
1944
Plokkfiskur
998
krónur bakkinn
SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
1944 RÉTTUR PLOKKFISKUR 1 KG.
STÓRKAUP 1.KG
1944
798
krónur bakkinn
SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
1944 RÉTTUR LASAGNA 1 KG.
HEIMA
SUÐU
SÚKKULAÐI
259
krónur 300g
HEIMA SUÐUSÚKKULAÐI 300g
SMJÖRLÍKI
195
krónur 500g
FÍNT
KÓKOSMJÖL
259
krónur 500g
HEIMA KÓKOSMJÖL 500g
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**MATFUGL FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR**
1795 krónur kg

**BÓNUS GRÍSAHAKK**
698 krónur kg.




**VIKAN 795 KR.**
**200 KR. VERÐLÆKKUN**

**SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS**
**Ferskt kryddað lambalæri**
**BRAGÐ FRÁ GRIKKLANDI**
1498 krónur kg.

**KJARNAFÆÐI**

KOFARAREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
2998 krónur kg.

KOFARAREYKTUR ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
1998 krónur kg.

NÝ SLÁTRAÐ
ÍSLENSKT AF NÝSLÁTRUÐU
**BÓNUS** *FERSKUR ÚRBEINAÐUR* **GRÍSAHRYGGUR MEÐ PURU**
1298 krónur kg.

NÝ SLÁTRAÐ
ÍSLENSKT AF NÝSLÁTRUÐU
**BÓNUS GRÍSAHNAKKAFILLET**
998 krónur kg.

ÍSLENSKT AF NÝSLÁTRUÐU
**BÓNUS GRISABOGUR**
598 krónur kg.
NÝ SLÁTRAÐ

**BÓNUS BACON**
1598 krónur kg

NAUTA Veisla
FERSKT NAUTGRIPAHAKK
UPPRUNALAND SPÁNN
1298 krónur kg.

*ÚR GRÍSABÓG* **BÓNUS NÝREYKT BAYONNESKINKA**
1159 krónur kg.

**BÓNUS** EKKERT BRUÐL
VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
**FIMMTUDAGUR**
**11:00-18:30**

# Endurspegla rýmið

## Listaverk á mörkum þess að vera húsgögn.

Á laugardaginn verður opnuð sýning á verkum Tuma Magnússonar og Michaels Mørk í listasafni ASÍ. Sýningin nefnist Á staðnum, en báðir listamennirnir ganga oft út frá eigindum staðarins í verkum sínum. Þannig er það að hluta til að þessu sinni. Michael Mørk sýnir verk sem liggja á milli þess að vera annars vegar málverk og húsgögn og hins vegar málverk og ljósmynd. Verkin eru geómetrískt uppbyggð og leitast við að endurspegla rýmið og gera það að virkum hluta verkanna. Tumi Magnússon sýnir ljósmyndaverk sem fást við afar hversdagsleg fyrirbæri. Þau eru unnin og sett upp á rökréttan en óhefðbundinn hátt. Hann sýnir einnig vídeóverk sem tengjast ljósmyndunum en nálgast viðfangsefnið frá öðru sjónarhorni. Sýningin verður opnuð klukkan 15. **- sb**



**VERK EFTIR MICHAEL MØRK** Á mörkum þess að vera málverk og húsgögn.

Hefðbundið stríð á metsölulista Eymundsson:

## Yrsa sækir að Arnaldi



**Skuggasund eftir Arnald Indriðason heldur fyrsta sætinu á metsölulista Eymundsson fyrir síðustu viku en á í harðri baráttu við Lygi eftir Yrsu Sigurðardóttur sem kemur ný inn og fer beint í annað sætið. Yrsa og Arnaldur hafa oft átt í harðri baráttu um toppsætið á metsölulista Eymundsson og virðist árið í ár ekki vera nein undantekning.**

**Ljóðabókin Árleysi alda eftir Bjarka Karlsson er á listanum yfir tíu mest seldu bækurnar sjöundu vikuna í röð og sérstaka athygli vekur að á listanum eru þrjár barnabækur; Rangstæður í Reykjavík, Vísindabók Villa og Tímakistan.**

**Þessi listi er byggður á sölu í 17 verslunum Pennans og Eymundsson dagana 20. til 26. nóvember.**



**BÓKABEITAN** Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir eru báðar miklir lestrarhestar og hafa brennandi ástríðu fyrir lesefni barna og unglinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fannst vanta meiri breidd í barnabækur

## Bókabeitan er vaxandi útgáfufyrirtæki sem helgar sig alfarið barna- og unglingabókum. Umfangið hefur vaxið ár frá ári, í ár eru útgefnir titlar tólf og sú nýbreytni hefur verið tekin upp að ókeypis rafbók fylgir hverri prentaðri bók.

„Við stofnuðum Bókabeituna árið 2011," segir Marta Hlín Magnadóttir sem ásamt Birgittu Elínu Hassell er eigandi, höfundur og starfsmaður á plani hjá útgáfunni. „Málið var að eftir að við skrifuðum fyrstu tvær Rökkurhæðabækurnar ákváðum við að gefa þær út sjálfar til að fá að ráða öllu um það hvernig þær litu út. Í fyrra gáfum svo út tvær í viðbót og þá bættist Kamilla vindmylla við auk þess sem við þýddum eina bók og gáfum út."

Á þessu ári var ætlunin að tvöfalda útgáfuna og gefa út átta titla en það vatt upp á sig og eru útgefnir titlar tólf á þessari vertíð. „Við fórum upphaflega út í þetta vegna þess að okkur fannst vanta meiri breidd í barna- og unglingabókaútgáfuna," segir Marta. „Svo bara vatt þetta upp á sig og nú erum við búnar að skipta Bókabeitunni í tvennt, eða eiginlega þrennt: Bókaútgáfan Björt gefur út bækur fyrir ungmenni frá 14 ára og upp úr, svokallaðar „Young Adult"-bækur. Töfraland er með bækur sem höfða til yngsta aldurshópsins, 0-6 ára, og Bókabeitan er svo skrifuð fyrir þeim bókum sem falla þarna á milli."

Útgáfan er alfarið helguð barna- og unglingabókum og Marta segir það meðal annars helgast af því að þær Birgitta séu báðar kennaramenntaðar og hafi einlægan áhuga á því að auka lestur barna og unglinga. Liður í því er að nú fylgir ókeypis rafbók með öllum bókum eftir íslenska höfunda sem Bókabeitan gefur út. „Inni í hverri bók er miði með leiðbeiningum um hvernig farið er inn á bokabeitan.is og síðan fylgir kóði sem sleginn er inn til að sækja rafbókina frítt. Það er lítið um rafbækur fyrir þennan aldurshóp og okkur langar til að kynna þetta form fyrir krökkunum, aðallega unglingunum sem eru alltaf með símana í höndunum. Þeir geta þá lesið

> **Inni í hverri bók er miði með leiðbeiningum um hvernig farið er inn á bokabeitan.is og síðan fylgir kóði sem sleginn er inn til að sækja rafbókina frítt.**

í strætó og hvar sem er án þess að þurfa að taka prentuðu bókina með sér hvert sem þeir fara."

Hvernig hefur þessi nýbreytni mælst fyrir? „Bara mjög vel. Fólk er byrjað að hala bækurnar niður á síðunni hjá okkur og þetta spyrst vel út. Flestir lesa mest af því sem þeir lesa á rafrænu formi, það er bara veruleikinn í dag og maður verður að laga sig að því. Okkar markmið er fyrst og fremst að fá krakkana til að lesa með því að gefa út spennandi og skemmtilegar bækur, við erum ekkert að reyna að kenna þeim neitt." **fridrikab@frettabladid.is**




TWIX-BITAR

**Botn:**
125 g mjúkt Ljóma
4 dl hveiti
0,5 dl sykur

**Karamella:**
175 g Ljóma
2 dl sykur
3 dl rjómi
0,5 dl síróp

**Yfir:**
200 g rjómasúkkulaði

Hnoðið hráefnunum í botninn á formi sem er ca. 20 x 30 cm. Bakið við 175°C í 20 mínútur.

Setjið öll hráefnin í karamelluna í pott og látið suðuna koma upp. Sjóðið við vægan hita í 45–50 mínútur. Til að sjá hvort karamellan er tilbúin er gott að setja smá af henni í glas með ísköldu vatni. Ef það gengur að hnoða karamelluna í kúlu er hún tilbúin. Karamellan á að vera mjúk en hægt að rúlla henni saman. Hellið karamellunni yfir botninn og setjið í ísskáp í ca. 15 mínútur.

Bræðið súkkulaðið og hellið því yfir karamelluna. Látið kólna í ísskáp og skerið síðan í bita.





# Þá var allt svo rosalega rómantískt

## Hefur skilgreining okkar á ást breyst síðustu áratugi? Um það fjallar Elska – einleikur sem Jenný Lára Arnórsdóttir sýnir norðan heiða á næstunni.

Í Elska – einleikur dregur Jenný Lára Arnórsdóttir sannar ástarsögur okkar tíma fram í dagsljósið. Hún rekur hugmyndina að verkinu til námskeiðs í sagnalist hjá Benna Erlings og Charlottu Böving sem báðu hana að finna sögur af forfeðrum og -mæðrum. „Ég fór til ömmu fyrir norðan og hún sagði mér hvernig langamma og langafi kynntust," rifjar hún upp. Hún kveðst líka oft hafa heyrt ömmu sína tala um afa. „Þá var allt svo rosalega rómantískt. Ég fór að pæla í hvort fólk í gamla daga hefði ekki gengið í gegnum einhverja erfiðleika í samböndum til að komast á þann stað að muna bara það góða og hvort viðhorf okkar til ástar hefði eitthvað breyst í gegnum tíðina."

Hver skyldi niðurstaðan vera? „Hugmyndir okkar um ástina hafa breyst, þar koma bíómyndir og samfélagsbreytingar til en það virðist alltaf vera sama formúlan sem virkar," lýsir Jenný og til að halda spennunni vill hún ekki gefa þá formúlu upp í þessu litla viðtali. „Það sem ég vil miðla með sýningunni er að fólk velti fyrir sér hugmyndum sínum um ástina," segir hún. „Og hvernig það sjálft tekst á við hana."



**HÖFUNDUR OG LEIKARI** „Það sem ég vil miðla með sýningunni er að fólk velti fyrir sér hugmyndum sínum um ástina," segir Jenný Lára.

Sex sýningar eru fyrirhugaðar í Þingeyjarsýslu á tímabilinu frá 6. til 14. desember, sú fyrsta í Safnahúsinu á Húsavík. **- gun**

# GJAFAKORT NETTÓ ER GJÖF SEM GLEÐUR




## ÞÚ FÆRÐ GJAFAKORTIN Í ÖLLUM VERSLUNUM NETTÓ UM ALLT LAND

nettó
Í JÓLASKAPI

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

markhönnun ehf



H:N Markaðssamskipti / SÍA



INNIHALD

*300 g hunangsmúslí*
*80 g smjör*
*Gevalia espressó (bolli)*
*100 g sykur*
*450 g Philadelphia-ostur*
*2 egg*
*Cadbury kakóduft*
*hindberjaþykkni*

AÐFERÐ

Myljið saman músli, bráðið smjör og ½ espressó. Þrýstið blöndunni í botninn á 24 sm smelluformi. Þeytið saman Philadelphia-ost, egg og sykur. Setjið blönduna ofan á múslíblönduna.

Bakið við 160 gráður í 50 mínútur.

Geymið kökuna a.m.k. 4 klst. í kæli áður en hún er borin fram. Einnig er hægt að bera kökuna fallega fram í litlum kökumótum og strá kakódufti yfir. Berið fram með hindberjamauki.

HOLLUSTA OG HIMNESKT BRAGÐ

# Hinsegin bókavaka í Iðu

Bækur sem fjalla um líf og reynslu hinsegin fólks kynntar á upplestrarkvöldi.

Bókaverslunin Iða efnir til bókmennta- og upplestrarveislu í versluninni Iðu Zimsen á Vesturgötu á laugardagskvöldið klukkan 18. Tilefnið er að meðal útgáfuefnis á þessu ári eru óvenjumargar bækur sem fjalla um líf og reynslu samkynhneigðs fólks, bæði frumsamið íslenskt efni, skáldskapur, minningar og fræðirit svo og þýðingar merkra bóka.

Á hinsegin bókavöku Iðu les Jónína Leósdóttir upp úr minningum sínum, Við Jóhanna, og Sjón les upp úr nýrri skáldsögu sinni, Mánasteinn – drengurinn sem aldrei var til. Einnig les Ásdís Óladóttir upp úr ljóðabók sinni, Innri rödd úr annars höfði, sem kemur út á næstunni. Af öðru efni íslensku sem lesið er upp úr er fræðirit Gunnars Karlssonar sagnfræðings, Ástarsaga Íslendinga að fornu, þar sem hann fjallar meðal annars um forna íslenska vitnisburði um fólk sem elskaði sitt eigið kyn.

Tvær þýðingar sem flokka má sem hinsegin bækur eru í hópi útgáfubóka ársins: Austurríska minningasagan Mennirnir með bleika þríhyrninginn, sem lýsir reynslu homma í fangabúðum nasista í heimsstyrjöldinni síðari, og annar hluti þríleiksins Þerraðu aldrei tár án hanska eftir sænska rithöfundinn Jonas Gardell, Sjúkdómurinn.

Stjórnandi bókavökunnar og kynnir í Iðu Zimsen er Þorvaldur Kristinsson. Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.



**HINSEGIN BÆKUR** Meðal þeirra sem lesa úr verkum sínum í Iðu Zimsen á laugardagskvöldið er Sjón sem les úr skáldsögu sinni Mánasteini. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR



**TEKIN UPP Á ÍSLANDI** Hluti myndarinnar gerist hér á landi, til dæmis í Bláa lóninu.

# Wikileaks brotlendir

Kvikmyndin um Wikileaks hefur hlotið slæma gagnrýni og lélega aðsókn. Hún er í fyrsta sæti yfir þær myndir sem verst hefur gengið í kvikmyndahúsum í ár.

Kvikmyndin Fifth Estate, eða Fimmta valdið, sem fjallar um Wikileaks er að mati viðskiptatímaritsins Forbes stærsti skellur ársins. Þrátt fyrir ágætis leik Benedicts Cumberbatch sem Julian Assange, hápólitískt viðfangsefni og hinn verðlaunaða leikstjóra Bill Condon við stjórnvölinn gekk myndin ekki upp. Kvikmyndin, þar sem reynt er að segja sögu Wikileaks frá stofnun samtakanna til dagsins í dag, hefur hlotið skelfilega gagnrýni og dræmar viðtökur áhorfenda auk þess sem Julian Assange hefur fordæmt myndina og sagt hana áróður. Hún hefur aðeins skilað 6 milljónum Bandaríkjadala í tekjur en kostaði 28 milljónir í framleiðslu.

Forbes útnefnir tíu stærstu skelli ársins og í öðru sæti er kvikmyndin Bullet to the Head með Sylvester Stallone sem skilaði aðeins 9 milljónum Bandaríkjadala í tekjur og í því þriðja Paranoia með Harrison Ford og Gary Oldman. - sb

## STÆRSTU SKELLIR ÁRSINS

1. **The Fifth Estate** – tekjur **21%** af kostnaði
2. **Bullet to the Head** – tekjur **36%** af kostnaði
3. **Paranoia** – tekjur **39%** af kostnaði
4. **Parker** – tekjur **49%** af kostnaði
5. **Broken City** – tekjur **54%** af kostnaði
6. **Battle of the Year** – tekjur **55%** af kostnaði
7. **Getaway** – tekjur **58%** af kostnaði
8. **Peeples** – tekjur **60%** af kostnaði
9. **RIPD** – tekjur **60%** af kostnaði
10. **The Big Wedding** – tekjur **63%** af kostnaði

*Heimild: Forbes-viðskiptatímaritið.*

# Myrkurkvöld á Korpúlfsstöðum

Gestum býðst að heimsækja opnar vinnustofur listamanna, hlýða á upplestur, hljómlistarflutning og fleira á opnu húsi á Korpúlfsstöðum í kvöld.

Korpúlfsstaðir verða opnir frá klukkan 17 til 21 í kvöld. Vinnustofur listamanna verða opnar og sömuleiðis samsýningin Brotabrot í stóra salnum.

Kaffihúsið Litli bóndabærinn verður með veitingar auk þess sem Lísa Rún flytur þar eigin ljóð og Guðný Hallgrímsdóttir les upp úr bók sinni Sögunni af Guðrúnu Ketilsdóttur.

Tónlistin mun óma um salarkynni Korpúlfsstaða; Tríóið Dimma syngur nokkra negrasálma og jólalög, Atli Steinn Hrafnkelsson flytur frumsamin lög, Hjónin Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og Hjörleifur Hjartarson koma með tóninn að norðan og Íris Edda Jónsdóttir syngur jólalög við undirleik Ragnars Ólasonar. Korpúlfarnir verða einnig með opið hjá sér og bjóða upp á fagran söng og harmónikkuleik.



**KORPÚLFSSTAÐIR** Mikið verður um að vera á Korpúlfsstöðum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fangaðu jólastemmninguna með jólatertum Myllunnar

*Jólatertur Myllunnar eru nauðsynlegar á aðventunni. Þrjár íslenskar bragðgóðar Myllu-jólatertur, allar bakaðar eftir gamalli uppskrift: Ilmandi brún jólaterta með hefðbundnu smjörkremi, randalína með ljúffengu sveskju-mauki og brún jólaterta með sultu og smjörkremi.*

Jólatertur Myllunnar eru komnar í næstu verslun.




Jólatertur Myllunnar eru ein af jólahefðunum. Þær fást í þremur gerðum sem eru hver annarri ljúf-fengari. Náðu þér í eina, tvær eða fimm. Fullkomlega sígildar og ávallt til staðar um jólin. Þær eru með einstöku krydd-bragði og bakaðar eftir gamalli uppskrift.

*Prófaðu allar gerðirnar og finndu hvernig hátíðar-stemningin hellist yfir þig og þína.*

Skoðaðu myllan.is. Fylgstu með á facebook.com/Myllubraud.

*Jólaterturnar eru komnar í verslanir*

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FIMMTUDAGUR

### Tónleikar

**21.00** Kiva Simova heldur tónleika í Norræna húsinu. Hún spilar tilraunatónlist, blöndu af djassi og poppi. Hún hefur skemmt víða um heim, t.d. með Crash Test Dummies. Tónleikarnir hefjast kl. 21, aðgangseyrir er 1.000 kr.

**21.00** Emmsjé Gauti heldur útgáfutónleika á Harlem klukkan 21.00 í kvöld. Úlfur Úlfur og Steinar sjá um upphitun. Aðgangseyrir er 1.000, en 2.000 krónur fyrir aðgangsmiða og nýjasta disk Gauta.

**22.00** Ingi Gunnar heldur útgáfutónleika á Café Rosenberg 28. nóv. kl. 22.

### Fundir

**10.00** Morgunfundur Seðlabanka Íslands verður haldinn í Norðurljósasal Hörpu næstkomandi fimmtudag, 28. nóvember, og hefst stundvíslega klukkan 10.00. Fundarefnið er: Fjármálakreppa á Írlandi og Íslandi: Hverjir eru lærdómarnir fimm árum seinna?

### Félagsvist

**20.00** Rangæingar í Reykjavík athugið! Félagsvist í samvinnu við Skaftfellinga í Skaftfellingabúð í Reykjavík í kvöld.

### Sýningar

**17.00** Sibba ( Sigurbjörg Einisdóttir) opnar málverkasýninguna Mitt líf, mínir litir, á Portinu í Kringlunni fimmtudaginn 28. nóv. kl. 17.00. Allir velkomnir.

**17.00** Ljósmyndasýning Jóhanns Ágústs Hansen lýkur fimmtudaginn 28. nóvember á Mokka kaffi. Á sýningunni gefur að líta seríu af myndum sem teknar voru á tónleikum Sykurmolanna á Hótel Íslandi í mars 1988.

### Fyrirlestrar

**20.00** Þráinn Hauksson landslagsarkitekt flytur erindi í Hafnarborg fimmtudaginn 28. nóvember kl. 20 þar sem hann segir frá ýmsum þeirra verkefna sem hann hefur komið að og tengjast umhverfisskipulagi í Hafnarfirði.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR** Emmsjé Gauti treður upp á Harlem í kvöld.


# SVEFNSÓFAR


Recast
Svefnbreidd 140x200 / Tilboðsverð 129.900


Supreme Deluxe
Svefnbreidd 140x200 / Tilboðsverð 149.900


Unfurl
Svefnbreidd 120x200 / kr. 119.900


Debonair
Svefnbreidd 130x200 / kr. 135.800


Upend
Svefnbreidd 140x200 / kr. 179.900

LÍNAN
BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16




**PRÓFMIÐUÐ NÁMSKEIÐ** Sigvaldi Fannar Jónsson og Davíð Ingi Magnússon hjá Nóbel námsbúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Yfir 1.000 nemendur þurfa hjálp fyrir próf

Nóbel námsbúðirnar hafa stækkað mikið undanfarin ár, yfir eitt þúsund skráningar hafa borist á þessari önn og yfir sextíu manns starfa hjá fyrirtækinu.

„Yfir þúsund manns hafa skráð sig á námskeið hjá okkur á þessari önn og þetta er metár hjá okkur,“ segir Sigvaldi Fannar Jónsson. Hann er einn af stjórnendum Nóbel námsbúðanna ásamt Davíð Inga Magnússyni og Atla Bjarnasyni sem stofnaði Nóbel námsbúðirnar haustið 2010.

„Það skrá sig sífellt fleiri á námskeið hjá okkur og við höfum aukið starfsemina mikið.“ Fyrirtækið býður nú upp á námskeið fyrir bæði framhaldsskóla- og háskólanema í hinum ýmsu greinum. Upprifjunarnámskeið eru nú haldin fyrir áfanga sem kennd-ir eru í Verzlunarskóla Íslands, Kvennaskólanum, Menntaskólanum í Reykjavík, Menntaskólanum við Sund, Menntaskólanum á Akureyri, Háskóla Íslands og í Háskólanum í Reykjavík. Í upphafi voru einungis kennd upprifjunarnámskeið í stærðfræði og bókhaldi fyrir viðskiptafræðinemendur Háskóla Íslands.

„Þetta eru yfirleitt tíu tíma námskeið sem kennd eru um helgar, þau geta þó verið lengri. Þau eru prófmiðuð þannig að einstaklingarnir þurfa að vita eitthvað um efnið,“ útskýrir Sigvaldi Fannar. Gjaldið fyrir tíu tíma námskeið er um 12.500 krónur. Aðstandendur Nóbel námsbúðanna hvetja fólk til þess að stunda sitt nám samviskusamlega. „Við hvetjum fólk til þess að sinna sínu námi. Það gengur ekki að mæta á upprifjunarnámskeið og vita nákvæmlega ekki neitt um námsefnið.“

Námskeiðin eru ekki háð fjölda. „Ef við auglýsum námskeið þá eru þau kennd, við erum ekki með neinn kvóta sem þarf að fylla,“ segir Sigvaldi Fannar en dæmi eru um að yfir hundrað manns sæki námskeið á borð við almenna sálfræði og lögfræði, en einungis þrír til fjórir stærðfræðiáfanga á lokastigi í framhaldsskóla. Meðalfjöldi nemenda á hverju námskeiði hjá Nóbel undanfarin ár er fimmtán til tuttugu.

„Kennslan hjá okkur byggist mest á umræðum, við erum ekki upp við töflu að gjamma. Nemendur í dag kalla eftir meiri umræðum, þá þurfa einstaklingarnir líka að vera virkir.“

Kennararnir á námskeiðunum eru allir vel kunnugir áföngunum. „Þetta er eins konar jafningjafræðsla, þeir sem kenna þurfa að hafa verið í viðkomandi fagi, þeim þarf að hafa gengið vel og svo þurfa þeir að vera góðir í mannlegum samskiptum, það er lykilatriði,“ segir Sigvaldi Fannar spurður um kennarakröfurnar en fjöldi kennara fer eftir fjölda nemenda.

gunnarleo@frettabladid.is

## VIÐBRÖGÐ VIÐ NÓBEL NÁMSBÚÐUNUM

Gerðar eru kennslukannanir þar sem frammistaða kennslustjórans er metin og hafa þær ávallt gengið vel. Ef nemandi nær ekki að klára efni sitt á námskeiðinu getur hann sent fyrirspurnir í gegnum Facebook eða tölvupóst.

„Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð frá kennurum og skólastjórum og margir spyrja: Af hverju var þetta ekki gert fyrr?

Einkakennarar geta rukkað allt að fimm til sex þúsund krónur á tímann á meðan við bjóðum okkar þjónustu á hóflegu verði. Fólk getur greitt eftir að það fær námslán og einnig er gefinn afsláttur ef nemandinn tekur fleiri námskeið, þetta er gert í krafti fjöldans,“ segir Sigvaldi Fannar.

## ➜ Tveir nemendur deila reynslu sinni



### Ragnheiður Braga Geirsdóttir
24 ára
**Lærir félagsráðgjöf í Háskóla Íslands**

„Hefði ég ekki farið á þetta námskeið þá hefði ég líklega ekki náð prófinu. Ég skildi ekki um hvað námsefnið snerist fyrr en eftir námskeiðið hjá Nóbel. Þetta var prófið sem ég var mest stressuð fyrir en mér gekk langbest í því, þökk sé Nóbel námskeiðinu og þessu frábæra fólki sem vinnur hjá námsbúðunum. Nóbel er algjör snilld og ég mun hiklaust mæla með þessum námskeiðum við alla.“



### Daníel Þór Irvine
25 ára
**Á þriðja ári í viðskiptafræði í Háskóla Íslands**

„Ég fór í prófbúðir hjá Nóbel fyrstu önnina mína í viðskiptafræði í HÍ. Námskeiðið sem ég skráði mig á var Inngangur að fjárhagsbókhaldi en fjárhagsbókhaldið hafði verið minn Akkilesarhæll þessa fyrstu önn. Ég hafði lítinn áhuga og hafði ekki gefið mér neinn tíma til að sinna þessu samviskulega. Tveimur vikum fyrir prófatörnina sá ég auglýsingu frá Nóbel þar sem hægt var að fara í prófbúðir. Laugardag og sunnudag lærði ég meira en ég hafði gert alla önnina. Ég fékk allt í einu áhuga á fjárhagsbókhaldinu og skildi hversu mikilvægur hluti það var af viðskiptafræðinni. Ég fór síðan í prófið og skellti í 8 og var mjög sáttur við allt saman.“

# VELDU HOLLARA

Eina kjúklingavaran á Íslandi sem hefur hlotið gæðavottun Skráargatisins




**Rose Poultry úrbeinuðu kjúklingalærin eru 100% kjöt.**

**Þau eru ósprautuð og hollari valkostur sem uppfyllir gæðakröfur Skráargatsins.**

Danska fyrirtækið Rose Poultry á rætur að rekja aftur til ársins 1952.
Kjúklingavörurnar frá Rose Poultry eru frábær kostur í eldamennskuna.

**Lestu meira um Skráargatið á**
**skraargat.is**

ROSE
Poultry from Denmark





**TÓNNINN GEFINN**
Lilja Katrín Gunnarsdóttir

# Kæra Miley

Það eru afskaplega fáir í þessum heimi sem geta gert mig reiða. Vissulega verð ég oft pirruð en ofsareiði, hatur og fyrirlitning eru tilfinningar sem ég finn örsjaldan fyrir. Hins vegar finn ég þessar tilfinningar fylla allar æðar mínar er ég sé tiltekna poppstjörnu – sjálfa Miley Cyrus.



**HÆTTU NÚ ALVEG** Ég er engin tepra en þessi tunga drepur mig!

Mér finnst leiðinlegt að hata fólk þannig að ég gaf henni séns. Reyndi að sjá í gegnum allt „twerkið“, magabolina og skrílslætin. Þarna væri bara lítil stúlka sem væri að öskra á athygli. Ég skildi líka ekki almennilega hvaðan þetta hatur mitt kom. Fyrr en ég horfði á heimildarmyndina Miley: The Movement, þar sem söngkonan hleypti kvikmyndagerðarmönnum inn í líf sitt og dró ekkert undan.

Þar birtist mér allt önnur Miley. Mikilmennskubrjálæðis-Miley. Pía sem varla er byrjuð á blæðingum en heldur samt að hún stjórni heiminum. Pía sem mætir fárveik á hljómsveitaræfingu í magabol. Hóstar úr sér lungunum en tekur ekki í mál að splæsa í rúllukraga. Guð hjálpi okkur frá því hylja líkama okkar! Pía sem kastar sér í gólfið eins og lítill krakki ef hún fær ekki það sem hún vill.

Samt fattaði ég ekki þetta stjórnlausa hatur mitt alveg strax. Fannst hún vissulega vera fáviti en hver er það ekki á vondum degi?

Svo kom að því. Ég sá ljósið. Í myndinni tók Miley lagið Jolene, sem Dolly Parton gerði frægt, órafmagnað í bakgarðinum heima hjá sér. Þvílík rödd! Þá rann upp fyrir mér að ég hafði aldrei hlustað almennilega á Miley. Öll dólgslætin og sleggjusleikingarnar byrgðu mér sýn. Þess vegna er ég reið út í hana. Ég þoli ekki að hún geti ekki bara treyst á hæfileika sína því hún er í raun undrabarn. Ég fyllist reiði þegar ég sé hana í enn eitt skiptið troða upp í níðþröngum undirfötum. Ég hata að hún þurfi að reka út úr sér tunguna í hvert einasta sinn sem hún sér myndavélarflass.

Þannig að, kæra Miley, nennirðu að fara að haga þér eins og manneskja? Annars verðurðu mikilmennskubrjálæðinu að bráð og heimurinn fær ekki að njóta þess sem þú átt inni – því það er nefnilega helvítis hellingur!

## Í spilaranum





**Rúnar Þórisson –** Sérhver Vá
**Hera Björk –** Ilmur af jólum
**Björgvin Halldórsson –** Duet 3




# Platan sem ætlaði aldrei að koma út

Fyrsta sólóplata Eyþórs Inga er komin út en vinnsla plötunnar var ekki eingöngu dans á rósum. Hljómsveitin Atómskáldin varð einnig til við vinnslu plötunnar.

„Það kom alltaf eitthvað upp á þegar platan átti að koma út og líka við vinnslu plötunnar. Nú er hún loksins komin út og ég er mjög stoltur og sáttur,“ segir tónlistarmaðurinn Eyþór Ingi Gunnlaugsson. Hann hefur nú gefið út sína fyrstu sólóplötu ásamt hljómsveitinni sinni, Atómskáldunum. „Við vinnslu plötunnar varð til virkilega góður og þéttur hópur sem varð að Atómskáldunum,“ útskýrir Eyþór Ingi.



Grunnarnir á plötunni eru teknir upp „live“ og fóru tökur fram í upptökuverinu Geimsteini í Keflavík en um upptökustjórn sá Stefán Örn Gunnlaugsson sem er einn sá vinsælasti í tónlistarheiminum hér á landi í dag.

„Við byrjuðum að vinna að plötunni árið 2008, þegar ég og Gunni trommari tókum upp flest lögin og markmiðið var að gera plötuna sjálfir en þá hrundi flakkarinn í gólfið og allt efnið eyðilagðist,“ útskýrir Eyþór Ingi. Fleiri áföll dundu yfir eftir þetta því reynt var að kýla á að klára upptökurnar árið 2012. „Þegar ég byrjaði í Vesalingunum ætlaði ég líka að klára plötuna og var þá Þórður Gunnar Þorvaldsson upptökustjóri kominn inn í myndina. Hins vegar var ég mjög upptekinn í leikhúsinu þá og þegar það hægðist um hjá mér flutti Þórður Gunnar utan og verkefnið var aftur sett á ís.“

Árið 2013 var hins vegar ákveðið kýla á plötuna.

„Við lentum þó í áföllum þegar hún átti að fara í hljóðblöndun því Aron Þór Arnarson sem hljóðblandar plötuna fór á tónleikaferðalag með John Grant og var hún því að hluta til mixuð í lestum og á hótelherberginu,“ útskýrir Eyþór Ingi.

Hins vegar varð Aron Þór veikur á lokasprettinum og því varð enn ein töfin. „Þegar platan fór svo í masteringu hélt ég að hún væri í höfn en þá kom annað áfall.“ Þegar platan fór í masteringu hjá einum reyndasta upptökumanni landsins, Bjarna Braga Kjartanssyni, ákvað tölvan hans að gefa upp öndina. „Þá leið mér eins og platan ætti hreinlega bara ekki að koma út,“ segir Eyþór léttur í lundu. Þá kom ný tölva til sögunnar og Bjarni Bragi náði að klára verkið með miklum sóma.

Tónlistin á plötunni er fjölbreytt og hafa áhrifavaldar Eyórs Inga líkt og Jeff Buckley, Radiohead, David Bowie, The Smiths og Queens of the Stone Age sett sinn brag á tónlistina. Þetta eru í raun tónlistarstefnur frá indí/popptónlist til prog/rokks en þó er einnig að finna rólegar ballöður á plötunni.



**ÁNÆGÐUR MEÐ ÚTGÁFUNA** Eyþór Ingi Gunnlaugsson er sáttur við sólóplötuna. MYND/

Flest lögin eru samin af Eyþóri Inga og Baldri Hjörleifssyni en þeir eru einnig æskuvinir. „Við unnum svo allir efnið í sameiningu þegar við æfðum fyrir upptökurnar,“ bætir Eyþór Ingi við. Þá eru einnig flestir textarnir ortir af Eyþóri Inga en fleiri eiga þó texta á plötunni. Allir eru þeir á íslensku nema einn, sem er á ensku.

Atómskáldin skipa Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Baldur Hjörleifsson gítarleikari, Helgi Reynir Jónsson gítar- og píanóleikari, Baldur Kristjánsson bassaleikari og Gunnar Leó Pálsson trommuleikari.

liljakatrin@frettabladid.is

## → Ferill Eyþórs í hnotskurn

- Byrjar með Ladda-eftirhermur og leikur á harmoníkur fyrir hópa með óvissuferðir árið 1998
- Leikur í unglingaleikritinu Kverkatak á Dalvík árið 2002
- Leikur í Oliver Twist fyrir Leikfélag Akureyrar árið 2005
- Leikur í Óvitum fyrir Leikfélag Akureyrar árið 2006
- Leikur Jesú í uppfærslu VMA og MA á Jesus Christ Superstar árið 2007
- Sigrar í söngvakeppni framhaldsskólanna árið 2007



- Vinnur Bandið hans Bubba árið 2008
- Gerist meðlimur í Todmobile árið 2010



- Leikur Riff Raff í Rocky Horror í uppfærslu Leikfélags Akureyrar árið 2010



- Leikur Berger í Hárinu í uppfærslu Silfurtunglsins árið 2011
- Leikur Maríus í Vesalingunum í Þjóðleikhúsinu árið 2012
- Fer fyrir hönd Íslands með lagið Ég á líf í Eurovision árið 2013



- Platan Eyþór Ingi og Atómskáldin kemur út í nóvember árið 2013

2000 2002 2004 2006 2008 2010 2012 2014

## 14.11.2013 → 20.11.2013



### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | **Steinar** | **Up** |
| ▶ | 2 | Baggalútur og Jóhanna Guðrún | *Mamma þarf að djamma* |
| ▲ | 3 | Jón Jónsson | *Feel For You* |
| ▼ | 4 | One Republic | *Counting Stars* |
| ▲ | 5 | Avicii | *Hey Brother* |
| ▲ | 6 | Miley Cyrus | *Wrecking Ball* |
| ▼ | 7 | Drangar | *Bál* |
| * | 8 | Of Monsters And Men | *Silhouettes* |
| * | 9 | Kaleo | *Automobile* |
| ▲ | 10 | Katy Perry | *Roar* |



### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | **Baggalútur** | **Mamma þarf að djamma** |
| ▲ | 2 | Kaleo | *Kaleo* |
| ▶ | 3 | Helgi Björnsson | *Helgi syngur Hauk* |
| ▲ | 4 | Sigríður Thorlacius | *Jólakveðja* |
| * | 5 | Páll Óskar | *Rauða boxið* |
| ▼ | 6 | Pálmi Gunnarsson | *Þorparinn* |
| * | 7 | Björgvin Halldórsson | *Duet III* |
| * | 8 | Páll Óskar | *Bláa boxið* |
| ▼ | 9 | Drangar | *Drangar* |
| ▲ | 10 | Bubbi | *Æsku minnar jól* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.



NÝR 4BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM DESEMBERTILBOÐUM
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
DESEMBER TILBOÐ
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI
0% VEXTIR
ÓGRYNNI LEIKJA
JXD SMART CONSOLE LEIKJATÖLVA
19.900
9.990
SMELLTU Á KÖRFUNA
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
DELL
lenovo
packard bell
SAMSUNG
TOSHIBA

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikarinn Ed Harris er 63 ára í dag**

Helstu myndir: Pollock, Apollo 13, The Truman Show og A Beautiful Mind.

## FRUMSÝNINGAR
**Nóg að gerast í bíó**

### Sæði og svindl

**Northwest, spennumynd**
Hér er á ferð dönsk mynd sem fjallar um átján ára strákinn Casper sem býr með móður sinni og tveimur systkinum í Nordvest-hverfinu í Kaupmannahöfn en það þykir ekki fínt hverfi. Til að hafa í sig og á og hjálpa móður sinni hefur Casper leiðst út í innbrot þar sem hann sérhæfir sig í að komast yfir alls kyns eftirsótt rafmagnstæki sem hann selur smáglæpakónginum Jamal. Jamal er svindlari og þegar Casper kynnist öðrum glæpakóngi sem borgar betur fyrir vörurnar ákveður hann að hætta að vinna fyrir Jamal. Þá fýkur í Jamal og hann ákveður að hefna sín.

**Delivery Man, gamanmynd**
David, sem leikinn er af Vince Vaughn, starfar sem sendill hjá kjötverslun föður síns. Faðir hans vildi óska þess að David færi nú að koma sér eitthvað áfram í lífinu í stað þess að hjakka stöðugt í sama farinu.

Dag einn breytist allt þegar lögfræðingur sæðisbanka kemur til Davids og segir honum að sæði sem hann seldi bankanum fyrir tuttugu árum hafi fyrir mistök verið notað til að geta 533 börn og að 142 þeirra hafi nú ákveðið að höfða mál fyrir dómstólum þar sem þau krefjast þess að fá að vita hver faðir þeirra er.

- lkg



# Dökk og ágeng mynd sem snertir við áhorfendum

BÍÓ ★★★★★

**Hunger Games 2: Catching Fire.**
Leikstjóri: Francis Lawrence
Leikarar: Jennifer Lawrence, Josh Hutcherson, Liam Hemsworth, Donald Sutherland, Woody Harrelson.

Fyrsta myndin í þríleiknum um Hungurleikana sló rækilega í gegn og gerði Jennifer Lawrence að stórstjörnu. Nú er framhaldið komið í bíó og veldur svo sannarlega ekki vonbrigðum. Hungurleikarnir 2 er dökk og ágeng og snertir við áhorfendum.

Myndin hefst um ári eftir að þeirri fyrri lýkur. Það er ólga í umdæmunum tólf þar sem almenningur lifir í fátækt ólíkt hinum ofurríku í höfuðborginni Kapítól. Vísanirnar í Rómaveldi eru margar, gestir í veislu forsetans drekka kokteila sem fá þá til að kasta upp til að þeir geti borðað meira meðan almenningur sveltur. Og Hungurleikarnir eru ópíum fólksins – brauð og leikar þar sem aðeins einn stendur eftir á lífi. Katniss Everdeen og Peeta Mellark þurfa aftur að berjast fyrir lífi sínu á leikvelli Hungurleikanna, nú á sérstökum hátíðarleikum, en það er meira undir – byltingin bíður handan hornsins, hinn raunverulegi óvinur er ríkið sjálft.

Það var til marks um áhrifamátt myndarinnar að áhorfendur í fullum sal í Háskólabíói um helgina klöppuðu undir lok hennar. Þrátt fyrir að vera ævintýramynd, vísindaskáldsaga, hefur myndin alvarlegan undirtón. Hér er enginn Hollywood-afsláttur. Atriði þar sem gamall maður er tekinn af lífi á torgi af stormsveitum Snows forseta í upphafi myndarinnar slær tóninn.

Jennifer Lawrence fer aftur á kostum sem Katniss. Woody Harrelson stelur senunni eins og hann er vanur. Og Donald Sutherland í hlutverki Snows er réttur maður á réttum stað.



Hungurleikarnir 2 gæti komist á lista með flottustu vísindaskáldsögum allra tíma. Myndin er stórkostleg blanda af Star Wars, Battle Royal og American Idol. Hún er kröftug ádeila á misskiptingu, vald, kapítalismann og eftirlitssamfélagið. En fyrst og fremst frábær skemmtun, rússíbanareið frá upphafi til enda.

Símon Birgisson

**NIÐURSTAÐA:** Það besta sem hefur komið frá Hollywood í langan tíma.

# David Gordon Green langar að taka upp bíómynd á Íslandi

David Gordon Green leikstýrir endurgerð á íslensku myndinni Á annan veg. Hann segir Paul Rudd strax hafa verið til í verkefnið þegar hann sá íslensku myndina en tökur stóðu yfir í aðeins sextán daga.

Á morgun verður kvikmyndin Prince Avalanche frumsýnd í Smárabíói og á VOD-leigum landsins. Kvikmyndin er endurgerð af íslensku kvikmyndinni Á annan veg sem kom út árið 2011, eftir Hafstein Gunnar Sigurðsson. Það er enginn annar en David Gordon Green, sem er best þekktur fyrir kvikmyndina Pineapple Express, sem leikstýrir endurgerðinni.

Gagnrýnendur hafa borið lof á myndina og margir segja að hún sé ein besta mynd leikstjórans um árabil. Hún hefur keppt á nokkrum virtustu kvikmyndahátíðum heims og hlaut leikstjórinn Silfurbjörninn á Berlínarhátíðinni fyrir leikstjórn í ár. Fréttablaðið náði tali af David Gordon Green, sem segist hafa heillast af sögunni af þessum tveimur aðalsöguhetjum, sem lifa í mikilli einangrun.

„Ég elska Paul og Emile, við höfum verið vinir í langan tíma og það var frábært að að vinna loksins með þeim,“ segir Green um aðalleikara myndarinnar, þá Paul Rudd og Emile Hirsch. Hann segir það hafa verið lítið mál að fá Paul Rudd til þess að leika í myndinni.

„Ég sýndi honum íslensku myndina og hann var strax til í þetta,“ segir Green. Einungis tók sextán daga að taka myndina.

> **Ég elska Paul og Emile, við höfum verið vinir í langan tíma og það var frábært að vinna loksins með þeim.**
> *Leikstjórinn David Gordon Green*

Aðspurðir um muninn á íslensku og bandarísku útgáfunni, segist Green hafa reynt að halda í upprunalega útgáfuna. „Auðvitað er þetta allt önnur mynd og ég blandaði nokkrum atriðum úr mínu lífi og reynslu í myndina.“

Leikstjórinn hreppti Silfurbjarnarverðlaunin í Berlín sem besti leikstjórinn fyrir myndina. „Maður veit aldrei hvað dómnefndum á svona kvikmyndahátíðum þykir um verk manns. Það er alltaf ánægjulegt þegar verkum manns er vel tekið.“

Aðspurður um vitneskju sína um Ísland segist hann lítið vita um Ísland en segist þó stórhrifinn af íslenska hestinum smávaxna. „Ég fékk þó mun meiri áhuga á Íslandi eftir að ég vann myndina, mig langar gjarnan að koma til Íslands og mig langar að taka upp bíómynd á Íslandi,“ útskýrir Green.

Þessa dagana vinnur Green að nýrri kvikmynd þar sem enginn annar en stórleikarinn Al Pacino leikur aðalhlutverkið.

gunnarleo@frettabladid.is



**ÞRÍR TÖFFARAR** Emile Hirsch, David Gordon Green og Paul Rudd á frumsýningu Prince Avalanche í Berlín á árinu.



**ÚR MYNDINNI** Hér eru félagarnir í ham í Prince Avalanche.
NORDICPHOTOS/GETTY



# SPENNANDI BÓKMENNTIR

Óðinsauga

## *Fjársjóðskistan:*
## *KVÖLDSÖGUR*

Sagnasafnið inniheldur 8 sígild ævintýri:
Stígvélaði kötturinn, Litla hafmeyjan,
Sjö í einu höggi, Aladdín og töfralampinn,
Tumi þumall, Mjallhvít og dvergarnir sjö,
Tónelsku húsdýrin & Fríða og dýrið.




## *Heilsudrykkir Hildar*

50 uppskriftir af gómsætum og heilsusamlegum drykkjum. Láttu eftir þér að súpa af náttúrunnar gæðum, heilsunnar vegna!




## Galdraþulan

Ný unglingabók sem fjallar um Kæju, ósköp venjulega unglingsstúlku sem býr á Íslandi. Föðurfjölskyldan hennar er frá Rúmeníu og er viðriðin galdra. Á fimmtán ára afmælisdeginum fær Kæja sendan dularfullan kistil að gjöf en innihald hans á eftir að gjörbreyta lífi hennar!



Jói Fel
BAKARÍ

Funda- og veisluþjónusta að hætti Jóa Fel



BEIKON–SAMLOKUBAKKI
Baguette, beikon, sveitaskinka, salat, sinnepssósa, paprika, ostur og BBQ-sósa.



CIABATTA- OG KALKÚNABAKKI
Kryddað ciabattabrauð, kalkúnaskinka, steiktir sveppir, salat, paprika og hvítlaukssósa.



BRIE–SAMLOKUBAKKI
Baguette, salat, brie ostur, tómatar, laukur og sósa.



ÓLÍFU–SAMLOKUBAKKI
Hvítlauks- og ólífuostabrauð, salat, sveitaskinka, tómatar, laukur og hvítlaukssósa.

*Verð per. mann 945 kr.-*

PÖNTUNARSÍMI: 588 8998
www.joifel.is



# Leikvöllurinn á lífi

Kvennablaðið fagnaði tveggja vikna afmæli sínu en blaðið er leikvöllur fyrir konur alls staðar á landinu að sögn Steinunnar Ólínu Þorsteinsdóttur, leikkonu og eins af ritstjórum blaðsins. Fjöldi gesta lagði leið sína í Skipholt 33 og fagnaði þessum tímamótum og má með sanni segja að gleðin hafi verið við völd.



**Í STUÐI** Soffía Steingrímsdóttir, Andrea Sóleyjar- og Björgvinsdóttir, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og Eik Gísladóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÁNÆGÐAR MEÐ BLAÐIÐ** Guðrún Tinna Ólafsdóttir og Þórdís Jóhannsdóttir Wathne.



**STOLTAR AF STEINUNNI** Hulda Karen Ólafsdóttir, mamma leikarans Stefáns Karls, og Rósa Fjóla Guðjónsdóttir, amma leikarans, en Stefán Karl er maður Steinunnar Ólínu.



**ANDRI OG STELPURNAR** Hjördís Erna, útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson og Hekla Elísabet.

# Hvernig má bragðbæta sæðið?

**?** Ég hef löngum átt í smárifrildi við vini mína um ákveðið mál og það er hvort mataræði geti haft áhrif á bragðið af sæðinu. Mér finnst ég alltaf vera að lesa eitthvað um að ananas sé góður fyrir sæði og mig langar að vita hvort þetta er satt.

...



**SVAR:** Ah, já, þetta er sígild spurning, hvernig má bragðbæta sæði? Því vissulega má gera sæði að bragðgóðri hressingu, sagði enginn aldrei. Mataræði getur haft áhrif á bragð sæðis og er þá ananas gjarnan notaður sem dæmi um hvernig megi „bragðbæta“ sæðið. Bara svo það sé á alveg kristaltæru þá verður brund aldrei bragðgott, það er bara misvont. Það er sagt að mataræði viðkomandi sem reykir, drekkur mikið kaffi og borðar mjög brasaðan mat (eins og franskar og hamborgara) hafi „neikvæð“ áhrif á sæðið og það verði verra á bragðið. Ef sá hinn sami myndi taka sig í gegn og fara að borða meira af ávöxtum og mjólkurvörum þá gæti bragðið batnað. Sú er tilgátan. Nú skora ég á ykkur sem framleiðið þennan vökva að prófa. Smakkaðu brundið á mánudegi. Á þriðjudegi hefst svo breytt mataræði sem stendur fram að helgi og þá smakkarðu aftur. Ef þér þykir það hafa skánað þá er spurning hvort þetta sé hvatinn sem þú þurftir til að skipta um lífsstíl og temja þér heilbrigðari matarvenjur. Það er reyndar ágætt að hafa í huga að aspas og brokkolí virðast fara illa í sæðið svo ætli það sé ekki best að sleppa því. En svo velti ég því fyrir mér af hverju bragðið af sæðinu skipti máli? Það mun alltaf verða vont á bragðið og fæstir staldra við með það uppi í sér, þetta er spurning um að spýta eða kyngja, og svo gjarnan fá sér góðan vatnssopa á eftir. Ég veit ekki með þig en ég býð aldrei fólki heim til mín í mat og framreiði svo ógeðsrétt sem ég neita að borða sjálf því hann er jú ógeðslegur. En ég hvet þig til að borða af bestu lyst, og jafnvel fá þér ábót? Ef þú býður annarri manneskju upp á brundið þitt þá verðurðu að hafa smakkað það sjálfur, þannig er það bara. Verði þér að góðu!

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



# GERSEMI

**„... STÍLFIMI SETUR VERK HANS Í FLOKK ÞESS BESTA SEM RITAÐ ER Á ÍSLENSKA TUNGU ...“**

*FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR / VÍÐSJÁ*



★★★★

**„MEISTARALEGAR MANNLÝSINGAR ...“**

*JÓN YNGVI JÓHANNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ*

**„... HANN ER EINN OKKAR ALLRA FLOTTASTI STÍLISTI ...“**

*SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR / KILJAN*




**„STÓRSKEMMTILEG BÓK ...“**

*SIGURÐUR G. TÓMASSON / KILJAN*

**„KLÁRLEGA SKYLDULESNING.“**

*GUÐMUNDUR GUNNARSSON / EYJAN.IS*

**„LÝTALAUS, SPENNANDI, HUGSANA- OG TILFINNINGA-VEKJANDI SAGA.“**

*ÞORGEIR TRYGGVASON*

★★★★

**„... SITUR EFTIR Í SÁLARTETRINU AÐ LESTRI LOKNUM ...“**

*RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON / PRESSAN.IS*

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# Palli svarar ólöglegu umræðunni

Páll Óskar gefur út diskasafn sem er innlegg hans í umræðuna um ólöglegt niðurhal.

„Þetta diskasafn er mitt innlegg í umræðuna um ólöglegt niðurhal,“ segir tónlistarmaðurinn Páll Óskar Hjálmtýsson en hann hefur nú gefið út sex diska safn. Þetta eru allt diskar sem hann hefur gefið út sjálfur hjá fyrirtæki sínu, POP, sem hann stofnaði árið 1995.

„Ég hef heyrt ágæta lausn við niðurhalinu. Gerið gott efni, gerið efnið aðgengilegt á internetinu, á öllum litakerfum og formum, samdægurs út um allan heim. Síðast er, bjóðið upp á efnið á sanngjörnu verði,“ útskýrir Páll Óskar.

„Ég býð þrjá diska á verði eins og sex diska á verði tveggja, mér finnst það vera sanngjarnt. Fólk gefur heldur ekki niðurhlaðna tónlist í jólagjöf, geisladiskar og vínylplötur eru hins vegar virkilega falleg í jólapakkann.“

Páll Óskar segist ekki hafa horft á sjónvarp í tólf ár en ef út komi sjónvarpssería sem hann heillast af, kaupi hann hana á DVD og horfi á hana alla í einu. „Ég hala ekki niður þætti ólöglega á netinu og svo hef ég ekki þolinmæði til að bíða eftir næsta þætti í viku. Það þýðir líka ekkert að svæðisskipta t.d. Bluray- eða DVD-diskum, þar sem internetið og heimurinn allur er í raun nú þegar orðinn eitt stórt svæði. Eina vesenið við þessa draumsýn eru höfundarréttúrinn.“

Páll Óskar stefnir á að gefa út nýtt efni á næsta ári og gerir ráð fyrir að fyrsta lagið fari í spilun í janúar. - glp



**TEKUR TIL MÁLS** Páll Óskar Hjálmtýsson segir diskasafn sitt vera innlegg í umræðuna um ólöglegt niðurhal. MYND/EINKASAFN



**BÍLSKÚRSFJÖR** Haraldur Guðmundsson og Sigurjón gefa borðspilið út ásamt Ágústi Þór Ágústssyni sem vantar á myndina.

# Fíaskó í bílskúrnum

Ný útgáfa borðspilsins Fíaskó er komin í verslanir. Fyrri seldist upp árið 2011. Þrír vinir gefa spilið út.

„Það skemmtilegasta við að gefa út spilið eru viðbrögðin sem við höfum fengið við því og að vita til þess að vinahópar og fjölskyldur séu að skemmta sér konunglega í Fíaskó,“ segir Sigurjón Jónsson, einn útgefenda orðskýringa- og látbragðsspilsins Fíaskó. Spilið kom fyrst út árið 2011 og seldist upp.

„Við ákváðum að gefa spilið út aftur vegna vinsælda fyrra spilsins. Spilið hefur verið uppfært, nú er það fjórar umferðir í stað þriggja. Búið er að bæta við flokkum og spurningum og ýmsu fleira,“ útskýrir Sigurjón.

Þrír æskuvinir standa að útgáfunni. „Við erum bara með þetta í bílskúrnum heima hjá okkur. Við lukum allir námi í viðskiptafræði árið 2008 og fengum þessa hugmynd, að gefa út borðspil. Við létum verða af því árið 2011 og lentum heldur betur í samkeppni. Mörg góð spil komu út það ár, en okkar seldist upp og gekk gríðarlega vel,“ segir Sigurjón. Spilið er komið í verslanir og hefur fengið góðar viðtökur, til dæmis hæstu einkunn frá vefsíðunni Nörd Norðursins. - kak

# Sagafilm til Svíþjóðar

Sagafilm herjar á Evrópumarkað og er með mörg járn í eldinum. Kjartan Þórðarson stýrir útrásinni.

„Það leggst gríðarlega vel í mig. Ég flutti fjölskylduna fyrir ári, er búinn að vera þriðjung af tíma mínum í Stokkhólmi og nú stíg ég skrefið til fulls,“ segir Kjartan Þór Þórðarson, nýr framkvæmdastjóri framleiðslufyrirtækisins Sagafilm í Svíþjóð. Sagafilm ætlar að opna skrifstofu í Stokkhólmi í Svíþjóð á næsta ári og mun Kjartan formlega hefja störf 1. janúar.

„Ég hefst strax handa við að styðja við þau verkefni sem eru í gangi erlendis. Við erum að þróa þrjú verkefni fyrir sænska markaðinn, tvö í Finnlandi, eitt í Noregi og eitt í Danmörku,“ segir Kjartan. Hann segir þetta skref vera afrakstur tveggja ára vinnu. „Þetta er í raun eina leiðin til þess að halda úti kvikmyndaiðnaði: Að leita út. Sextíu prósent af tekjum Sagafilm eru fengin erlendis, iðnaðurinn stendur ekki undir sér öðru vísi en að við leitum eftir erlendri fjárfestingu. Við höfum unnið að þessu í tvö ár, eða allt frá því að ákveðið var að skilgreina Sagafilm sem framleiðslufyrirtæki á Evrópumarkaði.“



**Á LEIÐ TIL SVÍÞJÓÐAR** Kjartan Þór Þórðarson er spenntur fyrir Svíþjóðarför.

Ragnar Agnarsson tekur við starfi Kjartans en hann hefur starfað sem stjórnarformaður Sagafilm undanfarin sjö ár. Guðný Guðjónsdóttir tekur við starfi Ragnars en hún hefur verið fjármálastjóri. - kak

# Listamenn eiga nóg af pottum og pönnum

Hrafnhildur Sigurðardóttir, formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna, bendir á að málflutningur forsætisráðherra síðustu helgi, um að ekki sé hægt að tala um niðurskurð til skapandi greina, sé hreinlega lygileg söguföIsun.

„Ef svo ólíklega vill til að þessi mistök verða ekki leiðrétt í annarri umræðu um fjárlögin nú í byrjun desember, sé ég ekki að við höfum margt í stöðunni annað en að fara að ráði frænda okkar í Noregi. Þeir mótmæltu harðlega fyrir utan þinghúsið í Ósló í síðustu viku vegna niðurskurðar á þeim bænum. Ég geri ráð fyrir að listamenn landsins eigi enn nóg af pottum og pönnum, sjálf á ég eina undna pönnu sem yrði fín,“ segir Hrafnhildur Sigurðardóttir, formaður Sambands íslenskra myndlistarmanna.

Hrafnhildur bendir á að málflutningur forsætisráðherra um síðustu helgi sé ótrúlegur. Hann segi að það sé raunar ekki hægt að tala um að það sé verið að skera niður á sviðum þar sem stjórnvöld eru gagnrýnd fyrir að skera niður að undanförnu. Og hann nefnir sem dæmi rannsóknir, kvikmyndagerð og skapandi greinar. „Hvernig hann fær það út er bara lygileg söguföIsun þar sem hann eignar sér hækkanir til skapandi greina frá síðustu stjórn,“ segir Hrafnhildur.

Mennta- og menningarráðuneyti hóf gerð myndlistarlaga árið 2007 og áttu þau að líta dagsins ljós árið 2008. Þá héldu sömu stjórnmálaflokkar um stjórnartaumana og nú. Stjórn SÍM hafði sem hagsmunaaðili sent inn athugasemdir við lögin það ár, en vinna við lagasmíðina var sett á ís við fjármálahrunið það haust, enda óljóst hvort hægt væri að fjármagna myndlistarráð og sjóð því tengdan. Grundvöllurinn var því brostinn fyrir starfsemina, að sögn Hrafnhildar. Þetta ferli hafi síðan verið tekið upp að nýju í ársbyrjun 2012 og lögin staðfest á Alþingi um sumarið. „Það eru því vond skilaboð til myndlistarmanna í landinu, sem hafa beðið hvað lengst allra listgreina eftir slíkum sjóði, að þetta hafi eiginlega bara verið allt í plati.“

Alger niðurskurður á þessum sjóði sem nú blasir við, úr 45 milljónum króna í núll, er reiðarslag, segir Hrafnhildur, enda voru væntingar myndlistarmanna miklar með tilkomu nýju laganna. Hér var loks kominn sjóður sem gæti aukið líkur listamanna á að fá styrki frá útlöndum, styrki sem krefjast mótframlags, bætir hún við.

Stjórn SÍM hefur í samvinnu við Listfræðafélag Íslands og sem aðildarfélag Bandalags íslenskra listamanna sent bæði fjárlaganefnd Alþingis og mennta- og menningarráðherra bréf þar sem sjónarmið þeirra eru skýrð og bent á þessi mistök sem orðið hafa við fjárlagagerðina. Óskað hefur verið eftir fundi til að fylgja þessum erindum eftir. olof@frettabladid.is



**REIÐARSLAG** Hrafnhildur segir algeran niðurskurð á myndlistarsjóði, úr 45 milljónum í núll, reiðarslag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Hvernig hann fær það út er bara lygileg söguföIsun þar sem hann eignar sér hækkanir til skapandi greina frá síðustu stjórn.**
>
> *Hrafnhildur Sigurðardóttir*

# Skraflþyrstir Íslendingar fagna

Íslensk útgáfa af skrafli er nú aðgengileg á netinu. Notaður er gagnagrunnur frá norskri skraflkempu. Orð og orðmyndir eru sjö sinnum fleiri en í ensku.

Skraflþyrstir Íslendingar geta nú svalað þorsta sínum á netinu, en Skraflfélag Íslands hefur opnað vefsvæði þar sem hægt er að spila leikinn vinsæla á íslensku. Sigrún Helga Lund, einn af meðlimum Skraflfélagsins, segir aðdraganda útgáfu netleiksins stuttan.

„Norska skraflkempan Taral Seierstad kom hingað til lands í tengslum við Íslandsmótið í skrafli fyrr í mánuðinum. Við komumst að því að hann hafði forritað netútgáfu skrafls á norsku. Við fengum hann til þess að nota norska gagnagrunninn og setja inn íslenskuna í staðinn,“ segir Sigrún. Oft er talað um að íslenskan sé flókið mál og fjöldi orða og orðmynda í skraflinu rennir stoðum undir þær tilgátur.

„Taral hélt að við hefðum gert einhver mistök, því hann fékk 2,2 milljónir orða og orðmynda. Til samanburðar eru þær þrjú hundruð þúsund í ensku og fjögur hundruð þúsund í norsku,“ útskýrir Sigrún. Skraflfélagið fékk að notast við gagnagrunn Stofnunar Árna Magnússonar. „Kristín Bjarnadóttir ritstjóri Beygingarlýsingar íslensks nútímamáls, var okkur innan handar. Þaðan fengum við stóran hluta orða og orðmynda sem við þurftum í netleikinn, en við þurfum að bæta við óbeygjanlegum orðum,“ segir Sigrún.

Skraflfélag Íslands er vaxandi samtök og hittast meðlimir reglulega. „Við hittumst fyrsta miðvikudag hvers mánaðar á Café Haítí klukkan 20. Næsti hittingur er einmitt næsta miðvikudag og eru allir velkomnir,“ segir Sigrún. Hægt er að spila netútgáfu skraflsins á slóðinni ordaleikur.appspot.com. - kak



**ÁNÆGÐ MEÐ SKRAFLIÐ** Sigrún Helga Lund er ánægð með netútgáfu Skraflsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# DEBENHAMS

EGF

## EGF húðvörudagar í Debenhams

Dagana 28. nóvember til 4. desember.




EGF Augnablik er **NÝTT** endurnærandi og frískandi gel sem er sérstaklega þróað fyrir húðina í kringum augun



### Kaupauki*

**Ef keyptar eru EGF húðvörur fyrir 6.900 kr. eða meira.**

Inniheldur:
EGF Húðdropa™ 2,5 ml
EGF Dagkrem fyrir þurra húð 7 ml
EGF Spegil

*Takmarkað magn og gildir ekki með öðrum tilboðum.

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

**DEBENHAMS – SMÁRALIND**

**KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR**

LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES 2 | 6, 7, 9, 10 | 12 |
| PHILOMENA | 5:50, 8 | 12 |
| CARRIE | 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE FIFTH ESTATE | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 | 12 |
| PRISONERS | KL. 6 - 9 | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| DELIVERY MAN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| STAND UP GUYS | KL. 8 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| THE FIFTH ESTATE | KL. 6 - 9 - 10:10 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES: CATCHING FIRE | KL. 8 - 11 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 - 10:40 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE FIFTH ESTATE | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:40 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 4 - 5 - 6 - 8 - 9 - 11 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| THE STARVING GAMES | KL. 6 | 10 |
| CARRIE | KL. 10.45 | 16 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 | 14 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.30 | L |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 8 - 9 | 12 |
| THE FIFTH ESTATE | KL. 10.15 | 12 |
| PHILOMENA | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 10.15 | 14 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 | 12 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 - 10:10 | 12 |
| THE COUNCELOR | KL. 8 | 16 |
| FURÐUFUGLAR 3D | KL. 6 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði




**EKKI JULIE ANDREWS** Carrie reynir ekki að apa eftir goðsögninni.

## Fær haturstíst

Söngkonan Carrie Underwood ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og mun leika Maríu í nýrri sjónvarpsútgáfu af Söngvaseið. Julie Andrews lék sama hlutverk í kvikmyndinni árið 1965 og finnst sumum aðdáendum Söngvaseiðs Carrie ekki passa í hlutverkið.

„Ég fæ haturstíst á borð við „Þú ert ekki Julie Andrews!“ Ég veit að ég er ekki Julie. Enginn getur verið það og ég myndi aldrei reyna að vera hún,“ segir Carrie í viðtali við Entertainment Weekly.

Ásamt Carrie fara Stephen Moyer og Audra McDonald með hlutverk í söngleiknum sem verður sýndur í beinni útsendingu 5. desember á NBC.



**ALLT AÐ GERAST** Jennifer er nú móðir og eiginkona.

## Barn og leynibrúðkaup

Leikkonan Jennifer Love Hewitt eignaðist sitt fyrsta barn, fallega dóttur, með Brian Hallisay á þriðjudaginn. Ekki er nóg með það heldur létu Jennifer og Brian líka gefa sig saman á laun.

„Jennifer Love Hewitt og eiginmaður hennar, Brian Hallisay, eru í skýjunum yfir fæðingu dóttur sinnar. Autumn James Hallisay fæddist 26. nóvember,“ segir kynningarfulltrúi leikkonunnar.

Jennifer og Brian leika saman í þáttunum Client List og tilkynntu að þau væru trúlofuð í júní síðastliðnum. - lkg

# Ágætur maður, á röngum tíma

**BAKPANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



Síðasti föstudagur, 22. nóvember, var frábær fyrir menn eins og mig sem lifa á röngu tímaskeiði. Í fyrsta lagi þá eignaðist heimurinn nýjan heimsmeistara í skák og eyddi ég drjúgum hluta af deginum í að fylgjast með lokaskákinni. Það fyndna er að ég veit lítið um skák og skildi varla hvað var í gangi. Mér fannst bara eins og ég þyrfti að sjá þetta í beinni útsendingu því skákeinvígi eru heillandi enda vitsmunalegt uppgjör tveggja þjálfaðra huga – eða jafnvel geópólitískt uppgjör tveggja heimsvelda eins og haldið var fram í kalda stríðinu. Ég elska skákeinvígi því mér finnst þau hluti af merkara tímabili heimssögunnar, tímabili sem ég lifði ekki en þrái að tengjast. Þess vegna eyddi ég hálfum föstudeginum í að horfa á tvo menn í jakkafötum með sokkin augu sitja í stólum.

**Á** föstudaginn var einnig hálf öld liðin síðan Kennedy Bandaríkjaforseti var myrtur. Ég er einn af mörgum sem hafa aldrei komist yfir þann atburð, hann hefur dýpri rætur í huga mínum en flest það sem gerst hefur á minni lífstíð. Afmælishelginni eyddi ég í að horfa á JFK eftir Oliver Stone (mynd sem ég sá fyrst tíu ára gamall í Bíóborginni við Snorrabraut og fékk á heilann árin á eftir) og hina nýju Parkland sem fjallar meðal annars um lækna á Parkland Memorial-spítalanum sem tóku á móti Kennedy eftir tilræðið. Þá er ég búinn að lesa um 400 blaðsíður af Warren-skýrslunni og skima að nýju yfir bækurnar Crossfire og Case Closed (sú fyrri er meistaraverk í samsæriskenningafræðum en sú síðari ein sú besta sem tekur fyrir þær).

**ÞAÐ** sem heillar mig við atburðina 22. nóvember 1963 eru þó ekki samsæriskenningar heldur fagurfræðin. Sólríkur haustdagur, CIA-menn með hatta og bindi, konur í drögtum, opinn og gljáandi Ford Continental, rauðbirkinn og pabbastráksgreiddur forsetinn með skjannahvítar tennur en sótsvarta bletti á sálinni. Zapruder-myndskeiðið. Skotin þrjú. Hvarf sakleysis, grafið inn í YouTube og komandi kynslóðir að eilífu, endalaus leikvöllur fyrir ágæta menn til að lifa á röngum tíma, láta sig dreyma og þykjast vita eitthvað um atburð sem er löngu liðinn. Það er besti veruleikaflóttinn.



**NÓG AÐ GERA** Ólafur er viðskiptafræðingur en Oddur er að klára BA-gráðu í mannfræði. Eftir áramót byrjar hann í meistaranámi í stjórnun og stefnumótun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Við erum allir synir

### Vinirnir Ólafur og Oddur opnuðu vefverslunina Sons.is og selja klassískar vörur.

„Við erum báðir búnir að vinna lengi í tískubransanum og kynntumst þegar við vorum báðir að vinna hjá NTC. Við höfðum talað um það í einhvern tíma að stofna okkar eigið merki saman því við höfðum svipaðar hugmyndir um hvað vantaði á markaðinn og hvað væri skemmtilegt að gera. Við ákváðum því fyrr í ár að slá til og stofna Sons.is,“ segir Oddur Sturluson. Hann stofnaði vefverslunina Sons.is ásamt vini sínum Ólafi Fannari Heimissyni en vefurinn var opnuð í síðustu viku.

„Við seljum okkar eigið merki sem fæst ekki neins staðar annars staðar. Framleiðandi í Bandaríkjunum hannar vörurnar fyrir okkur og við veljum útlitið í samráði við hann. Viðtökurnar hafa verið mjög jákvæðar og allir sem hafa fengið og séð vörurnar eru mjög ánægðir,“ bætir Oddur við. Nafnið á versluninni vísar til þess sem allir karlmenn eiga sameiginlegt.

„Nafnið spratt upp úr samtali sem við áttum um handa hverjum merkið væri. Þá byrjuðum við að tala um þá staðreynd að allir karlmenn eiga fyrirmyndir sem þeir líta upp til og vilja líkjast. Við erum allir synir.“

Þeir Oddur og Ólafur eru mjög liðlegir þegar kemur að því að panta af síðunni og vilja allt fyrir viðskiptavini sína gera.

„Við erum í því að redda málunum og bjóða upp á sem besta þjónustu. Viðskiptavinir panta vöru á vefsíðunni og fá hana senda daginn eftir. Ef einhver er hins vegar óviss um einhverja vöru eða vill fá hana fyrr er lítið mál að senda okkur skilaboð og við reddum því.“

> **Við seljum okkar eigið merki sem fæst ekki neins staðar annars staðar.**

Vinirnir hafa í hyggju að breikka vöruúrvalið en sem stendur selja þeir bindi, slaufur og vasaklúta. En er ekkert erfitt að vinna með vini sínum?

„Satt best að segja er rosalega þægilegt að vinna með honum Óla. Við erum svo góðir vinir að það er lítið mál að ræða saman og komast að niðurstöðu ef við erum ósammála.“ liljakatrin@frettabladid.is


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGATÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
vissir þú...
Ofbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn.

# Stjörnuvika

**25. nóv til 1. des.**

## 12" bátur og miðstærð af gosi*

**1.000 kr.**








SUBWAY®

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

© 2013 Doctor's Associates Inc.SUBWAY® er skráð vörumerki af Doctor's Associates Inc.

## Vidal skaut Íslendingaliðið í kaf

**FÓTBOLTI** Ragnar Sigurðsson og Rúrik Gíslason voru báðir í byrjunarliði FC Kaupmannahafnar sem tapaði fyrir Juventus, 3-1, í B-riðli Meistaradeildar Evrópu í gær. Arturo Vidal skoraði öll mörk Juventus sem vann þar með sinn fyrsta sigur í riðlinum.



Möguleikar FCK eru þó ekki úr sögunni en til þess að eiga möguleika á sæti í 16-liða úrslitum keppninnar þarf liðið að vinna Real Madrid á heimavelli í lokaumferðinni og treysta á að Juventus tapi fyrir Galatasaray á sama tíma.

Manchester United er öruggt áfram í 16-liða úrslitin eftir frábæran 5-0 sigur á Bayer Leverkusen í Þýskalandi. Wayne Rooney fór á kostum og lagði upp fyrstu fjögur mörk leiksins.

PSG komst svo áfram eftir nauman sigur á Olympiakos á heimavelli, 2-1. - esá

## Toppsætið í húfi í Hafnarfjarðarslagnum

**HANDBOLTI** Einn af stærri íþróttaviðburðum hvers árs á Íslandi er viðureign FH og Hauka í handbolta. Þá er ávallt gríðarlega vel mætt og mikil stemning.

Það skemmir ekki fyrir slag þessara liða í Olís-deildinni í kvöld að þarna mætast tvö efstu lið deildarinnar. Þau eru bæði með þrettán stig og toppsætið er því í húfi ásamt montréttinum að sjálfsögðu.

Haukar unnu fyrri leik liðanna á Ásvöllum með fimm marka mun, 25-20, þannig að FH-ingar hyggja eðlilega á hefndir á heimavelli sínum.

FH vann tvo af þremur leikjum þessara félaga í fyrra. Báðir sigrarnir komu á Ásvöllum.

Fimleikafélagið steinlá aftur á móti í heimaleik sínum, 18-31, og það tap situr enn í stuðningsmönnum félagsins.

Tveir aðrir leikir fara fram í kvöld. Klukkan 19.00 tekur ÍR á móti HK. Hálftíma síðar hefst leikur Fram og Vals og klukkan 20.00 hefst svo Hafnarfjarðarslagurinn. - hbg



**LYKILMAÐUR** Sigurbergur Sveinsson, leikmaður Hauka.

## ÚRSLIT

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**A-RIÐILL**

**LEVERKUSEN - MAN. UNITED 0-5**
0-1 Antonio Valencia (22.), 0-2 Emir Spahic, sjálfsmark (30.), 0-3 Jonny Evans (65.), 0-4 Chris Smalling (77.), 0-5 Nani (88.).

**SHAKHTAR D. - REAL SOCIEDAD 4-0**
1-0 Luiz Adriano (37.), 2-0 Alex Teixeira (48.), 3-0 Douglas Costa (68.), 4-0 Douglas Costa (87.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Manhester United | 5 | 3 | 2 | 0 | 11-3 | 11 |
| Shakhtar Donetsk | 5 | 2 | 2 | 1 | 7-5 | 8 |
| Leverkusen | 5 | 2 | 1 | 2 | 8-10 | 7 |
| Real Sociedad | 5 | 0 | 1 | 4 | 1-9 | 1 |

**B-RIÐILL**

**REAL MADRID - GALATASARAY 4-1**
1-0 Gareth Bale (37.), 1-1 Umut Bulut (38.), 2-1 Alvaro Arbeloa (51.), 3-1 Angel Di Maria (63.), 4-1 Isco (80.).

**Rautt spjald:** Sergio Ramos, Real Madrid (26.).

**JUVENTUS - FC KAUPMANNAHÖFN 3-1**
1-0 Arturo Vidal, víti (29.), 1-1 Olof Mellberg (56.), 2-1 Arturo Vidal, víti (61.), 3-1 Arturo Vidal (63.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Real Madrid | 5 | 4 | 1 | 0 | 18-5 | 13 |
| Juventus | 5 | 1 | 3 | 1 | 9-8 | 6 |
| Galatasaray | 5 | 1 | 1 | 3 | 7-14 | 4 |
| FCK | 5 | 1 | 1 | 3 | 4-11 | 4 |

**C-RIÐILL**

**ANDERLECHT - BENFICA 2-3**
1-0 Chancel Mbemba (18.), 1-1 Nemanja Matic (34.), 1-2 Chancel Mbemba, sjálfsmark (52.), 2-2 Massimo Bruno (77.), 2-3 Rodrigo (90.)

**PSG - OLYMPIAKOS 2-1**
1-0 Zlatan Ibrahimovic (7.), 1-1 Konstantinos Manolas (80.), 2-1 Edinson Cavani (90.).

**Rautt spjald:** Marco Verratti, PSG (46.)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Paris Saint-Germain | 5 | 4 | 1 | 0 | 15-3 | 13 |
| Olympiakos | 5 | 2 | 1 | 2 | 7-7 | 7 |
| Benfica | 5 | 2 | 1 | 2 | 6-7 | 7 |
| Anderlecht | 5 | 0 | 1 | 4 | 3-14 | 1 |

**D-RIÐILL**

**CSKA MOSKVA - BAYERN MÜNCHEN 1-3**
0-1 Arjen Robben (17.), 0-2 Mario Götze (56.), 1-2 Keisuke Honda, víti (61.), 1-3 Thomas Müller, víti (65.).

**MAN. CITY - VIKTORIA PLZEN 4-2**
1-0 Sergio Agüero, víti (33.), 1-1 Tomas Horava (43.), 2-1 Samir Nasri (65.), 2-2 Stanislav Tecl (69.), 3-2 Alvaro Negredo (78.), 4-2 Edin Dzeko (89.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Bayern München | 5 | 5 | 0 | 0 | 15-2 | 15 |
| Manchester City | 5 | 4 | 0 | 1 | 15-8 | 12 |
| CSKA Moskva | 5 | 1 | 0 | 4 | 7-15 | 3 |
| Viktoria Plzen | 5 | 0 | 0 | 5 | 4-16 | 0 |

### DOMINO'S-DEILD KVENNA

**SNÆFELL - KR 60-64**
**KEFLAVÍK - KR 70-48**
**Keflavík:** Sara Rún Hinriksdóttir 14/5 stolnir, Bryndís Guðmundsdóttir 14/11 fráköst.

**Njarðvík:** Jasmine Beverly 21/11 fráköst, Sara Dögg Margeirsdóttir 9.

**GRINDAVÍK - HAMAR 57-73**
**Grindavík:** Lauren Oosdyke 25/21 fráköst, Jóhanna Rún Styrmisdóttir 10, Ingibjörg Jakobsdóttir 9/5 stoðsendingar, María Ben Erlingsdóttir 9/15 fráköst.

**Hamar:** Marín Laufey Davíðsdóttir 20/18 fráköst, Di'Amber Johnson 20 Fanney Guðmundsdóttir 17.

**HAUKAR - VALUR 63-51**
**Haukar:** Lele Hardy 18/22 fráköst/9 stoðsendingar, Gunnhildur Gunnarsdóttir 15/5 fráköst.

**Valur:** Kristrún Sigurjónsdóttir 17, Jaleesa Butler 10/14 fráköst.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 12 | 10 | 2 | 920-843 | 20 |
| Snæfell | 12 | 9 | 3 | 931-788 | 18 |
| Haukar | 12 | 8 | 4 | 936-853 | 16 |
| Hamar | 12 | 5 | 7 | 850-877 | 10 |
| Grindavík | 12 | 5 | 7 | 839-901 | 10 |
| Valur | 12 | 5 | 7 | 854-875 | 10 |
| KR | 12 | 4 | 8 | 817-863 | 8 |
| Njarðvík | 12 | 2 | 10 | 802-949 | 4 |

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

# Engir stjörnustælar í slagnum um treyju fimmtán

Pavel Ermolinskij og Martin Hermannsson vilja báðir vera númer fimmtán hjá karlaliði KR í Dominos-deildinni en sættust á skemmtilega lausn. Þeir þurfa að skipta um treyju eftir hvern tapleik.

**KÖRFUBOLTI** Tapleikur KR í Ljónagryfjunni í Powerade-bikarnum markaði viss tímamót innan KR-liðsins. Þetta er eina tap liðsins í deild eða bikar í vetur og eftir þennan leik fékk Martin Hermannsson að klæðast treyjunni „sinni" á ný.

Pavel Ermolinskij kvaddi KR fyrir tveimur árum, þá sem tvöfaldur meistari og besti leikmaður ársins. Martin Hermannsson fékk mun stærra hlutverk í liðinu og treyju númer fimmtán þegar Pavel fór út í atvinnumennsku. Þegar Pavel snéri aftur í KR í haust vandaðist hins vegar málið. Bæði Pavel og Martin vildu vera í treyju númer fimmtán.

„Það var komin upp smá pattstaða þarna en í staðinn fyrir að fara í eitthvað hart þá ákváðum við bara að komast að þessari niðurstöðu," segir Pavel Ermolinskij. Niðurstaðan var að Pavel, sá eldri og reyndari, byrjaði leiktíðina í fimmtán en þeir þyrftu síðan að skipta um treyjur við hvern tapleik.



**TREYJAN SEM ALLT ÞETTA SNÝST UM** Martin Hermannsson og Pavel Ermolinskij sjást hér saman með KR-treyjuna sem þeir vilja báðir spila í. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Báðir hjátrúarfullir

„Pavel var mjög sanngjarn. Ég var ánægður með það. Hann tók enga stjörnustæla á þetta og nýtti sér aldur eða landsleiki. Við erum báðir nett hjátrúarfullir og viljum báðir vera númer fimmtán. Ég held að þetta sé besta lausnin," segir Martin.

Martin hefur verið frábær síðan hann komst í sitt númer og KR-ingar hafa unnið síðustu fjóra leiki sína. „Ég hef alltaf verið númer fimmtán, upp alla yngri flokka og í flestum landsleikjum. Pabbi var alltaf númer fimmtán og það er aðalástæðan fyrir því að ég spila í fimmtán. Fimmtán er einhvern veginn bara partur af manni," segir Martin. Hann er með 22,3 stig og 4,3 stoðsendingar að meðaltali í leik síðan hann komst í „réttu" treyjuna.

Alexander Ermolinskij, faðir Pavels, spilaði lengstum í númer níu, treyjunni sem Pavel spilar í eftir tapleikinn í Njarðvík.

### Búinn að vinna fyrir henni

„Ef strákurinn væri ekki að standa sig þá væri ég löngu búinn að kippa honum úr treyjunni. Hann er búinn að vinna fyrir henni og meira en það," segir Pavel en það er samt morgunljóst að Pavel vill vera númer fimmtán frekar en í treyju númer níu.

Pavel hrósar Martin fyrir frammistöðuna. „Hann er orðinn hörkugóður körfuboltamaður og er búinn að vera frábær fyrir okkur í vetur. Vonandi heldur hann svona áfram," segir Pavel og það er einkenni á KR-liðinu hversu margir skila til liðsins.

„Við þurfum ekki einhverja 30 stiga menn þótt það sé meiri líkur en minni á því að leikmenn í KR-liðinu eigi eftir að eiga súperdag. Við pössum upp á það að vera ekki að setja þá pressu á einn eða tvo leikmenn heldur leyfa þessu að ráðast. Ég gæti spilað eigingjarnari bolta en það liggur í augum uppi að það myndi bara gera þetta lið verra," segir Pavel.

„Það verður aldrei sami maðurinn stigahæstur í þessu liði leik eftir leik. Við getum allir átt stórleiki og allir hitt á vondan dag. Einhver annar þarf þá að stíga fram," segir Martin.

KR-ingar eru stoltir af því hversu margir uppaldir KR-ingar eru í liðinu í dag. „Ég finn rosalega mikinn mun á því frá því í fyrra þegar við vorum með tvo Kana í byrjunarliðinu. Maður finnur KR-hjartað og KR-egóið í leikmönnum. Ég fer líka inn í hvern einasta leik stoltur af því að vera í KR-treyjunni," segir Martin.

Pavel er efstur í KR-liðinu í fráköstum og stoðsendingum en Martin er stigahæsti leikmaður liðsins og annar í stoðsendingum.

„Ég reyni bara að gefa liðinu það sem það þarf hverju sinni. Ég er ekki að setja einhverja pressu á sjálfan mig að vera með einhverja fáránlega leiki eða fáránlegar tölur. Ég veit að ég á þátt í velgengni liðsins en reyni að laga mig að því sem þarf í hverjum leik," segir Pavel.

### Maður sem kann allt

Martin er ánægður með Pavel. „Pavel er náttúrulega gríðarlegur liðsstyrkur. Maður sem kann allt í þessum bransa og gerir menn í kringum sig betri. Virkilega þægilegt og gott að spila með honum. Hann opnar mikið fyrir aðra og er með hrikalega góðar sendingar," segir Martin.

Martin hefur tekist að vinna sér sæti í byrjunarliðinu og landsliðsmaðurinn Brynjar Þór Björnsson þarf að sætta sig við það að byrja á bekknum. „Það er hrikalega sterkt fyrir okkur að eiga Brynjar á bekknum. Það heldur manni á tánum vitandi að hann er á bekknum. Maður þarf að gefa sig allan í þetta," segir Martin og það eru fleiri ungir leikmenn að banka á dyrnar í KR-liðinu.

„Ef þú ert nógu góður eins og Martin og fleiri strákar í KR þá áttu eftir að fá að spila," sagði Pavel og hann og reyndari leikenn liðsins vita vel að þeir mega ekkert slaka á. „Þeir eru nú þegar búnir að taka treyjurnar af okkur," segir Pavel í léttum tón.

ooj@frettabladid.is



### TREYJUTÖLFRÆÐI MARTINS

| Í treyju 9 (3 leikir) | | Í treyju 15 (4 leikir) |
|---|---|---|
| 14,3 | Stig í leik | 22,3 |
| 2,7 | Fráköst í leik | 3,8 |
| 4,0 | Stoðsendingar í leik | 4,3 |
| 15,3 | Framlag í leik | 24,3 |

### TREYJUTÖLFRÆÐI PAVELS

| Í treyju 9 (4 leikir) | | Í treyju 15 (4 leikir) |
|---|---|---|
| 11,3 | Stig í leik | 10,8 |
| 11,5 | Fráköst í leik | 13,3 |
| 5,0 | Stoðsendingar í leik | 8,3 |
| 19,3 | Framlag í leik | 23,3 |



# KitchenAid® JÓLATILBOÐ



Vélin fæst í mörgum litum - Verð frá kr. 84.990

KitchenAid® FOR THE WAY IT'S MADE.®





JÓLATILBOÐ! Öllum KitchenAid® **Artisan** hrærivélum fylgir fimm stykkja áhaldasett ásamt matreiðslubók á íslensku.

# Saeco JÓLATILBOÐ




CERTIFIED BY CENTRO STUDI ASSAGGIATORI ITALIAN TASTERS



Yfir 6.000 mögulegar kaffiblöndur. Ítalska hefðin um ferðalag baunarinnar í bollan hefur verið endurtúlkuð af Saeco. Komdu við og bragðaðu á hágæða kaffi sniðnu að þínum þörfum.

Saeco

*Crafted by Coffee Lovers*

caffè KIMBO

*Saeco vélarnar fást í mörgum gerðum. Verð frá kr. 69.990.*

*1 kíló af ítölskum Kimbo Extra Cream kaffibaunum fylgir með hverri Saeco vél til jóla.*

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## ÞEIR TÍU LEIKMENN ÍSLANDS SEM LÉKU FLESTAR MÍNÚTUR Í UNDANKEPPNI HM 2014

**➔ Ísland spilaði 12 leiki í undankeppni HM í Brasilíu, 10 í riðlakeppni og 2 í umspili, alls 1.080 mínútur**




Birkir Bjarnason | Hannes Þór Halldórsson | Ragnar Sigurðsson | Gylfi Þór Sigurðsson | Ari Freyr Skúlason | Aron Einar Gunnarsson | Kári Árnason | Birkir Már Sævarsson | Jóhann Berg Guðmundsson | Kolbeinn Sigþórsson

# Þrír voru inná alla undankeppnina

Fréttablaðið gerir í dag upp frammistöðu karlalandsliðsins í fótbolta í undankeppni HM 2014 sem lauk á dögunum. Síðustu fimmtán mánuði endurskrifuðu íslensku strákarnir og Lars Lagerbäck sögu íslenska landsliðsins í undankeppni heimsmeistarakeppninnar.

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið rétt missti af heimsmetinu þegar liðið tapað seinni umspilsleiknum á móti Króatíu á dögunum. Strákarnir héldu út í ellefu lotur af tólf ef við notum hnefaleikalíkingamál landsliðsþjálfaranna Lars Lagerbäck og Heimis Hallgrímssonar og undankeppni HM 2014 í Brasilíu er nú orðin sú sem aðrar undankeppnir verða hér eftir miðaðar við.

Íslenska landsliðið er að stærstum hluta skipað ungum og hungruðum leikmönnum sem mættu fullir sjálfstraust til leiks að þessu sinni og ætla sér ekki minni afrek í næstu framtíð. Það verður þó örugglega ekki auðvelt verk að gera betur en undanfarna fimmtán mánuði.

Þrír leikmenn íslenska liðsins voru inná allan tímann, það er spiluðu allar 90 mínúturnar í öllum tólf leikjunum. Þetta voru markvörðurinn Hannes Þór Halldórsson, miðvörðurinn Ragnar Sigurðsson og miðjumaðurinn Birkir Bjarnason. Aðrir leikmenn spiluðu minna þar sem leikbönn eða meiðsli áttu mikinn þátt í því að þeir gátu ekki verið með í öllum leikjunum.

Fréttablaðið gerir upp undankeppnina á þessari síðu og þar má finna nokkrar útnefningar blaðamanna íþróttadeildarinnar fyrir þá leikmenn sem stóðu upp úr í þessari einstöku undankeppni.

ooj@frettabladid.is



**SAUTJÁN MÖRK** Gylfi Þór Sigurðsson fagnar marki Kolbeins Sigþórssonar með Kolbeini, Jóhanni Berg Guðmundssyni og Eiði Smára Guðjohnsen. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



### ➔ Besti leikmaðurinn

Gylfi Þór Sigurðsson átti frábæra undankeppni með íslenska landsliðinu. Hann var markahæsti maður liðsins (ásamt Kolbeini), hann var einnig sá sem gaf flestar stoðsendingar, enginn var með hærri meðaleinkunn í Fréttablaðinu og enginn leikmaður liðsins skoraði fleiri sigurmörk liðsins í keppninni (tvö í útileikjum á móti bæði Albaníu og Slóveníu). Gylfi kom með beinum hætti að átta mörkum íslenska liðsins í undankeppninni, skoraði fjögur og lagði upp fjögur. Hann fékk níu í einkunn hjá Fréttablaðinu í þremur leikjum, á móti Slóveníu (úti), á móti Sviss (úti) og Albaníu (heima).

### ➔ Fallegasta markið

Gylfi Þór Sigurðsson skoraði magnað mark beint úr aukaspyrnu í útileiknum á móti Slóveníu í mars. Mörkin hans Jóhanns Berg í Sviss eða sigurmark Gylfa beint úr aukaspyrnu í dembunni í Albaníu gerðu öll tilkall til þess að vera fallegasta markið. Staðreyndin er hins vegar sú að það er ekki hægt að skora öllu flottara mark en það sem Gylfi skoraði beint úr aukaspyrnu af 30 metra færi á Stozice-leikvanginum í Ljubljana. Gylfi hitti boltann frábærlega og hann small af slánni og inn efst í markhorninu, algjörlega óverjandi fyrir markvörð Slóvena.



### ➔ Besta frammistaðan

Jóhann Berg Guðmundsson skoraði stórkostlega þrennu í 4-4 jafnteflinu á móti Sviss í Bern í september. Hvaða knattspyrnumaður sem er hefði getað sprungið úr stolti yfir hverju þeirra marka hvað þá að skora þau öll í sama leiknum. Jóhann Berg innsiglaði þrennuna og tryggði íslenska liðinu endurkomujafntefli með því að skora með glæsilegu langskoti í uppbótartíma leiksins. Jóhann Berg er fyrsti og eini íslenski landsliðsmaðurinn sem nær að skora þrjú mörk í sama leik í undankeppni stórmóts.



### ➔ Óvæntasta útspilið

Ari Freyr Skúlason er sá leikmaður íslenska liðsins sem að okkar mati bætti sig mest í keppninni en Ari Freyr eignaði sér vinstri bakvarðarstöðuna þegar leið á undankeppnina. Ari Freyr var þekktari sem miðjumaður með félagsliðum sínum en Lars Lagerbäck veðjaði á að skella honum í vinstri bakvörðinn með góðum árangri. Ari Freyr sýndi það í umspilsleikjunum við Króata hversu mikið hann hefur þroskast í þessari stöðu.

### ➔ Spútnikstjarnan

Það vissu örugglega ekki margir hver Birkir Bjarnason var í upphafi undankeppninnar en hann endaði hana sem einn af markahæstu leikmönnum liðsins og eini miðju- og sóknarmaðurinn sem var inni á vellinum alla keppnina. Birkir átti reyndar ekki góða leiki í umspilinu við Króata en var fram að því búinn að sanna sig sem lykilmaður liðsins. Vinnusemin og dugnaðurinn voru engu lík en jafnframt var hann einn af þeim leikmönnum liðsins sem reyndu alltaf að koma boltanum í spil.

### ➔ Mikilvægasti leikmaðurinn

Íslenska landsliðið tapaði aðeins einum leik í undankeppninni með Kolbein Sigþórsson innanborðs og það var heimaleikur á móti Slóveníu þar sem liðið var án Gylfa Þórs Sigurðssonar (í leikbanni) og missti fyrirliðann Aron Einar Gunnarsson af velli í upphafi seinni hálfleiks í stöðunni 2-2. Kolbeinn missti af upphafi keppninnar sem og síðasta einum og hálfa leiknum vegna ökklameiðslanna sem hann varð fyrir rétt fyrir hálfleik í fyrri umspilsleiknum við Króata. Ísland vann þrjá og gerði þrjú jafntefli í þessum sjö leikjum hans og Kolbeinn skoraði í fjórum síðustu leikjunum þar sem hann tók þátt í seinni hálfleik.

## HEILAGA ÞRENNINGIN Í ÍSLENSKA LIÐINU

Mikilvægi þriggja leikmanna íslenska landsliðsins leynir sér ekki í tölfræði liðsins í undankeppni HM 2014. Þegar leiðtoginn Aron Einar Gunnarsson, leikstjórinn Gylfi Þór Sigurðsson og markamaskínan Kolbeinn Sigþórsson voru inni á vellinum var sóknarleikur íslenska liðsins í túrbó-gírnum. Þeir félagar voru allir inná í 535 mínútur í leikjunum tólf í undankeppninni og þann kafla vann íslenska liðið 13-9. Þær 545 mínútur sem vantaði einhvern þeirra fóru hins vegar 4-8 fyrir mótherjanna. Íslenska liðið skoraði þannig á 41,2 mínútna fresti með Aron, Gylfa og Kolbein alla á vellinum en það liðu 136,3 mínútur á milli marka þann hluta undankeppninnar þegar einhvern vantaði í hina heilögu þrenningu íslenska liðsins.

## Metin sem féllu í undankeppninni

| | |
|---|---|
| Besti árangur í undankeppni | 2. sæti og sæti í umspili |
| Flestir sigrar í einni undankeppni | 5 sigrar í 10 leikjum |
| Flest stig í einni undankeppni | 17 stig í 10 leikjum |
| Flest mörk í einni undankeppni | 17 mörk í 10 leikjum |
| Flestir leikir í röð í undankeppni HM án taps | 5 leikir í röð án taps (2 sigrar, 3 jafntefli) |
| Skorað í flestum leikjum í röð í undankeppni HM | 4 leikir Kolbeinn Sigþórsson |
| Flest mörk í einum leik í undankeppni | 3 - Jóhann Berg Guðmundsson á móti Sviss |

# Panasonic

## NEO PLASMA SJÓNVARP




**Panasonic TXP50ST60**

**299.990**

VERÐ ÁÐUR **329.990**

## Margverðlaunaður NeoPlasma skjár

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum.**

**2500Hz Focused Field Drive**
Öll myndhreyfing er óaðfinnaleg. Vreal 3D Pro örgjöfinn tryggir alla litaaðgreiningu og með Infinite Black Pro filter verður myndin bjartari, skýrari og þú upplifir meiri myndgæði. High Contrast filter tækni fjarlægir óæskilegt ljós úr skjánum.

**SMART VIERA**
Smart VIERA færir þér Internetið á stóran skjá beint heim í stofu og gerir þér kleift að njóta efnis á mörgum formum ásamt því að halda sambandi við vini á Facebook eða Twitter og þú getur horft á sjónvarpið um leið. Með my Home Screen geta allir stillt viðmót sjónvarpsins eins og hentar.

**Swipe & Share 2.0**
Stjórnaðu sjónvarpinu með snjallsímanum þínum óháð því hvort hann byggir á Android eða Apple stýrikerfi. Viera Remote App gefur þér möguleika á að senda margmiðlunarefni úr símanum þínum yfir í VIERA sjónvarpið þitt.

**Tengimöguleikar**
Margmiðlunarspilari til að skoða og spila allt margmiðlunarefni ásamt Wi-Fi þráðlausum móttakara. Hægt er að skrifa og teikna á skjáinn með snertipenna sem fylgir. Allir helstu tengimöguleikar s.s. 2x USB, 3x HDMI tengi ásamt SD kortalesara.

2500Hz ffd Focused Field Drive · VIERA Connect · Wireless LAN built-in · WEB CONTENT OPTIMIZER · my Home Screen · TOUCH PEN ABC

| TÆKIÐ FÆST EINNIG Í ÞESSUM STÆRÐUM | |
|---|---|
| 42“ KR. 219.990 | ÁÐUR 249.990 |
| 55“ KR. 379.990 | ÁÐUR 429.990 |

# Sjónvarpsmiðstöðin

SM.IS

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.15
**Doktor**



Sjónvarpskonan Telma Tómasson og læknirinn Teitur Guðmundsson leiða saman hesta sína í nýjum og fróðlegum þáttum, þar sem helstu veikindum, kvillum og sjúkdómum sem hrjá nútímamanninn eru gerð skil á áhugaverðan og fróðlegan hátt.



### Stúdíó A
**SJÓNVARPIÐ KL 21.20** Íslenskar hljómsveitir og tónlistarmenn flytja ný lög í myndveri RÚV. Gestir í þessum þætti verða Björgvin Halldórsson, Mammút, 1860 og Björn Thoroddsen. Umsjónarmaður er Ólafur Páll Gunnarsson.



### The X-Factor US
**STÖÐ 3 KL. 19.40** Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni, ásamt Demi Lovato, Kelly Rowland og Paulina Rubio.



### Anchorman. Legend of Ron Burgundy
**SKJÁR EINN KL. 22.00** Frábær gamanmynd með meistara Will Ferrell í aðalhlutverki. Fréttamaðurinn Ron Burgundy lendir í vandræðum í kjölfar þess að hann segir hræðilega hluti í beinni útsendingu.

### X-ið 977 kl. 07.00
**Harmageddon**

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 7-10. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.







**Frábært fjölskylduævintýri**

**eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund Brynjólfsson**
**Tónlist eftir Villa Naglbít!**

**Sýningardagar**

ath. síðustu sýningar!

Sun: 8.des. kl. 13
Sun: 28.des. kl. 13

tilvalið í jólapakkann!!

Miðasala á midi.is og í miðasölu Tjarnarbíós í síma 527-2102
Miðasala er opin frá 15-18 frá þriðjudegi til föstudags, auk klukkutíma fyrir viðburð.


## STÖÐ 2

**06.20** **The Middle**
**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Ellen**
**08.55** **Malcolm In The Middle**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **60 mínútur**
**11.00** **Hell's Kitchen**
**11.45** **Touch**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Fame**
**15.00** **The O.C**
**15.40** **Hundagengið**
**16.00** **Ofurhetjusérsveitin**
**16.25** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.16** **Veður**
**19.25** **Stelpurnar**
**19.50** **The Michael J. Fox Show** *(4:22)*
**20.15** **Doktor**
**20.55** **Helgi syngur Hauk** Skemmtileg mynd þar sem fylgst er með upptökum á hljóðdisknum Helgi syngur Hauk þar sem Helgi Björnsson syngur margar helstu perlurnar sem Haukur Morthens söng á árum áður.
**21.25** **The Blacklist** *(9:13)*
**22.10** **Person of Interest** *(16:22)*
**22.55** **NCIS. Los Angeles** *(15:24)*
**23.40** **Óupplýst lögreglumál** Vandaðir íslenskir þættir í umsjón Helgu Arnardóttur.
**00.05** **Spaugstofan**
**00.35** **Homeland**
**01.25** **Boardwalk Empire**
**02.20** **My Soul To Take**
**04.05** **Sea of Love**
**05.55** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Meistaradeildin - meistaramörk**
**10.25** **Meistaradeild Evrópu. Bayer Leverkusen - Man. Utd.**
**12.10** **Meistaradeild Evrópu. Juventus - FC Kaupmannahöfn**
**13.55** **Meistaradeild Evrópu. Real Madrid - Galatasaray**
**15.40** **Meistaradeild Evrópu. CSKA Moscow - Bayern Munchen**
**17.25** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**17.55** **AZ Alkmaar - Maccabi Haifa** Bein útsending
**20.00** **Swansea - Valencia** Bein útsending
**22.05** **Tromsø - Tottenham**
**23.50** **AZ Alkmaar - Maccabi Haifa**
**01.35** **Swansea - Valencia**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30** **Messan**
**16.40** **Man. City - Tottenham**
**18.20** **Newcastle - Norwich**
**20.00** **Premier League World**
**20.30** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**21.25** **Football League Show**
**21.55** **Arsenal - Southampton**
**23.35** **Cardiff - Man. Utd.**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **20.30** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn

## STÖÐ 3

**16.50** **Top 20 Funniest**
**17.30** **Smash**
**18.15** **Super Fun Night**
**18.35** **Game tíví**
**19.00** **Bunheads** *(12:18)*
**19.40** **The X-Factor US** *(19:26)*
**21.05** **Shameless** *(12:12)*
**21.55** **The Tudors** *(2:10)* F
**22.50** **Grimm** *(2:22)*
**23.35** **Strike Back** *(1:10)* Önnur þáttaröðin sem byggð er á samnefndri sögu eftir fyrrverandi sérsveitarmann í breska hernum.
**00.25** **Bunheads**
**01.05** **The X-Factor US**
**02.30** **Shameless**
**03.20** **The Tudors**
**04.15** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Lukku láki **07.24** Ofurhundurinn Krypto **07.45** UKI **07.50** Hvellur keppnisbíll **08.00** Dóra könnuður **08.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.48** Latibær **10.00** Ævintýri Tinna **10.22** Ávaxtakarfan **10.35** Strumparnir **11.00** Lukku láki **11.24** Ofurhundurinn Krypto **11.45** UKI **11.50** Hvellur keppnisbíll **12.00** Dóra könnuður **12.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.48** Latibær **14.00** Ævintýri Tinna **14.22** Ávaxtakarfan **14.35** Strumparnir **15.00** Lukku láki **15.24** Ofurhundurinn Krypto **15.45** UKI **15.50** Hvellur keppnisbíll **16.00** Dóra könnuður **16.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.48** Latibær **18.00** Ævintýri Tinna **18.22** Ávaxtakarfan **18.35** Strumparnir **19.00** Latabæjarhátíð í Höllinni **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men**
**20.00** **Auglýsingahlé Simma og Jóa** *(5:9)*
**20.35** **Tekinn** Tryggvi Guðmundsson
**21.00** **Svínasúpan**
**21.25** **The Drew Carey Show** *(17:24)*
**21.50** **Curb Your Enthusiasm** *(2:10)*
**22.20** **Twenty Four** *(11:24)* J
**23.05** **Game of Thrones** *(10:10)*
**00.00** **A Touch of Frost**
**01.45** **Auglýsingahlé Simma og Jóa**
**02.15** **Tekinn** Tryggvi Guðmundsson
**02.40** **Svínasúpan**
**03.05** **The Drew Carey Show**
**03.30** **Curb Your Enthusiasm**
**04.00** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.35** **Joyful Noise**
**13.30** **Nanny McPhee**
**15.10** **Everything Must Go**
**16.45** **Joyful Noise**
**18.40** **Nanny McPhee**
**20.20** **Everything Must Go**
**22.00** **Red**
**23.50** **Kick Ass**
**01.50** **Blitz**
**03.30** **Red**

## RÚV

**16.20** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.10** **Kóalabræður**
**17.20** **Skrípin**
**17.25** **Stundin okkar**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **Kiljan**
**18.45** **Íþróttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.05** **Villt og grænt** *(5:8) (Skarfur)* Úlfar Finnbjörnsson er einn þekktasti villibráðarkokkur landsins og í nýrri þáttaröð sýnir hann áhorfendum hvernig best er að elda og nýta villibráð á sem fjölbreyttastan og bestan máta.
**20.35** **Innsæi** *(6:10) (Perception)*
**21.20** **Stúdíó A** *(4:6)* Íslenskar hljómsveitir og tónlistarmenn flytja ný lög í myndveri RÚV. Gestir í þessum þætti verða Björgvin Halldórsson, Mammút, 1860 og Björn Thoroddsen. Umsjónarmaður er Ólafur Páll Gunnarsson og upptöku stjórnar Helgi Jóhannesson.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Ólga í undirheimum** *(3:4) (The Take)* Bresk spennuþáttaröð í fjórum hlutum. Þetta er fjölskyldusaga úr undirheimum London sem gerist á tíu ára tímabili, frá því að Thatcherisminn reis hæst og þangað til Blair og félagar í Verkamannaflokknum blésu til sóknar.
**23.05** **Downton Abbey** *(5:9)*
**23.55** **Kastljós**
**00.20** **Fréttir**
**00.30** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr.Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**14.40** **The Voice**
**17.10** **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**17.40** **Dr.Phil**
**18.20** **America's Next Top Model**
**19.05** **America's Funniest Home Videos**
**19.30** **Cheers**
**19.55** **Solsidan** *(6:10)*
**20.20** **Happy Endings** *(14:22)* Bandarískir gamanþættir um vinahóp sem einhvernveginn tekst alltaf að koma sér í klandur. Smáskilaboð eru stundum engin smá vandamál, einkum þegar kemur að Penny og Max.
**20.45** **Parks & Recreation** *(14:22)*
**21.10** **Scandal** *(2:7)* Vandaðir þættir sem fjalla um yfirhylmingu á æðstu stöðum í Washington. Olivia er aðalpersóna þáttanna og starfaði áður sem fjölmiðlafulltrúi í Hvíta húsinu.
**22.00** **Anchorman. Legend of Ron Burgundy**
**23.35** **Under the Dome**
**00.25** **Excused**
**00.50** **In Plain Sight**
**01.40** **Green Room With Paul Provenza**
**02.10** **The Client List**
**02.55** **Blue Bloods**
**03.45** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **10.00** World Golf Championship 2013 **14.00** World Golf Championship 2013 **18.00** World Golf Championship 2013 **22.00** World Golf Championship 2013 **02.00** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun






FYLGSTU MEÐ ÞVÍ NÝJASTA Á FACEBOOK OG INSTAGRAM

facebook.com/veromodaiceland @veromodaiceland

VERO MODA®

Krinlunni og Smáralind

## BESTI BITINN



**Þeir staðir sem ég fer nú oftast á eru í beinni línu frá vinnustofunni, Lemon, Gló og svo auðvitað Snaps. Það er besti staðurinn til að hitta gott fólk, plotta heimsyfirráð yfir hvítvíni og Confit de Canard.**

Ási Már Friðriksson, fatahönnuður

# Börn, kynlíf og íslensk tunga

Hugleikur Dagsson heldur eitt stærsta uppistand á Íslandi í Háskólabíói.

„Þetta verður mjög leiðinlegt. Fólk mun örugglega ganga út eftir tíu mínútur," segir spéfuglinn Hugleikur Dagsson um uppistandið sitt Djókaín í Háskólabíói á föstudaginn. „Nei, ég er að sjálfsögðu að grínast. Þetta verður mjög gaman. Ég tækla allt milli himins og jarðar, tala um kynlíf, hið íslenska tungumál, barneignir og allt mögulegt."

Uppistandið verður tekið upp en Reykjavík Studios sér um framleiðsluna. Afraksturinn verður síðan sýndur á Stöð 2.

„Þetta uppistand er samansafn af því efni sem ég hef flutt síðustu þrjú árin. Ég ætla að klára þetta og halda næst uppistand þegar ég verð búinn að semja nýtt efni," segir Hugleikur sem treður líka upp í Hofi á Akureyri 19. desember.

„Ég held að þetta sé stærsta uppistand sem íslenskur uppistandari hefur haldið einn á Íslandi. Ég er í raun ekkert stressaður enda of upptekinn til að spá í það. Ég er búinn að vera að fínstilla þetta efni fram að þessu þannig að þetta verður frábært."

Aðspurður hvort framhald verði

**Ef fólk þarf að bíða of lengi eftir þáttunum er það ríkisstjórninni að kenna.**

á grínþáttunum Hulla sem sýndir voru á RÚV segir Hugleikur það tiltölulega öruggt.

„Ég held að það sé alls staðar áhugi á að það komi meira. Framleiðsluferlið er hægt og eiginlega hægara núna vegna ríkisstjórnarinnar. Ef fólk þarf að bíða of lengi eftir þáttunum er það ríkisstjórninni að kenna." **- lkg**



**EKKERT STRESSAÐUR** Hugleikur hefur ekki tíma fyrir stress. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hjaltalín spilar í Eldborg

Frumsýnir nýtt myndband við lagið I Feel You á Vísi í dag.

Hljómsveitin Hjaltalín tilkynnti í gær að hún héldi tónleika í Eldborgarsal Hörpu á næsta ári. Sveitin forsýndi nýtt myndband við lagið I Feel You í Hörpu í gærkvöldi. Myndbandið verður frumsýnt á Íslandi á visir.is í dag.

„Hjaltalín verður þá í raun fyrsta hljómsveitin af yngri kynslóðinni sem heldur sína eigin tónleika þar," segir Steinþór Helgi Arnsteinsson, umboðsmaður sveitarinnar. „Við viljum vera með smá „statement" og hlökkum mikið til að taka þetta skref," segir Steinþór og bætir við að fleiri valmöguleikar fyrir ungt fólk til að fara á tónleika í Hörpu hafi vantað, sérstaklega stærri einstaka viðburði, þó svo að hátíðir á borð við Airwaves og Sónar hafi þjónað þessum kúnnahópi frábærlega. „Við ætlum þess vegna að stilla miðaverði í hóf en samt að leggja allt í þetta varðandi hljóð, ljós



**LEGGJA ALLT Í TÓNLEIKANA** Hjaltalín verður með tónleika í Hörpu á næsta ári. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

og ætlum að frumflytja nýtt efni og fleira til," segir Steinþór jafnframt.

Miðasala hefst á hádegi á föstudag. „Þetta verða stærstu tónleikar sem við höfum haldið og auðvitað erum við strax orðin hrikalega spennt," segir Steinþór að lokum. **- ósk**

# Táknin notuð til að skreyta múmíur

Helga Gvuðrún Friðriksdóttir og Orri Finnbogason kynna nýju skartgripalínuna Scarab á Loftinu í kvöld. Innblástur í línuna er sóttur til Forn-Egypta og faraóa.

„Í nýju skartgripalínunni Scarab er sóttur innblástur til skordýra," segir Helga Gvuðrún Friðriksdóttir, sem kynnir nýja skartgripalínu á Loftinu í Austurstræti í kvöld klukkan hálf níu, ásamt Orra Finnbogasyni. Saman skipa þau hönnunarteymið Orri Finn.

Þau Helga og Orri halda áfram að vinna með tákn, líkt og þau gerðu með síðustu línu sinni, Akkeri. „Þetta tákn er forn-egypskt. Við erum að líkja eftir bjöllu af ýflaætt [scarab], en það eru bjöllur sem lifa í heitari löndum og í eins konar sandhólum. Forn-Egyptar heilluðust mjög af bjöllunum og töldu þær heilagar, aðallega vegna þess að þær sýndu af sér hegðun sem var hliðstæð hegðun sólguðsins," útskýrir Helga.

„Sólguðinn ýtti sólinni inn í sjóndeildarhringinn á hverjum morgni og þessi bjalla ýtti moldarkúlu á undan sér. Inni í kúlunni var að finna matarforða dýranna og svo fylltu bjöllurnar hana af eggjum og afkvæmi þeirra skriðu svo út úr henni," heldur Helga áfram.

„Þannig að táknið nær yfir hringrásina, endurfæðingu og umbreytingu."

Orra og Helgu fannst heillandi að heiðra þessi tákn á sama hátt og Egyptarnir gerðu. „Okkur finnst líka svo skemmtilegt að þetta form, og þessi bjalla, var verndargripur. Formið var skorið út í steina og svo jafnvel grafið með faraóum og múmíur skreyttar með þessu," segir Helga.

Helga hefur lengi heillast af verndargripnum. „Ég fékk svona stein að gjöf þegar ég var barn. Ég gekk alltaf með hann og var eiginlega með hann á heilanum," segir Helga létt í bragði. Sýningin í kvöld verður í formi hefðbundinnar tískusýningar, þar sem koma fram tíu atvinnufyrirsætur, fimm af hvoru kyni.



**ORRI FINN** Þau Helga Gvuðrún Friðriksdóttir og Orri Finnbogason skipa saman hönnunarteymið Orri Finn. Þau kynna nýja skartgripalínu á Loftinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við leggjum áherslu á að skartgripirnir okkar eru fyrir bæði kynin," segir Helga, en tónlistarmaðurinn Biggi Bix fer með tónlistarstjórn á sýningunni. „Hann er búinn að semja eins konar skordýrahljóðverk sem verður flutt meðan á sýningunni stendur," bætir Helga við.

**olof@frettabladid.is**



**HEILÖG TÁKN** Forn-Egyptar heilluðust mjög af bjöllum af ýflakyni og töldu þær heilagar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


HLUSTAÐ EFTIR JÓN ÓTTAR ÓLAFSSON

„RÍGHELDUR"



„Nýr höfundur hefur stigið fram í sviðsljósið með sérlega raunsæja og kraftmikla glæpasögu."
ÞK, Bokmenntir.is




„eftirhrunstryllir af bestu sort ... lesandinn nötraði síðustu hundrað síðurnar."
HALLGRÍMUR HELGASON

Útgáfuréttur seldur til Noregs og Frakklands

DYNAMO REYKJAVÍK

„Hlustað er spennandi, rígheldur og fléttan gengur smekklega upp."
ÞÞ, FRÉTTATÍMINN, 22. NÓV.

BJARTUR


# Vinnur með Samuel L. Jackson

Egill Björnsson rekur fyrirtækið T-Street og hefur unnið við stóra viðburði í London.

Egill Björnsson rekur viðburðafyrirtækið T-Street í London, sem er eins konar systurfélag Tjarnargötu, íslensku auglýsingastofunnar. Hann hefur starfað með Samuel L. Jackson og fyrir knattspyrnufélagið Chelsea.

„Samuel L. Jackson heldur golfmót til styrktar ýmsum góðgerðarsamtökum. Lokahnykkur mótsins er svo kvöldverður og skemmtun tengd honum. Við tökum kvöldið upp á myndband og sjáum um hljóðvinnu," segir Egill. Starfið með Chelsea snýst meðal annars um verðlaunaafhendingu sem sýnd er á Chelsea TV, sjónvarpsstöð félagsins.

„Við sjáum um grafíska vinnu í útsendingunni og veitum ýmiss konar tæknilegan stuðning. Annars störfum við mikið á Stamford Bridge [heimavelli Chelsea]. Þar eru alls kyns viðburðir og flottur tónleikastaður á neðstu hæðinni í eigu Romans Abramovich," segir Egill. Hann segir aðstöðuna þar vera frábæra. „Allar græjur þarna eru af bestu gerð, þarna hefur greinilega verið keypt inn það dýrasta og besta."

Samstarfsfélagar Egils í T-Street bera Jose Mourinho vel söguna. „Knattspyrnustjórar hafa auðvitað komið og farið hjá Chelsea undanfarin ár. En mér er sagt að Mourinho sé eini gæinn sem tekur í spaðann á almennum starfsmönnum," segir Egill.

Samhliða kvikmyndanáminu, sem var dýrt að hans sögn, aðstoðaði Egill fólk við uppsetningu á



**ÁSAMT JACKSON** Hér er Egill með Samuel L. Jackson á lokakvöldi golfmóts sem Jackson heldur.

viðburðum og ákvað að stofna fyrirtæki í tengslum við Tjarnargötu. Nóg er af verkefnum hjá Agli, en jólavertíðin er stór í London. „Jólin byrjuðu í nóvemberbyrjun hérna. Það verður nóg að gera alveg fram á jóladag," segir Egill. **- kak**

# Ruby Tuesday

BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

# THANKS GIVING

*Veísla*

28. NÓVEMBER TIL 1. DESEMBER

**RUBY TUESDAY BÝÐUR YKKUR VELKOMIN Í ÞAKKARGJÖRÐARVEISLU FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS**

HUNANGSGLJÁÐ KALKÚNABRINGA MEÐ EKTA AMERÍSKRI KALKÚNAFYLLINGU. BORIN FRAM MEÐ SÆTRI KARTÖFLUMÚS, SALVÍUSÓSU OG WALDORFSALATI.

FYRIR BÖRN 990.- / HÁDEGIS TILBOÐ 1990.- / VERÐ 2990.-

**BORÐAPANTANIR Í SÍMA 577-1300**

Tuborg JULEBRYG

SKIPHOLTI 19 | HÖFÐABAKKA 9

KJÖTBANKINN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fall er fararheill

Sjónvarpsþátturinn Á fullu gazi hóf göngu sína á þriðjudagskvöldið á Stöð 2 en umsjónarmenn eru þau **Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir** og Finnur Thorlacius. Sigríður Elva lenti í því óskemmtilega atviki daginn fyrir frumsýningu að Toyota Aygo-bifreið hennar bilaði en sjónvarpskonan knáa er mikil áhugamanneskja um bíla.



- lkg

### Annasöm vika hjá bræðrum

Það er í nægu að snúast hjá bræðrunum Dagsson. Hugleikur Dagsson frumsýnir Djókaín í Háskólabíói á föstudaginn, en meðal umfjöllunarefna Hugleiks í Djókaíni eru klámvæðingin, íslenska tungumálið, barneignir og hákarlar. Hugleikur fer með efni alveg frá því hann byrjaði í uppistandi og því úr nægu að moða. **Þormóður Dagsson**, bróðir Hugleiks, heldur síðan útgáfutónleika með hljómsveit sinni Tilbury í Hörpu á fimmtudaginn, þar sem nýjasta afurð sveitarinnar, Northern Comfort, verður kynnt en einnig verða eldri lög leikin í bland.



- ósk

## Mest lesið vísir

1 Starfsmönnum fækkað um 60 hjá RÚV – 39 sagt upp í dag
2 Hrafn stríðir erni
3 Búrhvalur sprakk í Færeyjum
4 Adolf Ingi meðal þeirra sem sagt er upp
5 Afsagaðir svínshausar á moskulóð í Sogamýri





